**ÞÓRA ÞORSTEINSDÓTTIR**

*Gærukollur í uppáhaldi*

Heimili Tíska Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS






**LOSTÆTI**

*Íslenskt eldhús og Matur 2006*

Sérblað um mat

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. mars 2006 — 88. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BARIST FYRIR BETRI KJÖRUM. NÍU HUNDRUÐ STARFSMENN DVALARHEIMILA FÓRU Í SETUVERKFALL Í GÆR. STARFSMENNIRNIR KREFJAST SÖMU LAUNA OG GREIDD ERU HJÁ REYKJAVÍKURBORG**. Mikill urgur er í starfsmönnunum og efndu þeir til baráttufunda í gær. Starfsstúlkan á myndinni vinnur í þvottahúsi Hrafnistu. Hún vill meira kaup. **Sjá síðu 10**

## Sigurður og Baldvin úr leik?



Valsararnir Sigurður Eggertsson og Baldvin Þorsteinsson leika væntanlega ekki fleiri leiki með Val á leiktíðinni. Sigurður er meiddur á hné en Baldvin er ekki laus við einkirningssóttina.

ÍÞRÓTTIR 58

## Óttinn við erlent fjármagn



Erlendri fjárfestingu fylgja hins vegar ítök erlendra fjárfesta með miklar kröfur um arðsemi, og einmitt þess vegna hafa Íslendingar eins og margar aðrar fyrrum nýlenduþjóðir reynt að bægja frá sér erlendri fjárfestingu og taka heldur lán til að mæta viðskiptahallanum.

Í DAG 30

## Nýr þáttur á Sirkus



Bak við böndin er nýr tónlistarþáttur sem fer í loftið á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Í honum fylgjast plötusnúðarnir Ellen og Erna með hljómsveitum landsins. Hugmyndin er komin frá þeim stelpum en þær brugðu á það ráð að fá Dóru Takefusa til liðs við sig.

FÓLK 39

## VEÐRIÐ Í DAG




**ER AÐ LÆGJA** - Í dag verða 10-15 m/s á Vestfjörðum en þar lægir smám saman. Annars staðar verða yfirleitt 5-10 m/s en þó verða leifar af allhvössum vindi sunnan Vatnajökuls. Éljagangur nyrðra en bjart syðra. Hiti 0-4 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Rannsaka ólöglegt veðmálafyrirtæki

**Sænskt leikja- og fjárhættuspilafyrirtæki hefur starfsemi og auglýsir í fjölmiðlum hér á landi þó að það sé bannað samkvæmt lögum. Dómsmálaráðuneytið er með málið í athugun og lögreglan er með það í rannsókn.**

**FJÁRHÆTTUSPIL** Leikja- og fjárhættuspilafyrirtækið Betsson.com, sem er meðal annars með fjárhættuspil á borð við póker á netinu, hefur brotið íslensk lög með starfsemi sinni og auglýsingum í fjölmiðlum hér á landi. Auglýsingarnar hafa birst í dagblöðum og á netsíðum að undanförnu.

Dómsmálaráðuneytið er að fara yfir málið en happdrætti njóta einkaleyfa á Íslandi. Grunnurinn fyrir því að happdrætti séu leyfð er að hagnaðurinn renni til góðgerðamála eins og til dæmis hjá Íslenskri getspá. Fjárhættuspil eru ekki leyfð hér á landi.

Betsson hefur ekki fengið leyfi til starfsemi hér á landi en fyrirtækið hefur happdrættisleyfi frá Möltu þar sem önnur lög gilda en hér á landi og á hinum Norðurlöndunum.

Lögreglan í Reykjavík er með starfsemi Betsson hér á landi til skoðunar. Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn segir að lögreglunni hafi borist ábendingar um auglýsingar Betsson.com síðustu daga og því sé málið í rannsókn.

Betsson.com er í eigu sænska veðmálafyrirtækisins Cherry Co. Félagið er skráð í kauphöllinni í Svíþjóð. Rúmlega 800 starfa hjá Cherry AB. Straumur-Burðarás hefur átt fjórðungshlut í félaginu í eitt ár.

Benedikt Gíslason, framkvæmdastjóri hjá Straumi-Burðarási, segir að félagið komi ekki að daglegum rekstri þess. „Við eigum bara hlutabréf í fyrirtæki sem á Betsson-vörumerkið,“ segir hann. Benedikt segir að „einhverjir Íslendingar“ hafi keypt „franchise“ fyrir Betsson á Íslandi og fengið leyfi til að reka síðuna hér á landi. Hvorki hafa fengist upplýsingar um hverjir þeir séu né hefur náðst í forsvarsmann félagsins síðustu daga, hvorki hérlendis, í Bretlandi né í Svíþjóð.

Betsson býður bæði upp á Netlengju, 1x2 og fjárhættuspil af ýmsum toga, til dæmis póker, á netinu. Bergsveinn Sampsted, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár, segir að Íslensk getspá hafi engin tengsl við sænska vefbankann. Með netinu hafi komið los á landamæri og happdrættisheimurinn hafi gjörbreyst. Nú reyni sumir að græða á svona starfsemi þvert á öll landamæri.

- ghs



**LITLA HAFMEYJAN** Með flutningi lengra út í höfnina fengi hún frekar frið fyrir fólki eins og þessum manni í gerfi Póseidons.

Kaupmannahöfn:

## Litla hafmeyjan kannski flutt

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Borgarstjórnin í Kaupmannahöfn íhugar nú að flytja Litlu hafmeyjuna um tvo metra út í höfnina, svo skemmdarvörgum og ferðamönnum verði erfiðara að komast að henni.

Sem kunnugt er hefur styttan oft orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum, en auk þess kvarta margir ferðamenn yfir því að ná ekki mynd af hafmeyjunni þar sem aðrir ferðamenn klifra látlaust á henni. ■

Reykjavíkurborg krefur Samkeppniseftirlitið um aðgerðir:

# Landsvirkjun verði stöðvuð

**ORKUMÁL** Lögfræðingar hafa fyrir hönd Reykjavíkurborgar krafist þess að Samkeppniseftirlitið banni fyrirætlun Landsvirkjunar um að leggja Laxárvirkjun inn í nýtt smásölufyrirtæki þess, RARIK og Orkubú Vestfjarða. Virkjunin sé metin á undirverði í viðskiptunum. Málið þoli enga bið.

Landsvirkjun hefur metið virkjunina á rúman milljarð í viðskiptunum, en samkvæmt heimildum nemur verðmat borgarhagfræðings á Laxárvirkjun um 3,4 milljörðum króna. Í kröfu borgarinnar til eftirlitsins segir að hún geti með rökum sýnt fram á að virkjunin sé á undirverði og því fari ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar gegn samkeppnislögum. Reykjavíkurborg krefst þess í framhaldi bannsins að Samkeppniseftirlitið skoði hvort stofnun og rekstur sameiginlega smásölufyrirtækisins samrýmist ákvæðum samkeppnis- og raforkulaga.

Stjórn Landsvirkjunar heimilaði forstjóra Landsvirkjunar um miðjan janúar að stofna smásölufyrirtækið og leggja Laxárvirkjun til. Það var svo stofnað 10. mars. Virkjunin var þá ekki lögð til heldur ákveðið að bíða með það um sinn.

Reykjavíkurborg telur að verði Laxárvirkjun lögð til nái smásölufyrirtækið óréttmætu samkeppnisforskoti á smásölumarkaði raforku, en borgin á Orkuveitu Reykjavíkur sem berst á þeim markaði.

Reykjavíkurborg á tæp 45 prósent í Landsvirkjun, Akureyrarbær rúm fimm og ríkið afganginn. Borgin er ein eigenda ósátt við ákvörðunina.

- gag









## SPURNING DAGSINS

*Stefán Jón, gleymdirðu að taka lyfin þín?*

„Ég fer alltaf í uppsveiflu þegar framtíð Reykjavíkur ber á góma.“

Ýmsir hafa sett spurningamerki við skrif Stefáns Jóns að Reykjavík geti vel sett sér það markmið að verða besta höfuðborg heims og telja slíkt bæði hrokafullt og óraunhæft. Stefán Jón Hafstein er formaður borgarráðs.

Kristna Afgananum forðað undan herskárri réttvísi landa sinna:

# Rahman veitt pólitískt hæli á Ítalíu

**AFGANISTAN, AP** Afganinn, sem átti yfir höfði sér dauðadóm í heimalandi sínu fyrir að hafa snúist frá íslam til kristni, lenti á Ítalíu í gær þar sem honum hefur verið veitt pólitískt hæli. Áður en fréttist af brottför hans frá Afganistan sameinuðust þingmenn á afganska þinginu um að krefjast þess að honum yrði ekki hleypt úr landi.

„Hann er kominn til Ítalíu,“ staðfesti ítalski forsætisráðherrann Silvio Berlusconi síðla í gær. Áður hafði Berlusconi sagt það vera Ítalíu heiður að veita „svo huguðum manni“ hæli.

„Við sendum bréf og hringdum í innanríkisráðuneytið og kröfðumst þess að stjórnin leyfði Abdul Rahman ekki að fara úr landi,“ tjáði Yunus Qanooni, forseti þings Afganistan, fréttamönnum í Kabúl fyrir hönd alls þingsins.



**ABDUL RAHMAN** Í sjónvarpsviðtali í dómhúsi í Kabúl 16. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um 500 Afganar, þar á meðal trúarleiðtogar múslima og námsmenn, söfnuðust saman við mosku í bænum Qalat í Zabul-héraði í suðurhluta landsins og kröfðust þess að Rahman yrði þvingaður til að snúa aftur til íslams eða vera drepinn ella. „Þetta er hræðilegt og mikil skömm fyrir Afganistan,“ sagði Abdulrahman Jan, æðsti klerkur í Zabul-héraði, um að Rahman skyldi hafa verið sleppt. Samkvæmt strangtrúartúlkun sjaría-laga múslima er það dauðasök að snúa baki við íslam.

Rahman var látinn laus úr fangelsi eftir að málarekstur á hendur honum var látinn niður falla vegna skorts á sönnunum og gruns um að sakborningurinn væri ekki heill á geðsmunum. Vestrænar ríkisstjórnir þrýstu mjög á Hamid Karzai, forseta Afganistans, að sjá til þess að dauðadómur yrði ekki felldur yfir manninum.

Þetta var fyrsta málið sinnar tegundar til að koma til kasta dómstóla í Afganistan frá því ofstækisstjórn talibana var steypt í kjölfar innrásar Bandaríkjamanna og NATO-herliðs í lok árs 2001. **- aa**

Bíll út af við Hvolsvöll:

## Húsbíll fauk út af veginum

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður húsbíls missti bíl sinn út af veginum í gærmorgun skammt frá félagsheimilinu Heimalandi undir Eyjafjöllum.

Leiðindaveður var á þessum slóðum og að sögn varðstjóra hjá lögreglunni virðist sem bíllinn hafi fengið á sig mikinn vind, með þeim afleiðingum að ökumaðurinn missti stjórn á bílnum. Bíllinn valt og hafnaði í hliðinni utan vegar.

Ökumaður bílsins var fluttur á heilsugæslustöðina á Hvolsvelli en meiðsl hans eru ekki talin alvarleg. Húsbíllinn er óökufær eftir óhappið og talinn ónýtur. **-mh**

olís Esso

Olíumálinu frestað:

## Fá gróða olíufélaga metinn

**DÓMSMÁL** Samkeppnisyfirvöld óskuðu eftir vikufresti á olíumálinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær eftir að olíufélögin þrjú óskuðu þess að matsmenn mætu útreikninga samkeppnisyfirvalda af gróðanum af verðsamráði þeirra. Málið frestast til 5. apríl.

Esso, Olís og Skeljungur reyna í sameiningu að hnekkja niðurstöðu yfirvaldanna um bætur vegna verðsamráðs á olíu, en fyrirtækin voru dæmd til að greiða samtals 1,5 milljarða króna.

Fjölmargir bíða dómsins, meðal þeirra Neytendasamtökin, áður en þeir krefjast skaðabóta vegna verðsamráðsins, en talið er að vinna matsmannanna geti tekið marga mánuði. **- gag**

# RÚV frumvarpið sett í flýtimeðferð

**Frumvarp um Ríkisútvarpið var afgreitt frá menntamálanefnd í gær, minnihluta nefndarmanna að óvörum. Aðeins 15 dagar eru eftir til þingfunda og er talið víst að frumvarp um RÚV verði að lögum fyrir sumarleyfi.**

**STJÓRNMÁL** Frumvarp um Ríkisútvarpið var afgreitt frá menntamálanefnd Alþingis í gær gegn mótmælum frá minnihluta nefndarinnar.

„Við hörmum þetta vegna þess að við höfum lýst vilja til þess að ná samstöðu um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag með ákveðnum skilyrðum þó,“ segir Mörður Árnason, Samfylkingunni, en hann á sæti í nefndinni.

Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki og formaður menntamálanefndar, segir að fá mál hafi fengið jafn mikla umfjöllun og frumvarpið um RÚV. „Búið er að velta við öllum steinum. Þó svo að efnislegur ágreiningur sé um málið er vel hægt að afgreiða það frá nefndinni,“ segir Sigurður Kári.

Mörður segir að aldrei hafi farið fram samræður innan nefndarinnar um málið sjálft. „Með því að taka þetta út úr nefndinni núna er tekið fyrir það að við getum komið sjónarmiðum okkar á framfæri. Þetta veldur einungis tímafrekari umræðum í þingsölum,“ segir Mörður.

Minnihluti menntamálanefndar telur óærtt hvort upplýsingalög geti gilt um Ríkisútvarpið hf., hvort unnt sé að breyta skipunartíma útvarpsstjóra, tempra vald hans og koma honum undan pólitískri yfirstjórn. Að mati minnihluta menntamálanefndar ríkir einnig óvissa um eiginfjárstöðu Ríkisútvarpsins hf. og að óbreyttu verði skuldir þess meiri en eignir. Þá verði að taka tillit til fjölmiðlanefndarinnar sem hafi sett fram ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa en það hafi bein áhrif á frumvarpið um Ríkisútvarpið.





**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON** **MÖRÐUR ÁRNASON**

„Fjármálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið eru að skoða hvernig gengið verður frá eiginfjárstöðu RÚV. Menn hefja ekki þessa vegferð til þess að fara af stað með gjaldþrota félag frá fyrsta degi. Það mun koma niðurstaða frá þeim sem verður væntanlega útfærð í fjáraukalögum,“ segir Sigurður Kári, formaður menntamálanefndar.

Um ritstjórnarlegt sjálfstæði segir hann að menntamálanefnd hafi fengið upplýsingar um það í gær að fjölmiðlanefndin væri búin að forma reglur um það atriði. „Ég veit ekki betur en að um það ríki nokkuð breið sátt. Ég er þess fullviss að ákvæði, sem almennt á að gilda í fjölmiðlalögum um ritstjórnarlegt sjálfstæði, sé nægjanlegt gagnvart sjálfstæði fréttastofa Ríkisútvarpsins,“ segir Sigurður Kári.

johannh@frettabladid.is





**FRUMVARPIÐ TEKIÐ ÚR NEFND** Minnihluti menntamálanefndar telur að afgreiðsla frumvarpsins úr nefnd verði til þess að umræður í þingsölum verði tímafrekari en ella.



**ISMAIL HANIYEH** Verðandi forsætisráðherra heimastjórnar Palestínu ræddi við blaðamenn í Gazaborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hamas að taka við völdum:

## Þingið staðfestir ráðherra

**PALESTÍNA, AP** Ný heimastjórn Palestínu sór embættiseið í gær. Palestínska löggjafarþingið samþykkti á mánudag 24 ráðherra nýju stjórnarinnar, sem flestir koma úr röðum Hamas-hreyfingunnar, með 71 atkvæði á móti 36. Fjórtán ráðherrar hafa setið í ísraelskum fangelsum.

Ismail Haniyeh, forsætisráðherra heimastjórnarinnar, sagðist ekki myndu samþykkja áætlun starfandi forsætisráðherra Ísraels, Ehmud Olmerts, um að Ísrael muni einhliða ákveða endanleg landamæri milli Ísraels og Palestínu fyrir árið 2010. Þó sagðist Haniyeh ekki hafa áhuga á frekara ofbeldi gegn Ísrael. Hamas-hreyfingin, sem staðið hefur að morðum á hundruðum Ísraela, hefur að mestu virt vopnahlé seinasta árið. **- smk**

### PAKISTAN

**Fóstur fjarlægð úr ungabarni**
Pakistanskir læknar fjarlægðu á þriðjudag tvö fóstur úr tveggja mánaða gömlu kornabarni, en þau höfðu vaxið inni í telpunni á meðan hún var enn í móðurkviði. Að sögn lækna voru fóstrin þríburar en eingöngu telpan náði fullum þroska, og höfðu fóstrin dáið eftir um fjóra mánuði. Telpan er þungt haldin eftir uppskurðinn.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Samkeppniseftirlit úrskurðar IGS vegna brota á samkeppnislögum:

# Greiði 80 milljónir í sekt

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur úrskurðað Flugþjónustuna á Keflavíkurflugvelli, IGS, til þess að greiða 80 milljónir króna í stjórnvaldssekt fyrir að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína við afgreiðslu farþegaflugvéla.

Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri IGS, segir lögmenn fyrirtækis vera að skoða úrskurð Samkeppniseftirlitsins. „Við munum skoða málið með okkar lögmönnum og tökum síðan ákvörðun um framhaldið. Við töldum okkur ekki vera að brjóta reglur.“

IGS er í tilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu sagt hafa brotið samkeppnislög þegar það gerði einkakaupsamninga við flugfélög sem lenda á Keflavíkurflugvelli með því að gera flugfélaginu LTU „samkeppnishamlandi tilboð“, eins og segir orðrétt í tilkynningu frá eftirlitinu. IGS er með meira en 90 prósenta markaðshlutdeild á Keflavíkurflugvelli.

Árið 2001 hóf fyrirtækið Vallarvinir starfsemi á Keflavíkurflugvelli, og var þá í samkeppni við IGS. Í kjölfarið lækkuðu flugafgreiðslugjöld á flugvellinum mikið. Þrátt fyrir samkeppnina hafði IGS áfram trausta stöðu á markaðnum en þjónustan við systurfélagið, Icelandair, var stór hluti af allri starfsemi á vellinum.

Þýska flugfélagið LTU gerði samning við Vallarvini árið 2001. Áður hafði félagið verið í viðskiptum við IGS en ákvað að breyta til, þar sem tilboð Vallarvina var hagstæðara. IGS gerði LTU tilboð árið 2004 sem var nokkuð lægra en samningurinn þýska flugfélagsins við Vallarvini hljóðaði upp á.



**VINNA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Samkeppniseftirlitið telur IGS hafa brotið reglur er það undirbauð Vallarvini í samningaviðræðum við þýskt flugfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samkeppniseftirlitið segir í úrskurði sínum að í tilboði IGS hafi „falist beinskeitt og sértæk aðgerð gegn Vallarvinum sem hafi verið til þess fallin að draga úr umsvifum þess félags.“ **-mh**






Blómstrandi páskagreinar 499 búntið



Í Skútuvogi aðeins í dag!
Prímúlur
10 kr
2 stk á mann

# Blómamarkaður í Skútuvogi

Rósir 10 stk 799





Páskaskreyting, páskakrýsi, begónía 699

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 29.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,31 | 71,65 |
| Sterlingspund | 123,9 | 124,5 |
| Evra | 85,64 | 86,12 |
| Dönsk króna | 11,476 | 11,544 |
| Norsk króna | 10,777 | 10,841 |
| Sænsk króna | 9,097 | 9,151 |
| Japanskt jen | 0,6045 | 0,6081 |
| SDR | 102,45 | 103,07 |

*Gengisvísitala krónunnar*

119,979

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Baldvin segir ríkisstjórn Bandaríkjanna ekki heppilega til samstarfs:

# Hagur Íslands ráði ferðinni

**VARNARMÁL** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi í sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, segir ríkisstjórn Bandaríkjanna eiga lítið erindi til samstarfs við aðrar þjóðir í utanríkismálum.

Jón Baldvin segir það ekki vera verkefni íslenskra stjórnvalda að fara eftir tillögum stjórnvalda í Bandaríkjunum í varnarmálum heldur eigi frumkvæðið að koma frá íslenskum stjórnvöldum. „Núverandi ríkisstjórn í Bandaríkjunum hefur gjörbreytt í grundvallaratriðum hefðbundinni utanríkisstefnu landsins. Hún hefur nánast sagt sig úr lögum við alþjóðlegt samfélag með kenningu George W. Bush, Bandaríkjaforseta, sem áskilur sér rétt til þess að hefja stríð á hendur öðrum þjóðum tilefnislaust í forvarnarskyni. Þetta er það sama og að lýsa því yfir að Bandaríkin áskilji sér rétt til valdbeitingar hvar og hvenær sem er.“



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Jón Baldvin hefur ekki trú á því að markverðar niðurstöður fáist út úr fundinum á morgun. „Íslensk stjórnvöld eru búin að hafa tíma til þess, frá því að stefna Donalds Rumsfeld um allsherjar endurskipulagningu á her Bandaríkjamanna var gerð opinber fyrir meira en fimm árum, að bregðast við breyttum veruleika í varnarmálum. Það er verkefni íslenskra stjórnvalda að koma fram með tillögur til lausnar á þeirri stöðu sem upp er komin. Við eigum ekki að þurfa að bíða eftir tillögum Bandaríkjamanna. Tillögur um lausn eiga að koma frá okkur og þær eiga að þjóna hagsmunum Íslands.“ **-mh**

Hjálmar Árnason:

## Nefndin verði krafin svara

Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins og íbúi í Reykjanesbæ, segir mikilvægt að krefja sendinefnd bandarískra stjórnvalda svara vegna ákvörðunar þeirra um að kalla varnarliðið heim frá Íslandi. „Það er nauðsynlegt að krefjast skýrra svara um það hvað Bandaríkjamenn hyggist fyrir og ekki draga það stundinni lengur.“

Hjálmar vonast til þess að sérstaklega verði hugað að þeim starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli sem lengstan starfsaldur hafa. „Þeir starfsmenn hafa sýnt sínum vinnuveitanda trúnað í langan tíma og siðferðileg skylda að heiðarlega verði komið fram við þá.“



**VARNARLIÐSMENN VIÐ STÖRF Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Sex hundruð manns hefur verið sagt upp störfum vegna samdráttar bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Sendinefnd frá Bandaríkjunum fundar hér á landi á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Bandarísk stjórnvöld með ráð um varnir

**Sendinefnd bandarískra stjórnvalda kemur til landsins í dag og leggur fram tillögur um hervarnir Íslands á fundi í utanríkisráðuneytinu á morgun. Leynd hvílir yfir tillögum hennar og svari íslenskra stjórnvalda.**

**VARNARMÁL** Fjölmenn sendinefnd á vegum bandarískra stjórnvalda kemur frá Washington í dag og ræðir um varnir landsins við níu manna íslenska samninganefnd í utaníkisráðuneytinu á morgun.

Albert Jónsson, formaður íslensku nefndarinnar, neitar að nefna þær áherslur sem íslenska sendinefndin setur sér. Hann sagði í gær ekki tímabært að segja frá þeim. Ragnheiður Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, sagði menn ætla að bíða og sjá hvað Bandaríkjamenn hefðu fram að færa.

Sendiherra Bandaríkjanna, Carol van Voorst, fer fyrir bandarísku nefndinni en sendiráðið gefur ekki upp hverjir sitja í henni að svo stöddu. Sendiherrann gaf sér ekki tíma til að tjá sig við fjölmiðla í gær, þar sem undirbúningurinn fyrir fundinn væri strembinn.

Forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, sem sagði við NFS að sendinefnd bandarískra stjórnvalda ætli að koma með tillögur um hvernig þau muni tryggja varnir Íslands. Í bréfi sem van Voorst færði honum frá Bandaríkjaforseta, George Bush, standi að Bandaríkin ætli að virða varnarsamning ríkjanna, þótt til standi að draga stórlega úr starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Bréfið var svar Bandaríkjaforseta við fyrirspurn íslenskra stjórnvalda um hvernig vörnum landsins verði háttað.



**CAROL VAN VOORST** Sendiherra fer fyrir bandarískum stjórnvöldum á fundinum.

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Forsætisráðherra segir varnarsamning án hervarna lítils virði.

„Ég verð að segja það alveg eins og er, í ljósi þess sem hefur gerst, að ég er ekkert sérstaklega bjartsýnn um framvindu mála, en ég virði að sjálfsögðu þetta bréf Bandaríkjaforseta,“ sagði Halldór. Hann bætti við að tillögur Bandaríkjamanna verði metnar í framhaldi fundarins og sagði fátt nýtt felast í bréfi Bandaríkjaforseta.

Bandaríska sendinefndin flýgur af landi brott síðdegis á morgun. Halldór ítrekaði í fyrrakvöld það sem hann sagði við Fréttablaðið um þarsíðustu helgi, að varnarsamningur án varnarliðs sé lítils virði.

Um sexhundruð starfsmönnum varnarliðsins hefur verið sagt upp störfum og er uppsagnarfrestur þeirra sex mánuðir. **gag@frettabladid.is**

Geir H. Haarde utanríkisráðherra:

## Heimsóknir Geirs í mars

**9.mars**
Geir fór í opinbera heimsókn til Noregs í boði Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs. Hann hitti að auki Anne-Grete Ström-Erichsen, varnarmálaráðherra, og ræddi við hana um samstarf í öryggis- og varnarmálum, friðargæslu og norrænu samstarfi. Geir skoðaði herstjórnarmiðstöð Atlantshafsbandalagsins í Stavanger. Að auki hélt hann erindi í Stavangerháskóla um stöðu Íslands í hnattvæddum heimi.



JONAS GAHR STØRE

**13.mars**
Opinber heimsókn Geirs til Danmerkur hófst með fundi í varnarmálaráðuneyti Danmerkur þar sem Geir fundaði með danska varnarmálaráðherranum, Søren Gade. Danski ráðherrann gerði Geir meðal annars grein fyrir breyttu skipulagi Danmerkur í varnarmálum, í ljósi aðstæðna í heimsmálunum. Einnig ræddu þeir samstarf á sviði landhelgisgæslu. Til umræðu var einnig hugsanleg endurnýjun á loftferðasamningi á milli ríkjanna.



SØREN GADE

**21.mars**
Geir fór til Parísar í boði Phillippe Douste-Blazy, utanríkisráðherra Frakklands. Geir ræddi við Phillippe um stöðu varnarmála hér á landi og gerði grein fyrir stöðunni sem upp væri komin á Íslandi, í ljósi þess að varnarlið Bandaríkjanna hygðist fara af landi brott.



PHILLIPPE DOUSTE-BLAZY

**24.mars**
Í Moskvu hitti Geir Sergei V. Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, og ræddu þeir meðal annars stöðu Íslands í varnarmálum. Einnig fóru þeir yfir samskipti Íslands og Rússlands á sviði viðskipta- og efnahagsmála, orkumála, flugsamgangna og menningarmála. Þá fjölluðu ráðherrarnir um viðfangsefni Barentsráðsins og norðlæga vídd Evrópusambandsins, en að henni standa Rússar, Norðmenn og Íslendingar auk Evrópusambandsins.



SERGEI LAVROV

**28.mars**
Geir átti fund með Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, og ræddu þeir stöðu Íslands í varnarmálum, auk annarra mála. Geir gerði ráðherranum grein fyrir stöðunni sem upp væri komin hér á landi. Ræddu þeir aðdraganda ákvörðunar Bandaríkjamanna og gerði Geir ítarlega grein fyrir fyrirhuguðum viðræðum sendinefnda stjórnvalda Bandaríkjanna og Íslands.



FRANK-WALTER STEINMEIER


Palómínó fellhýsi
-sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður



Palomino Colt
Verð 979.800.-
Útborgun 195.960.-
Mánaðargreiðsla 11.985.-
*miðast við 84 mán.
GLITNIR
Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BJARTIR TÍMAR SUNNAN TIL**
Hann er nú að lægja smám saman eftir nokkur læti. Það er reyndar svo að þegar lægir kólnar jafnframt og verður nokkuð svalt um helgina. Hins vegar ætlar sú gula að sýna sig með afgerandi hætti sunnan til á landinu næstu daga og um helgina. Það er nú alls ekki svo slæm blanda, hægur vindur og sól. Nyrðra verður hins vegar éljagangur áfram og um helgina.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Norðaustan 5-8 og bjartviðri. Hiti 0-3 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C hálfskýjað | París | 15°C skýjað/skúr | Torrevieja | 24°C léttskýjað |
| Osló | 2°C skýjað | Berlín | 12°C hálfskýjað | Mílano | 15°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C skýjað | Frankfurt | 12°C skýjað/skúr | New York | 18°C léttskýjað |
| Helsinki | 0°C alskýjað | Madríd | 23°C léttskýjað | San Francisco | 15°C skýjað/skúr |
| London | 15°C alskýjað | Barcelona | 18°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 28°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# ...allt fyrir ferminguna

## Gjafirnar, fötin, veislan...

Í Kringlunni færð þú fallegar og skemmtilegar fermingargjafir við allra hæfi, fötin og allt fyrir veisluna á einum stað.

**Þú gætir unnið fartölvu!**

Allir sem kaupa fermingargjöf í Kringlunni gætu unnið páskaegg frá Nóa Siríusi eða glæsilega Toshiba fartölvu frá BT!



Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

**Opið til 21 í kvöld**

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Verslanir** | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| **Ævintýraland** | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Fiton/SÍA F1016861



## KJÖRKASSINN

*Óttastu aukið atvinnuleysi á næstunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,3% |
| Nei | 62,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er þér boðið í fermingarveislu á næstunni?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Ungmenni undir lögaldri í drykkjukeppni sem fór úr böndunum:

# Á spítala með áfengiseitrun

**LÖGREGLUMÁL** Þrjú ungmenni voru flutt á sjúkrahús á Sauðárkróki aðfaranótt sunnudagsins með áfengiseitrun eftir drykkjukeppni á veitingastaðnum Barnum fyrr um kvöldið.

Eitt ungmennanna þurfti að dvelja nótt undir eftirliti læknis en hin tvö fengu að fara til síns heima síðar umrædda nótt. Heimildir Fréttablaðsins herma að fólkið sé allt undir lögaldri.

Lögreglan á Sauðárkróki fer með rannsókn málsins sem þykir afar alvarlegt í ljósi þess að allnokkrir þeirra sem þátt tóku í umræddri drykkjukeppni sem haldin var á veitingastaðnum Barnum voru undir lögaldri. Samkvæmt heimildum var sigurvegarinn í keppninni einnig undir aldri en viðkomandi steypti í sig 35 svokölluðum skotum á mettíma.

Örn Ragnarsson, læknir á Heilbrigðisstofnun Skagafjarðar, sagði engan vafa leika á að slík drykkja á skömmum tíma gæti haft grafalvarlegar afleiðingar en enginn þeirra þriggja sem leita þurftu læknis eftir drykkjukeppnina varð þó alvarlega veikur. Ungmennin hafi þó öll verið út úr heiminum og verulega máttfarin eftir mikla áfengsidrykkju.

- aöe




**BARINN Á SAUÐÁRKRÓKI** Bareigendurnir héldu drykkjukeppni þar um helgina með þeim afleiðingum að þrír voru fluttir á heilbrigðisstofnun Skagafjarðar til aðhlynningar. Ungmenni undir lögaldri tóku þátt í keppninni. MYND/ELÍNBORG ERLA ÁSGEIRSDÓTTIR

Lóðir kringum Landspítala:

# Reisa íbúðir fyrir aldraða

**BORGARMÁL** Allt að 200 þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara munu rísa á svæðinu fyrir neðan Landspítalann í Fossvogi samkvæmt endurskoðuðum hugmyndum skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

Að sögn Dags B. Eggertssonar, formanns er með þessu verið að koma til móts við óskir félagasamtaka eldri borgara en hluti af íbúðum þeim er þar rísa verða sérbýli. „Aðalskipulagsbreytingin er í undirbúningi og farið verður í að deiliskipuleggja svæðið í kjölfarið. Ég vona að strax á næstu vikum verði hægt að veita formleg vilyrði til þeirra félagasamtaka sem í hlut eiga.“

- aöe

Geir H. Haarde:

# Skipar hæstaréttardómara

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde verður skipaður dómsmálaráðherra í stað Björns Bjarnasonar þegar ráða á hæstaréttardómara.

Geir hefur fengið skipunarbréfið í hendurnar, samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytisins.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra telur sig vanhæfan til að ráða í embættið. Hann tilkynnti það á ríkisstjórnarfundi 22. mars. Hjördís Hákonardóttir er meðal fjögurra umsækjanda en Kærunefnd jafnrættismála taldi Björn brjóta jafnréttislög þegar hann réð Ólaf Börk Þorvaldsson árið 2003.

Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri Hæstaréttar, segir umsögn réttarins á umsækjendum ekki liggja fyrir. Það verði næstu daga og hún þá afhent dómsmálaráðherra.

- gag

Fundað um Íranskjarnorku:

# Fastaveldin fimm ná sátt

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Fulltrúar ríkjanna fimm, sem hafa neitunarvald í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, náðu saman í gær um yfirlýsingu um kjarnorkumál Írans.



**JOHN BOLTON** Fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá SÞ.

Í yfirlýsingunni er þess krafist af Íransstjórn að hún hætti tilraunum með auðgun úrans. Þar með hillir undir að öryggisráðið láti í fyrsta sinn kjarnorkumál Írans til sín taka, með það að markmiði að hindra að klerkastjórnin í Teheran komi sér upp kjarnorkuvopnum. Utanríkisráðherra Rússlands lét þó hafa eftir sér í gær að sér þætti ekki koma til greina að beita Íran hervaldi. ■

# Kadima heitir skjótri ríkisstjórnarmyndun

**Kadima-flokkur starfandi forsætisráðherra Ísraels, Ehuds Olmert, hyggst hafa snör handtök við að mynda nýja samsteypustjórn eftir þingkosningarnar. Flokkurinn hlaut minna fylgi en vonast var eftir en þó mest allra sem í framboði voru.**

**ÍSRAEL, AP** Forsvarsmenn Kadimaflokksins, sem Ariel Sharon stofnaði í fyrrahaust og Ehud Olmert hefur farið fyrir síðan Sharon fékk heilablóðfall og féll í dá í janúar, lýstu í gær yfir sigri í þingkosningunum sem fram fóru í Ísrael á þriðjudag. Boðuðu þeir að samsteypustjórn verði snarlega mynduð sem muni hrinda í framkvæmd áformum um að rýma einangraðar landtökubyggðir gyðinga á Vesturbakkanum og ákvarða endanleg landamæri Ísraels fyrir árið 2010.

Talsmenn flokksins sögðu að þrátt fyrir að hann hefði fengið minna fylgi í kosningunum en þeir höfðu gert sér vonir um, nyti hann útbreidds stuðnings á hinu nýkjörna þingi. Stefnt væri að því að leggja lokahönd á áformin um Vesturbakkann innan árs.

Kadima fékk 28 fulltrúa kjörna, en á grundvelli skoðanakannana fyrir kosningar höfðu þeir gert sér vonir um að fá að minnsta kosti 35 af þeim 120 fulltrúum sem sæti eiga á Ísraelsþingi, Knesset. Þannig séð voru úrslitin vonbrigði, en flokkurinn er engu að síður stærsti flokkurinn á þingi og hefur þar með ótvírætt umboð til stjórnarforystu.

Haim Ramon, áhrifamikill þingmaður Kadima, sagði að flokkurinn væri viss um að fá góðan stuðning frá öðrum þingflokkum. Ríkisstjórnarmyndun yrði lokið strax eftir páskahátíð gyðinga, sem hefst um miðjan apríl. „Ég tel að yfir 70 þingmenn séu tilbúnir til að styðja áætlun okkar,“ tjáði Ramon ísraelska útvarpinu, og vísaði með þessum orðum sínum til áformanna um Vesturbakkann.

Þreifingar milli fulltrúa hugsanlegra stjórnarsamstarfsflokka voru strax komnar í gang í gær. Líklegir samstarfsflokkar eru Verkamannaflokkurinn, sem fékk 20 menn kjörna, Flokkur ellilífeyrisþega og Shas-flokkur strangtrúaðra. Annar smáflokkur trúaðra þykir líka líklegur til að styðja slíka stjórn, sem og Meretz-flokkur friðarsinna. Fulltrúar ísraelskra araba, sem alls eru 10 á þinginu, myndu sennilega einnig veita stjórninni þegjandi stuðning.

Moshe Katzav, forseti Ísraels, sagði að hann myndi tala við leiðtoga flokkanna í næstu viku til að hefja formlegar stjórnarmyndunarþreifingar.

Eftir að hafa lýst yfir sigri endurtók Olmert áskorun sína til Palestínumanna að hefja aftur friðarviðræður. Sagðist hann reiðubúinn til „sársaukafullra málamiðlana“, svo sem að rýma sumar landtökubyggðir gyðinga á Vesturbakkanum. Olmert sagði að Ísraelsstjórn myndi leita eftir samningum við Palestínumenn, en náist þeir ekki muni hún grípa til einhliða aðgerða. Að sú verði raunin virðist sennilegt eftir að hin herskáa Hamas-hreyfing Palestínumanna var kjörin til valda í palestínsku heimastjórninni.

audunn@frettabladid.is

**KADIMA-FLOKKURINN LÝSIR YFIR SIGRI**

Miðjuflokkurinn Kadima, sem Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra Ísraels, fer fyrir fékk flesta fulltrúa kjörna á ísraelska þingið, Knesset. Hægri flokkurinn Likud, undir forystu Benjamins Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra, beið afhroð og er nú fimmti stærsti flokkurinn á þingi.




Úrslit er 99,7% atkv. voru talin; kjörsókn: 63%

© GRAPHIC NEWS



**EHUD OLMERT** Sigurreifur þrátt fyrir minna fylgi en vonast var eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**Svandís**
**UM ALLA BORG**

Svandís Svavarsdóttir skipar 1. sæti á lista Vinstri - grænna í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor. Hún heldur áfram að hitta borgarbúa á næstu dögum

**Laugardalur**
**30. mars - Fimmtudagur**
**20:15** Þróttarheimilið

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Samfylkingin

**Opinn fundur um Sundabraut**

Borgarafundur með **Degi B.Eggertssyni** formanni skipulagsráðs Reykjavíkur **í dag fimmtudag 30.mars** í Borgarholtsskóla kl. 17.30

***Allir velkomnir !***


Læknar biðja um tafarlausar aðgerðir í geðheilbrigðisþjónustu barna:

# Aldrei meira álag en núna

**HEILBRIGÐISMÁL** Safnast hafa um 160 milljónir króna til framkvæmda við fyrsta áfanga viðbyggingar Barna- og unglingadeildar Landspítalans við Dalbraut í Reykjavík. Heildarkostnaður er áætlaður um 680 milljónir króna að sögn Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra.

Þuríður Backman tók geðheilbrigðisþjónustdu barna og unglinga upp utan dagskrár á Alþingi í gær og sakaði stjórnvöld um úrræðaleysi. „Um þrjú til fjögur þúsund börn eru með verulegar geðraskanir en meira en helmingi fleiri þurfa á tímabundinni aðstoð að halda.“ Hún sagði Íslendinga mikla eftirbáta nágrannaþjóðanna á Norðurlöndum í þessum efnum.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Samfylkingunni, sagði að nú væru þrjú ár liðin frá því geðheilbrigðisþjónusta barna og unglinga hefði verið sett í algeran forgang af fyrrverandi heilbrigðisráðherra, en ekkert hefði verið aðhafst. „Aldrei í 35 ára sögu BUGL hefur verið eins mikið álag á deildinni og biðlistar aldrei lengri. Læknar deildarinnar hafa séð sig knúna til að skrifa bréf og biðja um úrbætur án tafar,“ sagði Ásta. Hún gat þess að enn skorti 100 milljónir króna til að hefja framkvæmdir við Dalbraut þótt fyrirtæki og einstaklingar hafi safnað fé.

- jh



**BUGL,** barna- og unglingageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss við Dalbraut.

# Karin Herzog



Katrín Lillý Magnúsdóttir,
verslunareigandi

Ég hef notað Karin Herzog vörurnar í langan tíma og þá aðallega andlitskremin. Á síðasta ári eignaðist ég barn og til að forðast húðslit notaði ég Silhouette- og TonusB12 líkamskremin, bæði á meðgöngunni og eftir að barnið fæddist. Húðin var mjög fljót að jafna sig eftir fæðinguna og ekkert slit sjáanlegt.

Þetta vill ég þakka Karin Herzog.



Karin Herzog er með einkaleyfi á snyrtivörum sem innihalda súrefni

Karin Herzog snyrtivörur koma súrefni og næringarefnum djúpt niður í húðina.

Það gerir virkni þeirra einstaka.

## KARIN HERZOG TILBOÐ Í SNYRTIVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPA 30. MARS - 5. APRÍL

Sérfræðingur frá Karin Herzog veitir ráðgjöf um umhirðu húðarinnar og val á vörum sem henta þér í Hagkaupum Kringlunni fimmtudag, föstudag og laugardag.

### KOMDU LÍKAMANUM Í FLOTT FORM FYRIR VORIÐ!

Karin Herzog Silhouette er líkamskrem sem inniheldur 4% súrefni og er eitt það öflugasta sem hægt er að fá í baráttunni við appelsínuhúð. Súrefnið kemst alla leið niður í neðri lög húðarinnar og vinnur því dýpra en flest önnur líkamskrem komast. Það er einn af aðalþáttunum í því hversu árangursríkt Silhouettið er. Til að fullkomna árangurinn er hentugast að nota Karin Herzog líkamsskrúbb á undan og nudda svo Tonus B12 líkamskremi sem inniheldur B12 vítamín á líkamann á eftir Silhouettinu.

**Þessi kraftmikla þrenna er núna á tilboði í snyrtivöru-verslunum Hagkaupa.**



Gildir til 5. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



OROBLU

Kynningar
á nýju vorvörunum
frá OROBLU







Kynningar í Lyf og heilsu

- Fimmtudag, 30. mars kl. 14-18 á Melhaga.
- Föstudag, 31. mars kl. 12-15 í Austurveri og kl. 15.30-19 í Mjódd.
- Laugardag, 1. apríl kl. 13-17 í Kringlunni og Firðinum.

Kaupauki fylgir hverri OROBLU vöru

Lyf & heilsa
Við hlustum!


Breytt Byggðastofnun fær víða jákvæð viðbrögð:

# Ábyrgðin gagnist eins og lánin

**BYGGÐASTOFNUN** Breytingar á Byggðastofnun voru löngu tímabærar, segir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Halldór Halldórsson. Breyting stofnunar í byggðasjóð undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem hættir að lána fé og veitir í staðinn ríkisábyrgð á bankalánum, fær jákvæð viðbrögð.

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir ríkisábyrgð á lánum víða hafa reynst vel, sérstaklega í Bandaríkjunum. Færi best á því að bæta þeirri leið við aðrar sem ríkið hafi upp á að bjóða, en ekki hætta algerlega að veita fyrirtækjum lán. Hann segir að til þess að ríkisábyrgðin virki þurfi samstarf við bankana að vera gott. Þeir megi ekki nýta sér möguleikann á að lágmarka eigin áhættu. Hann minnir á að íslensku bankarnir hafi ekki lánað írska fyrirtækinu sem vildi byggja kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal, þó það væri fjársterkt. „Á endanum náði fyrirtækið sér í tryggingu fyrir lánsfé erlendis.“



**BYGGÐASTOFNUN LÖGÐ NIÐUR** Breytt í byggðasjóð innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem verður með höfuðstöðvarnar á Sauðárkróki.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, segir lánveitingahlutann hafa verið á miklu undanhaldi þar sem stofnunin hafi vart verið lánshæf vegna bágrar fjárhagsstöðu. „Það má segja að eftir því sem aðgangur að fjármagni hafi verið greiðari hafi þörfin fyrir hina hefðbundnu lánastarfsemi minnkað.“ Ábyrgðin geti komið að sama gagni og lánin, en útfærslan skipti máli. **- gag**

# Lífsnauðsynleg læknishjálp skattlögð

**Árni Heimir Jónsson, krabbameinssjúkur menntaskólakennari, hefur beðið þingmenn bréflega um að afnema skattlagningu sjúkrastyrkja frá stéttarfélögum. Skattlagning sjúkrastyrkja hófst árið 2002.**

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir Samfylkingunni vill vita hve miklar skatttekjur ríkissjóður hafði af framlögum og styrkjum úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna síðstliðin tvö ár. Jafnframt spyr hún fjármálaráðherra hvaða stefnubreyting hafi orðið árið 2002 þegar farið var að leggja skatt á sjúkrastyrki án þess að til lagabreytinga hafi komið. Þá spyr hún einnig hvort hún telji skattlagninguna eðlilega og hvort fjármálaráðherra hyggist beita sér fyrir því að breyta skattlagningu sjúkrastyrkjanna.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR SAMFYLKINGUNNI**

Árni Heimir Jónsson menntaskólakennari hefur skrifað þingmönnum bréf vegna þessa. Hann er haldinn krabbameini og hafði í desember greitt um 106 þúsund krónur úr eigin vasa vegna læknisþjónustu og rannsókna. Árni Heimir sótti um styrk úr sjúkrasjóði Kennarasambands Íslands og fékk 53 þúsund króna styrk úr sjóðnum. Honum var gerð grein fyrir því að styrkurinn yrði skattlagður. Í bréfinu til þingmanna segir Árni Heimir að sér finnist skattlagningin ósanngjörn en túlkun ríkisskattstjóra á lögunum verði ekki haggað. „Mér stendur að sjálfsögðu til boða að höfða mál fyrir dómstólum til að reyna að fá þessu hnekkt en bæði er það að ekki er á vísan að róa hvort mér endist ævin til þess að standa í tímafrekum málaferlum og svo er hitt að kostnaðurinn verður ávallt meiri en óviss ávinningur,“ segir í bréfi Árna Heimis til þingmanna.



**ÁRNI HEIMIR JÓNSSON MENNTASKÓLAKENNARI** „Mér er ljóst að það eru miklar annir á þinginu og það stendur stutt, en það rennur úr fleiri tímaglösum þessa dagana,“



**SJÚKRAHÚS** Í bréfinu til þingmanna segir Árni Heimir að sér finnist skattlagningin ósanngjörn en túlkun ríkisskattstjóra á lögunum verði ekki haggað.

Árni kveðst hafa fengið gífurleg viðbrögð eftir viðtal sem við hann var tekið í Kastljósi um miðjan mánuðinn. „Menn lýsa yfir undrun sinni og skömm á þessari skattheimtu. Ég trúi því ekki að löggjafinn hafi séð fyrir þessa túlkun á lögunum þar sem kostnaður sjúklinga af lífsnauðsynlegri læknishjálp verður að skattstofni fyrir ríkið,“ segir í bréfinu. Árni Heimir kveðst vona að þingmenn séu sér sama sinnis og sjái sér fært að taka þátt í að breyta skattalögunum og taki af öll tvímæli hvað þetta varði. „Mér er ljóst að það eru miklar annir á þinginu og það stendur stutt, en það rennur úr fleiri tímaglösum þessa dagana,“ segir Árni Heimir í bréfi sínu til þingmanna.

Svars fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur er að vænta á næstunni.

**johannh@frettabladid.is**

Bæjaryfirvöld á Seyðisfirði vilja fund með sýslumanni vegna löggæslumála:

# Segja ófremdarástand ríkja

**LÖGREGLA** Tryggvi Harðarson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, segir að almenn óánægja sé á Seyðisfirði með löggæslu á staðnum. Hann segir lögreglu mæta seint og illa á staðinn bæði vegna slysa og afbrota. Dæmi sé um að innbrot á Seyðisfirði hafi ekki verið rannsakað fyrr en seint og síðar meir og fólk hafi þurft að bíða lögreglu í tvær klukkustundir í vondu veðri eftir árekstur. Tryggvi telur nauðsynlegt að hafa lögregluþjón á Seyðisfirði allan sólarhringinn, annað hvort á vakt eða bakvakt.

Bæjaryfirvöld hafa farið fram á fund með sýslumanni Norður-Múlasýslu vegna löggæslumála og einnig ummæla sýslumanns um að bæjaryfirvöld séu ekki marktækt stjórnvald, sem voru viðhöfð eftir að sýslumaður ákvað að taka bráðabirgðaleyfi bæjaryfirvalda til veitingastaðarins Kaffi Láru ekki gilt. Þá var allt áfengi veitingastaðarins flutt í fangageymslur á Seyðisfirði og þær innsiglaðar.

Ástríður Grímsdóttir, sýslumaður Norður-Múlasýslu, segir að það sé enginn munur á löggæslunni nú frá því sem verið hefur, fjölgað hafi verið stöðugildum á undanförnum árum en hafa verði í huga að umdæmi lögreglunnar sé afar stórt. **-shá**



**FRÁ SEYÐISFIRÐI** Bæjaryfirvöld segja almenna óánægju með störf lögreglu á staðnum og hafa beðið um fund með sýslumanni til að ræða málið. Sýslumaður segir löggæsluna eins og áður.
FRÉTTABLAÐIÐ/SMK



**GLATT Á HJALLA** Börnin glöddust þegar fyrsta skóflustungan var tekin í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsta skóflustungan:

## Leikskólinn Hjalli stækkar

**FRAMKVÆMDIR** Börn á leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði tóku í gær fyrstu skóflustunguna að nýrri byggingu skólans. Leikskólinn Hjalli hefur verið starfræktur síðan 1989 og byggir starfið á Hjallastefnunni svonefndu sem Margrét Pála Ólafsdóttir hefur þróað. Þrír leikskólar og einn grunnskóli starfa nú eftir Hjallastefnunni.

130 börn eru nú á Hjalla en þegar nýja byggingin verður tekin í gagnið í október verður þar rúm fyrir um 170 börn. **-bþs**

Óeirðir í Litháen:

## Grænfriðungar sletta málningu

**LITHÁEN, AP** Grænfriðungar slettu málningu í gær á nokkra togara sem lágu við festar í Klaipedahöfn í Litháen, og sögðu togarana vera á svörtum lista Evrópusambandsins, Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar og Noregs fyrir ólöglegar veiðar. Togararnir tólf sigla undir rússneskum, georgískum og kambódískum fánum.

Grænfriðungar sögðu Litháen brjóta lög Evrópusambandsins með því að þjónusta togarana og ásökuðu yfirvöld um lélegt aðhald sem gerði veiðiþjófum kleift að landa ólöglegum afla. Litháísk yfirvöld neituðu ásökununum og sögðu Grænfriðunga ekkert vald hafa yfir því hvaða skip legðust að þeirra bryggjum. **- smk**

### BANDARÍKIN

**Abramoff dæmdur** Jack Abramoff, sem lengi var einn áhrifamesti talsmaður hagsmunahópa í Washington, var í gær dæmdur ásamt viðskiptafélaga sínum í fimm ára og tíu mánaða fangelsi fyrir svik í tengslum við kaup þeirra á spilavítisbátaflota á Flórída árið 2000.

### ÞÝSKALAND

**Verkfall** Verkamenn í nokkrum þýskum verksmiðjum lögðu niður störf í gær í einu af mörgum skammvinnum verkföllum sem fyrirhuguð eru þar í landi til að reyna að knýja fram hærri laun verkamanna. Þessi skyndiverkföll eru algeng aðferð verkalýðsfélaga í Þýskalandi til að fá kröfum framgengt, án þess að hafa meiri háttar áhrif á framleiðslu verksmiðjanna.

# Bestir í kjöti!

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár



Sparaðu 600kr.

NÓATÚNS BAYONNESKINKA

898 kr. kg

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

## Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði



35% afsláttur — MÓA KJÚKLINGA-LÆRI 389 kr. kg



50% afsláttur — MÓA KJÚKLINGA-VÆNGIR 149 kr. kg



20% afsláttur — GOURMET GRÍSAKÓTILETTUR LÉTTREYKTAR 1.379 kr. kg



Sparaðu 300kr. — LAMBA FRAMHRYGGJASN. ÚR KJÖTBORÐI 1.298 kr. kg



GÓU HRAUNBITAR 200 G 199 kr. pk



PEPSI MAX 2 L 129 kr. 2l



LAMBI WC RÚLLUR 6 STK 199 kr. pk



KELLOGG'S MORGUNKORN MEÐ ICE AGE GLAÐNING 349 kr. pk.

Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



**ATHYGLI VAKIN** Víetnamar vekja þessa dagana athygli á fæðingargöllum í víetnömskum börnum sem talið er að rekja megi til efnavopna sem bandarískir hermenn notuðu í Víetnamstríðinu. Rúm 30 ár eru liðin frá lokum stríðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkeppniseftirlitið telur afskipti af verðlagningu í mótsögn við eðlilegt starf:

# Forsendur fyrir samkeppni

**SAMKEPPNISMÁL** Þrátt fyrir einróma andstöðu álitsgjafa hefur Samkeppniseftirlitið úrskurðað að hámarkstaxtar leigubíla skuli felldir niður 1. maí 2006.

Guðmundur Sigurðsson hjá Samkeppniseftirlitinu segir að samkvæmt nýjum lögum sem voru samþykkt í fyrra þá sé það í mótsögn við eðlilegt starf samkeppnisyfirvalda að skipta sér af verðlagningu starfsgreinar. Einnig byggi úrskurðurinn á því að með stækkun gjaldsvæðis á suðvesturhorninu síðastliðið haust séu frekari forsendur fyrir samkeppni heldur en hefðu verið áður. Samkeppniseftirlitið ítrekar jafnframt það sjónarmið að staðbundnar fjöldatakmarkanir fyrir leigubifreiðar og fleiri samkeppnishömlur verði afnumdar.



**LEIGUBÍLARÖÐ Í LÆKJARGÖTUNNI** Frami, félag leigubílstjóra, hefur áfrýjað úrskurði Samkeppnisyfirvalda og býst við niðurstöðu fyrir helgi.

Hjalti Hafsteinsson, stjórnarmaður í Frama sem er félag leigubílstjóra, segir einhliða úrskurð Samkeppniseftirlitsins varðandi afnám hámarkstaxta leigubílstjóra hafa komið þeim að óvörum. Hjalti segir þó eðlilegt að Samkeppniseftirlitið vilji hætta afskiptum af verðlagsmálum leigubílstjóra þar sem þetta sé ekki á þeirra könnu miðað við ný samkeppnislög sem þeir vísa í. Hjalti telur þörf á nýrri lagasetningu til að finna þessum málum farveg.

- sdg

Stal bíl og braust inn:

# Missir prófið og greiðir sekt

**DÓMSMÁL** Rétt rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í mánaðar fangelsi haldi hann ekki skilorð næstu tvö árin. Hann stal bíl á Húsavík, ók honum undir áhrifum áfengis um götur bæjarins og braust inn á veitingastaðinn Gamla bauk. Þar stal hann fjórtán fullum vodkaflöskum, viskýflöskum og á fimmta tug bjórflaskna.

Vínandinn í blóði hans mældist 1,78 prómill en má ekki fara yfir 50 prómill. Ungi maðurinn hefur ekki sætt refsingu áður, en auk skilorðsins missir hann bílprófið í eitt ár og greiðir 130 þúsund krónur í sekt og rúmlega 22 þúsund krónur í sakarkostnað.

- gag








**STARFSKONUR Á HRAFNISTU** Mikil reiði er á meðal starfsfólks vegna launamunar þeirra og borgarstarfsmanna sem vinna sömu vinnu. Munurinn er 25 til 30 prósent en fjármálaráðneytið vísar til gildandi samninga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Uppsagnir þegar hafnar

**Ófaglærðir starfsmenn á dvalarheimilum ætla að ganga út í hópum ef laun þeirra verða ekki leiðrétt. Samningar í gildi til 2008 segir fjármálaráðuneytið.**

**KJARAMÁL** Hópuppsagnir hjá ófaglærðu starfsfólki á dvalarheimilum eru fyrirsjáanlegar ef launamunur þeirra og starfsfólks sem vinnur sömu störf á vegum Reykjavíkurborgar verður ekki jafnaður hið fyrsta. Starfsfólkið fór í setuverkfall í gær til að vekja athygli á kjarabaráttu sinni. Á baráttufundum því tengdu var samþykkt að fara í verkfall að nýju á fimmtudag og föstudag í næstu viku ef engin viðbrögð fást nú.

Setuverkfallið náði til um 900 starfsmanna hjá Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði, Vífilstöðum, Víðinesi og á Dvalarheimilum á Grund, Ás í Hveragerði, Sunnuhlíð og Skógarbæ. Á baráttufundinum á Hrafnistu í Reykjavík komu sjónarmið starfsfólksins skýrt fram. „Við viljum fá viðbrögð frá ráðuneytinu og það strax. Ekki síst vegna þess að þetta er hluti af umræðunni um stöðu eldri borgara.“ Fram kom að lægstu byrjunarlaun hjá sjálfseignarstofnunum eru 101.000 krónur en 134.000 krónur fyrir sömu vinnu hjá Reykjavíkurborg eftir nýgerða samninga. „Það kemur fljótlega upp sú staða að það fást engir til að vinna svona vinnu og það vantar nú þegar starfsfólk.“

Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistuheimilana, segir að talað hafi verið við fjármálaráðherra og svarið sé einfaldlega að það sé í gildi kjarasamningur sem gildir til 2008 og eftir honum verði farið. Kerfið sé þannig að heimilin fái svokölluð daggjöld frá ríkinu og þau séu ákvörðuð í desember ár hvert. Þar er miðað við kjarasamninga sem ríkið hefur gert og því búið að festa launin með daggjöldunum. Sveinn skilur starfsmenn sína vel og tekur eftirfarandi dæmi. „Tökum starfsmann á Hrafnistu í Reykjavík sem segir upp í dag og gengur inn gang sem þar er og inn í Norðurbrún, sem borgin rekur, og byrjar að vinna þar 1. apríl. Sá starfsmaður hækkar um 25 prósent.“

Hann segir að staðan sé einnig sú að erfitt sé að manna heimilin því næga vinnu sé að fá. Það gangi illa að fylla stöðugildin og fólk stoppar stutt. „Fólk sem hefur unnið hjá okkur lengi og hefur verið kjölfestan í rekstrinum er farið að segja upp.“

Ekki náðist í ráðherra heilbrigðis- og fjármála vegna málsins í gær.

svavar@frettabladid.is





Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
Kjúklingavængir fylgja frítt með kjúklingabringum
30% Afsláttur
Gourmet ungnautagúllas og ungnautasnitsel 1.518 kr./kg.
GOÐI GOURMET Naut
2.246 kr./kg.
Móa kjúklinga-bringur
MEIRA MAGN
30% Afsláttur
Goða grísakótilettur 1.186 kr./kg.
Grísakótilettur
Big George Forman Grill
5.995 kr./stk.
Verð áður 8.995 kr.
EF ÞÚ KAUPIR TVO FÆRÐU ÞRIÐJA FRÍTT
GEVALIA
Gevalia kaffi 500g
268 kr./pk.
Egils Malt og Appelsín Páskaöl
99 kr./stk.
Egils
PÁSKAEGG Á FRÁBÆRU VERÐI
Smarties
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



**SÓLMYRKVI** Þessi tíu ára drengur var augljóslega frá sér numinn yfir sólmyrkvanum sem hann sá í Akkra í Gana í gær. Skólabörn flykktust út á götur til að fylgjast með sólmyrkvanum, en svartamyrkur féll yfir Gana um miðjan dag í gær. Sólmyrkvans varð vart frá Brasilíu til Mongólíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindamenn rannsaka hegðun fuglaflensuveirunnar:

# Sest að neðarlega í öndunarvegi

**FUGLAFLENSA** Bandarískir vísindamenn telja sig hafa fundið ástæðuna fyrir því að mannskæða H5N1 fuglaflensuveiruafbrigðið sé enn ekki farið að smitast frá manni til manns.

Inflúensuveirur sem ráðast á fólk leggjast yfirleitt á frumur hátt í öndunarveginum, sem eykur þá líkurnar á því að þær berist á milli manna við hósta og hnerra. Fuglaflensuveiran festir sig hins vegar við frumur djúpt í öndunarvegi manna að sögn vísindamanna frá Háskólanum í Wisconsin, en niðurstöður rannsóknar þeirra voru nýverið birtar í vísindatímaritinu Nature. Þar af leiðandi á veiran ekki mjög greiða leið manna í millum, sem aftur minnkar líkurnar á stökkbreytingu.

H5N1 afbrigði fuglaflensuveirunnar hefur fundist víða í Evrópu, Afríku og Asíu og hefur orðið yfir 100 manns að bana, að sögn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Samkvæmt tölum stofnunarinnar hafa um 180 manns smitast af veirunni síðan hún kom upp á ný árið 2003, og hafa yfir 100 þeirra látist. Þó virðist fólk enn þurfa að handleika sýkta fugla til að smitast.

Vísindamenn óttast að ef veiran stökkbreytist svo að hún geti smitast frá manni til manns, geti hún valdið heimsfaraldri og orðið milljónum manna að bana. - smk



**FUGLAMARKAÐUR Í KÍNA** Sölumaður safnar saman kjúklingum á hænsnamarkaði í Kína, en fuglaflensa hefur fundist þar í landi sem víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sendiherrabústaður í Berlín:

# Bústaðurinn er íslensk hönnun

**UTANRÍKISMÁL** Geir Haarde utanríkisráðherra opnaði formlega nýjan sendiherrabústað í Berlín í fyrradag en bústaðurinn er að heita má alíslenskur að innan sem utan.

Var húsið teiknað af þeim Dennis Davíð Jóhannessyni og Hjördísi Sigurgísladóttur en tillaga þeirra vann fyrstu verðlaun í hönnunarsamkeppni sem haldin var fyrir þremur árum. Þau hönnuðu jafnframt allar innréttingar inni í húsinu.

Annar húsbúnaður og skreytingar í húsinu eru að mestu handunnin íslensk smíð. - aöe

Indverskur læknir dæmdur:

# Mátti ekki kyngreina fóstur

**INDLAND, AP** Indverskur læknir og aðstoðarmaður hans voru í gær dæmdir í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa notað ómskoðun til að kanna kyn fóstra, en talið var að foreldrarnir hefðu síðan notað upplýsingarnar til að láta eyða meyfóstrum. Læknirinn sagði óeinkennisklæddri lögreglukonu að hún gengi með stúlku og sagði að hægt væri að „sinna því“.

Þó fóstureyðing sé heimil í Indlandi, er bannað með lögum að greina kyn fóstra. Talið er að hundruð þúsunda meyfóstra sé eytt árlega því dætur teljast meiri fjárhagsleg byrði en synir. - smk



**UMFERÐ Í REYKJAVÍK** Í Reykjavík eru 50 til 60 prósent svifryks uppspænt malbik.

Yfir heilsuverndarmörkum:

# Mikið svifryk í Reykjavík

**HEILSA** Svifryk hefur ítrekað mælst yfir heilsuverndarmörkum undanfarna daga í Reykjavík. Lítill raki er í andrúmsloftinu þessa dagana og veður þurrt og kalt.

Undanfarin kvöld og nætur hafa rykbindiefni verið lögð á helstu umferðargötur borgarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands að dæma verður þurrviðri næstu daga og því útlit fyrir að magn svifryks í andrúmslofti verði áfram yfir heilsuverndarmörkum. - sdg

# Starfsmenn Norðuráls eru gramir og heimta bónus

**Meira en 350 starfsmenn Norðuráls krefjast þess að fá bónusgreiðslur vegna álags hjá Norðuráli. Misskilningur að búið sé að ákveða að greiða ekki bónus, segir forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs.**

**LAUNAMÁL** Mikil gremja er meðal starfsmanna álvers Norðuráls á Grundartanga, en þeim finnst það óréttlátt, ef fyrirtækið ætlar sér ekki að borga bónusgreiðslur vegna uppsetningar á nýjum bræðslukerjum í álverinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru undir miklu álagi á meðan á breytingum í höfuðstöðvum fyrirtækisins stendur.



**VILHJÁLMUR BIRGISSON**

Starfsmenn fengu 45 þúsund króna kaupauka þegar uppsetning nýrra kerja fór fram síðast. Þeir starfsmenn sem voru með meira en þriggja ára starfsreynslu fengu 58 þúsund krónur.

Þetta var því umtalsverð búbót fyrir starfsmenn fyrirtækisins. Forsvarsmenn Norðuráls hafa ekki enn tekið ákvörðun um það hvort starfsmenn fá bónusgreiðslur, en uppsetning kerjana er hálfnuð. Breytingum verður að öllum líkindum lokið í haust.

Starfsmenn fyrirtækisins hafa þegar sett sig í samband við verkalýðsfélagið á Akranesi sem nú vinnur að lausn deilunnar, með forsvarsmönnum Norðuráls.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, fundaði ásamt trúnaðarmanni starfsmanna með fulltrúum Norðuráls fyrir viku. Þar kom fram skýr krafa um að starfsmenn fengju bónusgreiðslu fyrir það aukna álag sem fylgir uppsetningu kerjanna. „Gremja starfsmanna er vel skiljanleg. Á fundinum kom skýrt fram að eigendur Norðuráls hygðust ekki greiða umrædda bónusgreiðslu. Norðurál hefur í mörg ár skilað miklum hagnaði og því er það skiljanleg krafa starfsmanna að þeim sé umbunað fyrir mikið álag, vegna þess að framlag starfsfólksins er einn af hornsteinum fyrirtækisins, og grundvallarástæða þess að fyrirtækinu gengur vel,“ segir Vilhjálmur.

Ragnar Guðmundsson, forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs Norðuráls, segir endanlega ákvörðun fyrirtækisins ekki liggja fyrir, hvað bónusgreiðslurnar varðar. Hann segist hafa orðið var við gremju meðal starfsmanna, en á fundinum fyrir viku voru allar hliðar málsins ræddar til hlítar. „Þessi mál eru til athugunar og það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvort bónusgreiðslur verða greiddar. Uppsetningu kerjanna er ekki lokið og því er enn nægur tími til þess að komast að niðurstöðu í þessu máli. Einhverjir virðast hafa skilið stöðu mála þannig, að tekin hafi verið ákvörðun um að bónusgreiðslur verði ekki greiddar. Það er ekki rétt.“

magnush@frettabladid.is



**UNNIÐ Í KERSKÁLANUM Á GRUNDARTANGA** Mikil fjöldi félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness vinnur í álveri Norðuráls en þeir krefjast þess að bónusgreiðslur verði greiddar fyrir aukið álag vegna uppsetningar á bræðslukerjum í álverinu. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE




Með vopn og fíkniefni:

## Dæmd fyrir vopnaeign

**DÓMSMÁL** Karl og kona voru í gær dæmd í Héraðsdómi Vesturlands fyrir að hafa í fórum sínum fíkniefni og vopn, en lögreglan gerði upptækar fimm byssur á heimili fólksins auk tæplega 80 gramma af kannabis og lítilræðis af kókaíni.

Byssurnar fimm voru af ýmsum gerðum, Colt skammbyssa, Remington haglabyssa, Enfield riffill, Brno riffill og startbyssa. Þá fundust einnig hnífar, byssuhljóðdeyfir og mikið magn skotfæra. Konan var dæmd til að greiða 400 þúsund krónur en karlinn 150 þúsund. Auk þess þurfa þau að greiða sakarkostnað. -mh

Ný rannsókn á gáfuðum börnum birt í vísindatímaritinu Nature:

# Heilar afburðagáfaðra þroskast seinna

**BANDARÍKIN, AP** Þótt gáfuð börn virðist bera af öðrum börnum í mörgum atriðum, þá hefur ný bandarísk rannsókn sýnt fram á að sá hluti heilans sem stjórnar hugsun þroskast hægar í þeim en öðrum börnum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í vísindatímaritinu Nature í dag.

Heilabörkurinn þykknar hjá börnum og þynnist síðan á ný, og sýndi rannsóknin að þessi þróun gerist hægar hjá börnum með hærri greindarvísitölu. Þykkastur varð börkurinn hjá afburðagáfuðum börnum um 11 ára aldur, um níu ára aldur hjá börnum með góða greindarvísitölu, en um sex ára aldur hjá meðalgreindum börnum.

Elizabeth Sowell sem starfar við Kalíforníuháskóla, sagði niðurstöðurnar sannfærandi, en minnti á að ekki er hægt að segja hvort þykknun heilabarkarins valdi afburðagáfum, eða hvort því sé öfugt farið. Þó eru niðurstöðurnar mikilvægar fyrir rannsóknir á börnum sem þjást af heilasjúkdómum. - smk



**NÁMSHESTUR** Bandarískir vísindamenn telja sig hafa uppgötvað mikilvægan þátt í þroska gáfaðra barna.



**SKELFISKPOKAR** Lögreglan í Bretlandi leitaði árangurslaust fyrir tveimur árum að skelfiskveiðimönnum sem drukknuðu við tínslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrír Kínverjar í Bretlandi:

## Báru ábyrgð á láti 23 manna

**BRETLAND, AP** Dómar féllu í Bretlandi á þriðjudag í máli þriggja Kínverja sem voru ábyrgir fyrir því að hópur kínverskra skelfiskveiðimanna fórst á norðvestanverðu Englandi fyrir tveimur árum.

Lin Liang Ren, 29 ára, hlaut fjórtán ára fangelsisdóm en kærasta hans og frænka hans hlutu styttri fangelsisdóma. Þau þrjú þóttu hafa þrælað veiðimönnunum miskunnarlaust í vinnu.

Veiðimennirnir voru að tína skelfisk í fjöru þegar flæddi að og þeir lokuðust inni.

Talið er að alls hafi 23 skelfiskveiðimenn látið lífið, en lík tveggja þeirra fundust aldrei. -gb

Sjálfstæðisflokkurinn í Eyjum:

## Sjö konur og sjö karlar á lista

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR** Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Vestmannaeyjum hefur kynnt lista flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Elliði Vignisson bæjarfulltrúi er efstur en síðan koma Páley Borgþórsdóttir lögfræðingur, Páll Marvin Jónsson líffræðingur, Gunnlaugur Grettisson skrifstofustjóri, Arnar Sigurmundsson framkvæmdastjóri, Ásta Halldórsdóttir sjúkraliði og Jóhanna Kristín Reynisdóttir húsmóðir. - shá

### BRETLAND

**Portúgali dæmdur** Dómstóll í Bristol á Englandi dæmdi í gær portúgalskan verkamann á tvítugsaldri fyrir morð á barnshafandi kærustu sinni. Hinn sakfelldi, Hugo Quintas, neitaði að hafa ætlað sér að drepa Hayley Richards, en hann skar hana á háls. Hann hélt því fram að hún hefði ögrað sér með því að segja að hún svæfi hjá öðrum manni.

### SÁDI-ARABÍA

**Neita að halda fund** Stjórnvöld í Sádi-Arabíu tilkynntu í gær að þau ætli sér ekki að halda næsta leiðtogafund Arababandalagsins, sem halda á árið 2007. Engar skýringar voru gefnar á synjuninni.





**FLÓÐHESTUR** Þessi þriggja mánaða dvergflóðhestur syndir við hlið móður sinnar í bandarískum dýragarði í Nebraska. Krílinu hefur verið haldið frá gestum garðsins frá fæðingu, en á föstudag geta gestir garðsins fyrst fengið að sjá það. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hneykslismál skekur brasilísku ríkisstjórnina og grefur undan trausti á forsetanum:

# Ráðherra sakaður um mútuþægni

**RIO DE JANEIRO, AP** Hneykslismál varð fjármálaráðherra Brasilíu að falli nú í byrjun vikunnar. Antonio Palocci neyddist til þess að segja af sér eftir að upp komu ásakanir um að hann hafi stundum sótt veislur í húsi nokkru í höfuðborginni, þar sem þrýstihópar buðu stjórnmálamönnum aðgang að vændiskonum.

Í húsið bárust einnig peningafúlgur í ferðatöskum, og leikur grunur á að það fé hafi óspart verið notað til að hafa áhrif á stjórnmálamennina. Palocci harðneitaði þessum ásökunum, en hneykslið magnaðist um allan helming þegar upplýsingar um bankareikninga lykilvitnis í málinu láku til fjölmiðla frá ríkisbankanum Caixa Economica Federal.



**MANTEGA, SILVA OG PALOCCI** Luiz Ignacio Lula da Silva, forseti Brasilíu, stendur þarna á milli núverandi og fráfarandi fjármálaráðherra. Myndin er tekin þegar Guido Mantega, sem er vinstra megin við forsetann, tók við embættinu af Antonio Palocci. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málið hefur grafið nokkuð undan trausti Brasilíumanna á forseta sínum, Luiz Ignacio Lula da Silva, fyrrverandi verkalýðsleiðtoga sem sigraði með yfirburðum í forsetakosningum árið 2002.

Forsetinn mátti þó varla við því að þetta mál kæmi upp, því á síðasta ári missti hann þegar töluvert af trúverðugleika sínum eftir að fyrrverandi samherji hans sakaði flokkinn um að hafa fjármagnað kosningabaráttu með ólöglegum hætti og að hafa afhent stjórnarandstæðingum á þingi fastar peningagreiðslur fyrir að styðja lagafrumvörp. - gb

Upplýsingatækni:

## Íslendingar og Danir fremstir

**SVÍÞJÓÐ** Danir og Íslendingar eru bestir í að nýta sér upplýsingatækni á Norðurlöndum. Báðar þessar þjóðir auk Finna standa framar en Svíar. Norðmenn standa hins vegar verr. Þetta kom fram í sænska viðskiptablaðinu Dagens Industri.

Bandaríkjamenn, Singapúrbúar og Danir skipa efstu þrjú sætin yfir tuttugu upplýsingatæknivæddustu þjóðirnar í heiminum. Þetta kemur fram á lista sem Alþjóða efnahagsstofnunin í Sviss, WEF, hefur tekið saman. Íslendingar eru í fjórða sæti, Finnar í fimmta, Svíar í áttunda og Norðmenn í 13. sæti. - ghs

### LÖGREGLUFRÉTT

**Lenti út af í hálku** Bíll lenti út af skammt frá Blönduósi í fyrrakvöld. Ökumaður bílsins var einn í bílnum og slasaðist hann ekki. Mikil hálka var á veginum auk þess sem skyggni var lítið.

Fyrrverandi forseti tekinn:

## Charles Taylor reyndi að flýja land

**NÍGERÍA, AP** Fyrrverandi forseti Líberíu, Charles Taylor, sem ákærður er fyrir stríðsglæpi, var fluttur frá Nígeríu til heimalands síns í gær, en hann var handsamaður á þriðjudagskvöldið í Nígeríu þegar hann reyndi að flýja landið.

Stríðsglæpadómstóll í Síerra Leóne bjó sig í gær undir móttöku Taylors, en friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna áttu að flytja hann frá Líberíu til Síerra Leóne. Komi til réttarhalda yfir honum, verður hann fyrsti fyrrverandi Afríkuleiðtoginn sem svarar til saka fyrir stríðsglæpi.

Taylor hefur búið í vellystingum í Nígeríu síðan árið 2003, þar sem honum var veitt pólitískt hæli. - smk



**CHARLES TAYLOR** Fyrrverandi forseti Líberíu sem ákærður er fyrir stríðsglæpi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GENGIÐ FRÁ SÖLUNNI ÁRIÐ 2003** Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra, Ólafur Ólafsson, einn forsvarsmenna S-hópsins og Peter Gatti, bankastjóri Hauck & Aufhauser.




# Engar nýjar upplýsingar

**Ríkisendurskoðun telur að Vilhjálmur Bjarnason aðjúnkt hafi ekki komið fram með neinar nýjar upplýsingar vegna sölunnar á 45,8 prósenta hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins.**

**RÍKISENDURSKOÐUN** Ríkisendurskoðun telur að ekkert nýtt hafi verið lagt fram í máli Vilhjálms Bjarnasonar, aðjúnkts við Háskóla Íslands, vegna sölu á 45,8 prósenta hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. til hins svokallaða S-hóps, í fréttaskýringaþættinum Silfur Egils um miðjan febrúar.

Í niðurstöðu samantektar vegna „nýrra“ gagna og upplýsinga um sölu á Búnaðarbanka Íslands segir að Ríkisendurskoðun telji að ekkert nýtt hafi verið lagt fram í málinu sem stutt geti víðtækar ályktanir sem Vilhjálmur hafi dregið af þeim gögnum sem hann hafi lagt fram og þeim óformlegu upplýsingum sem hann telji sig búa yfir. Þvert á móti þyki liggja fyrir óygginandi upplýsingar og gögn um hið gagnstæða.

Vilhjálmur greindi frá því í þættinum að hann byggi yfir gögnum og upplýsingum sem gætu varpað nýju ljósi á söluna á tæplega 46 prósenta hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins í ársbyrjun 2003. Í framhaldi af umræðum á opinberum vettvangi, meðal annars á Alþingi, og yfirlýsingu Ríkisendurskoðunar um að honum væri ókunnugt um nýjar upplýsingar í málinu átti Vilhjálmur fund með Ríkisendurskoðun og lagði fram gögn sem hann taldi að vörpuðu nýju ljósi á málið.

Í framhaldi af þessu kannaði Ríkisendurskoðun málið betur og óskaði meðal annars álits Stefáns Svavarssonar, löggilts endurskoðanda. Stefán komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að fullyrða að þýski bankinn hefði ekki fjárfest í Eglu hf. á árinu 2003 og það sjáist ekki með beinum hætti að bankinn hefði fjárfest í fyrirtækinu enda væri hann í fullum rétti þegar hann sundurgreindi ekki fjárfestingu í hlutabréfum.



**VILHJÁLMUR BJARNASON** „Þetta hrekur ekki margt af því sem ég hef sagt,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Háskóla Íslands.

„Ég fékk að renna yfir þetta í gær áður en það var gengið frá þessu og ég er mjög ánægður með margt. Þetta hrekur ekki margt af því sem ég hef sagt en ég ætla ekki að segja orðinu meira að sinni,“ sagði Vilhjálmur í gær og kvaðst ekki vita hvort og þá hvert framhald yrði á málinu af hans hálfu.

„Þetta staðfestir það sem við höfum áður sagt að í þessu máli er í raun ekki um neitt að tala. Vilhjálmur hefur ekki sýnt fram á neitt og það hefur ekkert komið fram sem styður það sem hann hefur sagt. Þetta hafa eingöngu verið ásakanir út í loftið,“ segir Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers. ghs@frettabladid.is


www.fronkex.is
Frón
Frón
MATARKEX
kemur við sögu á hverjum degi
ÍSAM
www.isam.is



**TÓNLISTARHÁTÍÐ** Afríkanskur tónlistarmaður leikur á hljóðfæri á tónlistarhátíð sem fram fór nýverið í Sansibar, en sú hátíð er ein sérstæðasta tónlistarhátíð heims, enda helguð hefðbundinni afríkanskri tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfisverndarsinnar hafa áhyggjur af mengun á varnarsvæðinu:

# Mikið af virkum sprengjum

**VARNARMÁLIN** Umhverfisverndarsinnar hafa áhyggjur af mengun á varnarsvæðinu á Suðurnesjum, sérstaklega olíu- og PCB-mengun en það er hættulegt, þrávirkt, lífrænt efni úr olíu sem getur verið virkt í jarðvegi í árhundruð. Áhyggjur beinast einnig að virkum sprengjum og skothylkjum á gömlu skotæfingasvæði.

Þorvaldur Örn Árnason, formaður umhverfisnefndarinnar í Vogum, segir að ógerningur sé að hreinsa sum svæðin þó að það hafi verið reynt þar sem umferð sé hvað mest. „Maður er hálfhræddur við að reka skóflu ofan í jörðina þegar maður er að gróðursetja tré því að það er mikið af virkum sprengjum ennþá á stóru svæði,“ segir hann.



**ÁRNI FINNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI NÁTTÚRUVERNDARSAMTAKA ÍSLANDS.**

Árni Finnsson, framkvæmdastjóri Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að sérstaklega hafi menn áhyggjur af gömlum ruslahaugum á varnarsvæðinu, til dæmis við Sölunefnd varnarliðseigna. Hreinsun geti orðið geysilega dýr og því séu menn nú að byrja að safna gögnum.

Árni bendir á að verklagsreglur hafi breyst hjá bandaríska hernum á síðustu áratugum. Upp úr 1970 hafi menn uppgötvað að PCB leystist ekki upp í jarðvegi og í framhaldi af því hafi herinn farið að taka meiri ábyrgð. Víða um heim séu menguð svæði eftir bandaríska herinn. - ghs

Stjórnarandstaðan á Spáni:

# Zapatero nýtur stuðnings

**SPÁNN, AP** Leiðtogi stjórnarandstöðunnar á Spáni hefur lýst yfir stuðningi við forsætisráðherra Spánar, í viðræðum hans við aðskilnaðarhreyfingu Baska, ETA.

Yfirlýsingin kom á óvart, því Mariano Rajoy, leiðtogi stærsta íhaldsflokks Spánar, hefur hingað til verið mjög gagnrýninn á stefnu Zapateros varðandi Baska og Baskahéruðin. En eftir fund með Zapatero á mánudag tilkynnti Rajoy blaðamönnum stuðning sinn, en sagðist jafnframt hafa farið fram á að Zapatero kanni áreiðanleika yfirlýsingar talsmanna ETA, en þeir boðuðu varanlegt vopnahlé í síðustu viku. - smk








**FYRRVERANDI SAMHERJAR** Júlía Tímósjenkó situr á spjalli við Viktor Júsjenkó forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Byltingarflokkarnir taki höndum saman

**Samherjarnir úr „appelsínugulu byltingunni“ í Úkraínu þurfa að jafna ágreining sinn. Júsjenkó forseti hvattur til að mynda ekki stjórn með Janúkovitsj.**

**ÚKRAÍNA, AP** Háttsettir flokksfélagar Viktors Júsjenkós Úkraínuforseta skora nú á hann að jafna ágreining sinn við Júlíu Tímósjenkó, fyrrverandi bandamann sinn í „appelsínugulu byltingunni“, svo þau geti myndað saman nýja ríkisstjórn.

Saman gætu flokkarnir þrír, sem stóðu að byltingunni árið 2004, hæglega myndað ríkisstjórn sem nyti meirihlutastuðnings á þinginu. Þetta eru flokkur forsetans, sem heitir Okkar Úkraína og hafði hlotið 84 þingsæti þegar talin höfðu verið nærri 95 prósent atkvæða, flokkabandalag Júlíu Tímósjenkó sem hefur hlotið 131 þingsæti, og Sósíalistaflokkurinn sem er með 34 þingsæti. Saman ráða þessir flokkar yfir 249 þingsætum, en aðrir flokkar á þingi eru aðeins tveir, það er Héraðaflokkur Viktors Janúkovitsj, fyrrverandi forseta, með 180 þingsæti, og Kommúnistaflokkurinn með 21 þingsæti. Júlía Tímósjenkó hefur hvatt til þess að appelsínugulu byltingarflokkarnir taki höndum saman á ný, en sjálf krefst hún þess að verða forsætisráðherra í nýrri ríkisstjórn. Júsjenkó forseti rak hana úr embætti forsætisráðherra núna í september síðastliðnum, og bæði hann og flokksfélagar hans virðast tregir til að ganga að þessu skilyrði hennar.

Flokksfélagar Júsjenkós sendu honum hins vegar í gær þau skilaboð að hann ætti að reyna allt til þess að forðast stjórnarmyndun með Janúkóvitsj sem er hliðhollur Rússum og færi að öllum líkindum ekki jafn hratt og hinir flokkarnir í að styrkja tengslin við Vestur-Evrópu. -gb






# VAXTALAUSIR DAGAR



**Ifö Kreta m/nuddi**
Einföld og falleg hönnun sem skapar vellíðan fyrir alla fjölskylduna.
Stærð 143x143sm.

**Tilboð:**
114.900 kr.



**Ifö Cera 3816**
Traust, einföld og þægileg með vandaðri setu.

**Tilboð:**
18.900 kr.



**Geberit salerniskassi**
Vegghengt salerni með innbyggðum Geberit kassa og skál með harðri setu.

**Tilboð:**
39.900 kr.



**Ifö Calypso**
80x80sm
heill sturtuklefi með stálbotni.

**Tilboð:**
47.900 kr.



**Ifö Solid**
Sterk, þægileg og auðveld í umgengni og uppsetningu.
90x90sm.

**Tilboð:**
39.900 kr.



**Mora Marena**
Mora Marena hitastillt sturtutæki með ömmustöng, skipti, sturtuhaus og tilheyrandi búnaði.

**Tilboð:**
28.000 kr.

VISA
MasterCard

Nýttu þér frábær tilboð á völdum vörum og kauptu hreinlætistækin sem þig langar í á betri kjörum. Nú getur þú greitt með léttgreiðslum Euro og Visa – vaxtalaust í 3 mánuði.

Veldu búnað sem sameinar fegurð og notagildi.

**HANNAÐU HEIMILIÐ MEÐ TENGI**

**Opið:**

| | |
|---|---|
| Virka daga | 08-18 |
| Laugardaga | 10-15 |

Smiðjuvegur 76 200 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is

TENGI

## „ORÐRÉTT“

*Jafnvel rothögg?*

**„Fyrir mér myndi ég túlka dóminn sem kjafshögg á þessa ritstjórnarstefnu.“**

BUBBI MORTHENS Í MORGUNBLAÐINU UM DÓMINN YFIR RITSTJÓRA HÉR OG NÚ.

*Ríkisvæðum draslið*

**„Helst hefði ég kosið að grunnnetið kæmist aftur í opinbera eigu, til dæmis í eigu sveitarfélaganna.“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON ALÞINGISMAÐUR UM GRUNNNET SÍMANS. FRÉTTABLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGA HAUKSDÓTTIR TÓNLEIKASTJÓRI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

# *Viðburðaríkt og fjörugt tónleikaár*

„Það er allt ágætt að frétta og fullt að gerast,“ segir Helga Hauksdóttir tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands þegar blaðamaður slær á þráðinn. Nóg er um að vera hjá Sinfóníuhljómsveitinni um þessar mundir á seinni helmingi starfsársins sem er frá 1. september til 30. júní.

Sinfóníuhljómsveitin er alltaf með vikulega tónleika sem Helga sér um að skipuleggja og eru yfirleitt á fimmtudögum. „Það er búið að vera mikið og fjörugt tónleikahald undanfarið,“ segir Helga sem er ánægð með gott starfsár.

Auk vikulegra tónleika eru stundum aukatónleikar á föstudögum. Það fer venjulega eftir aðsókn og eftirspurn hvaða tónleika er ákveðið að endurflytja og tekur Helga flutning á verkinu Innrásin frá Mars sem dæmi. Gífurleg aðsókn var á þá tónleika og því ákveðið að halda aukatónleika vegna mikillar eftirspurnar. Einnig eru sumir tónleikar með fasta aukatónleika og ræðst það af því að margir áskrifendur eru að þeim tónleikum.

Aðspurð hvort það séu einhverjir stórir tónleikar framundan segir Helga afar erfitt að gera upp á milli tónleika. En vissulega sé mismunandi umstang fyrir tónleika. Til að mynda hafi mikil vinna verið í kringum Innrásina frá Mars.

Í vetur hefur Sinfóníuhljómsveitin verið með tónleikaröð á verkum Mozarts vegna 250 ára fæðingarafmælis skáldsins og eru einir tónleikar að baki og tvennir framundan.

Næstu tónleikar verða á fimmtudaginn eftir viku þegar Sálumessa Mozarts verður flutt ásamt öðrum sérvöldum verkum.

Í sumar verður Sinfóníuhljómsveitin með tónleika á Listahátíð Reykjavíkur sem fer fram 26. og 27. maí. Flutt verður frönsk ópera og er þetta samvinnuverkefni Listahátíðar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. „Þetta er sérstakt verkefni þar sem sögusviðið er Ísland, mikil dramatík og harmur.“ Þeir munu fara fram á Listasafni Reykjavíkur í maí.



**HELGA HAUKSDÓTTIR** Tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

## HVAÐ SEGIR ANNA?

**AÐSKILNAÐUR MÓÐUR OG BARNS**



**ANNA MARTA GUÐMUNDSDÓTTIR** Bóndi á Hesteyri við Mjóafjörð.

# *Hræðilegt*

Ég var að horfa og hlusta á sjónvarp á dögunum þegar sagt var frá því í fréttum að til stæði að búa svo um hnúta að gamla fólkið gæti lengur notið þess að vera í nálægð barna sinna. Gott, gott.

En þá kom mér í hug ein vinkona mín sem varð fyrir því að telpan hennar var tekin frá henni og komið fyrir langt í burtu hjá ókunnugum. Móðirin og dóttirin grétu enda vildu þær vera saman. En á þessu fékkst engin bót. Ekki einu sinni fimm árum eftir atburðinn þó alltaf þrái þær samveru. Ekkert hindrar að þær fái að vera saman, nema fátækt og illgirni nágranna. Því miður er þetta ekkert einsdæmi og svona lagað hefur haft í för með sér hræðilega atburði, allt upp í sjálfsmorð sem er glæpur sem aldrei fæst bót á, um aldur og ævi, hvorki fyrir barn né móður.






# Uppvaskið vegur þungt í rekstri veitingastaða

**Íslandsmótið í uppvaski fer fram í fyrsta sinn á morgun. Fjórtán taka þátt. Vandvirkni, hreinlæti og skipulagning er það sem skilur á milli góðs og lélegs uppvaskara.**

Viðbúið er að hart verði barist – jafnvel til síðasta blóðdropa – á fyrsta opinbera Íslandsmótinu í uppvaskinu. Fjórtán fræknir uppvaskarar eru skráðir til leiks og hafa þeir lagt nótt við nýtan dag í undirbúning síðustu daga og vikur. Til mikils er að vinna því auk sjálfs Íslandsmeistaratitilsins er þátttaka á Norðurlandameistararamótinu í uppvaski í húfi.

„Uppvaskið skiptir rosalega miklu máli í hverju einasta eldhúsi,“ segir Þuríður Helga Guðbrandsdóttir matartæknir og formaður Félags matartækna. Hún veit hvað hún syngur þegar hún talar um uppvask enda verið lengi í bransanum. Undanfarin ár hefur hún stýrt skólamötuneytunum, fyrst í Breiðholtsskóla en síðustu ár í Fellaskóla. Hún segir góða uppvaskara vanmetna í samfélaginu. „Þetta er týnd stétt og það er slæmt hve mannaskipti í faginu eru tíð,“ segir hún og skrifar það helst á hve erfið vinnan er. En þó að uppvaskarar njóti ekki alls staðar sannmælis vita þeir sjálfir hve miklu máli störf þeirra skipta. „Ef uppvaskari klikkar þá klikkar allt hjá kokkinum og þjóninum,“ segir Þuríður Helga og bendir á, máli sínu til stuðnings, að viðskiptavinurinn verði svo óánægður ef diskur, glas og hnífapör eru óhrein að gæði matar og þjónustu skiptir þá litlu máli.

Keppnin byggist á tímatöku og gæðamati. Keppendur þurfa að vinna úr ákveðnu magni óhreins leirtaus og skila því tandurhreinu á sem skemmstum tíma. Eins og í öllum stóreldhúsum er vaskað upp í uppþvottavél. En vélarnar gera ekki allt, mannshöndin skiptir enn mestu máli við uppvask. „Vélarnar skola bara og sótthreinsa. Ef leirtauið er ekki hreint þegar það fer inn kemur það óhreint út,“ segir Þuríður Helga.



**VASKAÐ UPP** Íslandsmótið í uppvaski verður haldið í hnefaleikahring í Fífunni í Kópavogi á morgun. Keppendur æfðu sig á keppnisstað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún segir góðan uppvaskara þurfa að búa yfir vandvirkni, hreinlæti og skipulagningu og ítrekar mikilvægi síðastnefnda þáttarins. „Skipulagningin gengur út á að nýta hverja vél hundrað prósent. Það kostar peninga í hvert sinn sem uppþvottavélinni er lokað enda kosta sápa og glansefni sitt. Uppvaskið vegur því þungt í rekstri veitingastaða,“ segir Þuríður Helga.

Íslandsmótið í uppvaski er haldið í tengslum við sýningarnar Matur 2006 og Ferðatorg 2006 sem hefjast í Fífunni í Kópavogi síðdegis í dag.

bjorn@frettabladid.is

# Viskan býr hjá Hólmadrangi

Starfsmenn Hólmadrangs fóru með sigur af hólmi í spurningakeppni Strandamanna 2006. Undanúrslit og úrslit fóru fram á sunnudag en keppnin hófst í febrúar.

Lið Hólmadrangs lagði Strandamenn í Kennaraháskóla Íslands að velli í úrslitaviðureigninni og réðust úrslit ekki fyrr en í lokaspurningunni. Viskubikarinn, farandverðlaunagripur af glæsilegra taginu, verður því varðveittur hjá Hólmadrangi næsta árið.

Spurningakeppni Strandamanna er einn fjölmargra menningarviðburða sem fram fara á Ströndum ár hvert en þar er félagslíf með blómlegra móti. ■



**VISKUBRUNNAR** Lið starfsmanna Hólmadrangs bar sigur úr býtum í Spurningakeppni Strandamanna 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/STRANDIR.IS



**FYLGST MEÐ AF ATHYGLI** Fjölmenni fylgdist með lokakeppni spurningakeppninnar og hafði gaman af. FRÉTTABLAÐIÐ/STRANDIR


Lágt vöruverð í Bónus ALLA daga!
BÓNUSÍSINN
198 KR.
2 LÍTRAR!
Vanillu ís 2
Súkkulaði ís 2
BÓNUS
BÓNUS Ís í boxi
4 BOX Í PAKKA
98 KR.
BÓNUSBLÓM
SMYRILL
98 KR.
400g
SMYRILL
BÓNUS
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUSBRAUÐ
KÍLÓ brauð
Bónusvörur
á góðu verði
Stórar og góðar
ÚRVALS RÆKJA
599 kg KR.
ÚRVALSRÆKJUR Í KÍLÓPOKUM
FERSKIR VÆNGIR
139 kg KR.
Merkt verð 199KR.
Ferskir bitar
30% afsláttur við kassann
BÓNUSFETI
BÓNUSFETI
199 KR.
250g
BÓNUS FETA
BÓNUS FETA OSTUR Í KRYDDOLÍU
FERSKIR LEGGIR
349 kg KR.
Merkt verð 349KR.
FERSK LÆRI
349 kg KR.
Merkt verð 499KR.
Nýtt í Bónus!
-og góða Bónus línuýsan
FROSIN ÝSUFLÖK
399 kg KR.
MEÐ ROÐI
FROSIN ÝSUFLÖK
499 kg KR.
ROÐLAUS
FROSIN ÝSUFLÖK
599 kg KR.
ROÐLAUS/BEINLAUS
www.bonus.is
bonus.is
Tilboð í viku 13 gilda til sunnudags 2. apríl

## Svona erum við

> Stærð friðlýstra svæða á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** DEILURNAR Í FRAKKLANDI

# *Lögin sem settu samfélagið á hvolf*

Undanfarnar vikur hafa námsmenn og verkalýðsfélög í Frakklandi harðlega mótmælt nýrri vinnulöggjöf. Mótmælin hafa hvað eftir annað snúist upp í óeirðir með ofbeldisverkum. Kennsla hefur víða lagst niður bæði í háskólum og framhaldsskólum vegna mótmælaaðgerða nemenda. Talið er að meira en milljón manns hafi tekið þátt í mótmælafundum í gær. Dominique de Villepin forsætisráðherra þykir hafa tekið klaufalega á málinu og gæti fyrir vikið hrakist frá völdum. Hann hefur engu að síður látið alla gagnrýni á nýju lögin sem vind um eyru þjóta.

**Um hvað snúast nýju lögin?**
Lögin veita atvinnurekendum heimild til þess að bjóða ungu fólki, sem er yngra en 26 ára, tveggja ára reynsluráðningu. Á reynslutímanum geta atvinnurekendur hvenær sem er sagt starfsmanninum upp án fyrirvara og án skýringar. Almenna reglan í Frakklandi er sú að reynslutími starfsfólks, sem ráðið er til vinnu, sé einn til þrír mánuðir.

**Til hvers voru þau sett?**
Franska þingið samþykkti þessi lög, að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, í þeim tilgangi að draga úr atvinnuleysi ungs fólks. Margir atvinnurekendur segjast vera tregir til að ráða ungt fólk í vinnu vegna þess hve erfitt er að reka starfsfólk, hvort sem það reynist óhæft til vinnu eða ekki er lengur þörf fyrir það. Atvinnuleysi ungs fólks í Frakklandi er meira en 20 prósent, sem er með því hæsta sem þekkist í Evrópu. Með því að heimila tveggja ára reynsluráðningu er vonast til þess að auðveldara verði fyrir ungt fólk að fá starfsráðningu.



**Hverju er verið að mótmæla?**
Bæði námsmenn og verkalýðsfélög óttast að lögin muni ekki draga úr atvinnuleysi. Þvert á móti hefur því verið haldið fram að ungt fólk muni eiga enn erfiðara með að finna sér atvinnu til frambúðar. Margir telja að atvinnurekendur muni hreinlega notfæra sér þessi lög til þess að misnota unga starfskrafta, ráða þá til vinnu en segja þeim síðan upp eftir því sem henta þykir áður en tveggja ára reynslutíminn rennur út.



**ÚTIVIST** Þessi bandaríska kona og hundurinn hennar nutu góða veðursins fyrr í vikunni í Great Falls í Montana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Flestir kjósa sama flokk

**Ef bornar eru saman niðurstöður tveggja spurninga í skoðanakönnun Fréttablaðsins, Hvaða flokk Reykvíkingar myndu kjósa í alþingiskosningum annars vegar og borgarstjórnarkosningum hins vegar, ef boðað yrði til kosninga nú, segjast rúm 80 prósent stuðningsfólks Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í alþingiskosningum að þau myndu kjósa sama flokk í borgarstjórnarkosningum. Stuðningsfólk annarra flokka virðist flakka frekar á milli kosninga.**

Í könnun Fréttablaðsins sem birt var á sunnudag kom í ljós að Sjálfstæðisflokkurinn var stærsti flokkurinn í Reykjavík og fengi 53,8 prósent atkvæða til borgarstjórnar, væri boðað til kosninga nú. Samfylking fengi 33,3 prósent atkvæða, Vinstri hreyfingin - grænt framboð 6,2 prósent, Frjálslyndi flokkurinn 3,5 prósent og Framsóknarflokkurinn þrjú prósent. Hringt var í 600 Reykvíkinga á kosningaaldri, 300 karla og 300 konur. Svarhlutfallið var rétt tæp 62 prósent.

Í sömu könnun var einnig spurt hvað Reykvíkingar myndu kjósa ef boðað yrði nú til alþingiskosninga. Fylgi stærstu flokkanna tveggja, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, virðist nokkru minna í alþingiskosningum en borgarstjórnarkosningum. Sjálfstæðisflokkur mælist þó stærstur í Reykjavík og sögðu 46,8 prósent myndu kjósa þann flokk í alþingiskosningum. 30,4 prósent sögðust myndu kjósa Samfylkingu. Nokkru fleiri segjast myndu kjósa vinstri græna í alþingiskosningum en í borgarstjórnarkosningum, eða 15,0 prósent þeirra sem tóku afstöðu. 4,2 prósent sögðust styðja Framsóknarflokk í alþingiskosningum og 3,3 prósent Frjálslynda flokkinn. Samkvæmt þessu gætu 22 þingmenn Reykjavíkur skipst svo að Sjálfstæðisflokkur fengi 11 þingmenn, Samfylking fengi sjö, vinstri grænir fengju þrjá þingmenn og Framsóknarflokkurinn einn. Frjálslyndi flokkurinn myndi ekki ná inn manni. Reglur um uppbótarsæti og úrslit í öðrum kjördæmum gætu þó haft veruleg áhrif á skiptingu þingmanna. Síðasti þingmaður inn er fulltrúi Framsóknarflokksins. 5,6 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar sem var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú.

Misjafnt er eftir flokkum hve stórt hlutfall þeirra sem segjast styðja ákveðinn flokk til alþingiskosninga myndi kjósa sama flokk í borgarstjórnarkosningum. Ef einungis er litið til þeirra sem taka afstöðu til alþingiskosninga, virðist stuðningsfólk Sjálfstæðisflokks vera minnst líklegt til að segjast kjósa mismunandi flokka milli alþingis- og borgarstjórnarkosninga, en rúm 88 prósent þeirra sem segjast kjósa Sjálfstæðisflokk í alþingiskosningum styðja flokkinn í borgarstjórnarkosningum. Þrjú prósent þeirra segjast myndu kjósa Samfylkingu í borgarstjórnarkosningum, tæpt prósent styður vinstri græna og rúm átta prósent eru enn óákveðin, eða gefa ekki upp hvað þau myndu kjósa í borgarstjórnarkosningum.

Tæp 82 prósent þeirra Reykvíkinga sem styðja Samfylkinguna í alþingiskosningum segjast einnig styðja flokkinn í borgarstjórnarkosningum. Tæp fimm prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, tæpt prósent segist myndu kjósa Frjálslynda flokkinn í borgarstjórnarkosningum og tæp tvö prósent segjast myndu kjósa vinstri græna. Ellefu prósent þeirra sem styðja Samfylkingu í alþingiskosningum hafa ekki gert upp hug sinn til borgarstjórnarkosninga eða vilja ekki gefa hann upp.

Meira flökt er á þeim sem segjast kjósa minni flokkana til alþingiskosninga. Að hluta til getur skýringin verið sú að vegna þess að fáir segjast styðja þá flokka eru skekkjumörkin hærri en hjá þeim sem kjósa Samfylkingu og Sjálfstæðisflokk. Að hluta getur skýringin einnig verið sú að þeir sem segjast styðja minni flokkana til alþingiskosninganna séu ekki eins ákafir í stuðningi sínum og þeir sem styðja stærri flokkana tvo.

Einungis þriðjungur, eða rúm 33 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa vinstri græna í alþingiskosningum segist gera hið sama í borgarstjórnarkosningum. Tæp sex prósent þeirra segjast myndu kjósa Framsókn og jafn stór hluti segist myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórnarkosningum. Tæp 28 prósent segjast myndu kjósa Samfylkinguna og jafnstór hluti er enn óákveðinn eða vill ekki gefa upp hvað hann myndi kjósa í borgarstjórnarkosningum. 40 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn í alþingiskosningum segist einnig myndu kjósa flokkinn í borgarstórnarkosningum. Tæp 27 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, 20 prósent styðja Samfylkingu í borgarstjórnarkosningum og tæp sjö prósent segjast myndu kjósa vinstri græna. Tæp sjö prósent hafa ekki gert upp hug sinn eða neita að gefa það upp.

Af stuðningsfólki Frjálslynda flokksins í alþingiskosningum segjast tæp 42 prósent myndu kjósa flokkinn í borgarstjórnarkosningum. Enginn þeirra segist myndu kjósa vinstri græna eða Sjálfstæðisflokkinn, en rúm átta prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn og jafnstór hluti myndi kjósa Samfylkingu í borgarstjórnarkosningum. Jafnmargir og stuðningsmenn flokksins, eða tæp 42 prósent hafa ekki gert upp hug sinn eða vilja ekki gefa upp hvað þeir myndu kjósa í borgarstjórnarkosningum.

Stuðningur karla virðist aðeins stöðugri, en af þeim sem gáfu upp hvað þeir myndu kjósa í alþingiskosningum, segjast tæp 76 prósent myndu kjósa sama flokk í borgarstjórnarkosningum. Rúm 15 prósent karla ætla að kjósa annan flokk í borgarstjórnarkosningum en í alþingiskosningum en níu prósent hafa ekki gert upp hug sinn varðandi borgarstjórnarkosningarnar. Rúm 72 prósent kvenna segjast myndu kjósa sama flokk í báðum kosningum. Tæp 10 prósent segjast myndu kjósa annan flokk í borgarstjórnarkosningum, en rúm 18 prósent þeirra hafa ekki gert upp hug sinn varðandi borgarstjórnarkosningarnar eða vilja ekki gefa hann upp.

Ef einungis er litið til þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa í alþingiskosningum eða eru óákveðnir, eru rúm 75 prósent þeirra einnig óákveðnir þegar kemur að borgarstjórnarkosningunum.

**HVAÐA LISTA MYNDIR ÞÚ KJÓSA EF BOÐAÐ YRÐI TIL ALÞINGISKOSNINGA NÚ?**




**HLUTFALL KYNJANNA SEM SEGIST KJÓSA SAMA FLOKK Í ALÞINGIS- OG BORGARSTJÓRNARKOSNINGUM**




**HVERNIG STUÐNINGSFÓLK FLOKKA Í ALÞINGISKOSNINGUM HYGGST KJÓSA Í BORGARSTJÓRNARKOSNINGUM**

| | B | D | F | S | V | annað* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Framsóknarflokkur (B) | 40,0% | 26,7% | 0,0% | 20,0% | 6,7% | 6,7% |
| Sjálfstæðisflokkur (D) | 0,0% | 88,1% | 0,0% | 3,0% | 0,6% | 8,3% |
| Frjálslyndi flokkurinn (F) | 8,3% | 0,0% | 41,7% | 8,3% | 0,0% | 41,7% |
| Samfylking (S) | 0,0% | 4,6% | 0,9% | 81,7% | 1,8% | 11,0% |
| Vinstri grænir (V) | 5,6% | 5,6% | 0,0% | 27,8% | 33,3% | 27,8% |

*kýs ekki, svara ekki og óákveðnir



FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is



SOTHYS
PARIS



SOTHYS KYNNING Í HAGKAUPUM SKEIFU OG SMÁRALIND
30. MARS - 5. APRÍL

Sérfræðingar frá SOTHYS veita ráðleggingar um umhirðu húðarinnar og glæsilegir kaupaukar fylgja ef keyptar eru vörur frá Sothys.

## SOTHYS SNYRTINÁMSKEIÐ

Sothys snyrtinámskeið verður haldið í Hagkaupum Smáralind 5. apríl kl. 20. Snyrti- og förðunarfræðingar fara yfir umhirðu húðar með notkun SOTHYS. Dr. Ottó Guðjónsson lýtalæknir verður með fyrirlestur. Glæsilegar gjafir og afsláttur í lok námskeiðis. Skráning á www.hagkaup.is eða í síma 530-1000. Þátttökugjald er 2.500.

## BYLTING Í UMHIRÐU HÚÐARINNAR

Vísindamenn hjá Sothys hafa nú þróað byltingarkennda rakalínu með þrefalda virkni sem vinnur að stöðugri rakaframleiðslu í dýpstu lögum húðarinnar. Húðin fær stöðugt þann raka sem hún þarf ásamt því að viðhalda honum.

THI3 er háþróuð og byltingarkennd aðferð til fullkomnunar í húðumhirðu.

Húðin þín sýnir þér árangurinn.




Gildir til 5. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**ÞYRLAN KEMUR MÖNNUM TIL HJÁLPAR** Þeir Stefán Sveinsson og Davíð Þór Óskarsson sýna hér þyrluflugmönnum vindáttina með því að halda á lofti spjaldi sem bundið er í snæri. Þeir fengu að bíða mun lengur en áætlað hafði verið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Æfðu viðbrögð vegna Kötlugoss

**Um síðustu helgi fór fram í Rangárvallarsýslu og Vestur-Skaftafellssýslu víðtækasta almannavarnaæfing sem um getur hér á landi. Þá var munurinn á milli hins raunverulega og hins hugsanlega ekki öllum sjáanlegur en um 1.500 manns tóku þátt í þessum sýndarleik þar sem gert var ráð fyrir því að gosið hefði úr Kötlu.**

Blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins voru í Vík í Mýrdal á laugardag og fylgdust með æfingunni sem þar fór fram. Um klukkan tíu voru leikarar sendir af stað í hlutverki ferðamanna sem yrðu í hættu staddir í nágrenni Mýrdalsjökuls þegar flóðið færi af stað. Íbúar Víkur og nágrennis fóru heldur ekki varhluta af þessu ástandi því stór hluti þeirra býr á hættusvæðum og því verður að rýma hús þeirra.

### Léku ferðamenn og mótþróafulla íbúa

Finnbogi Jónasson og Gústaf Ingason úr Lögregluskólanum voru í hlutverki leikara og áttu að fara á jeppa upp að Hafursey. Það var þó ekki heiglum hent þar sem ófærð var utan þjóðvegar. Þeir komust þó langleiðina þangað upp eftir allt saman eftir mikinn þrautaakstur. Kollegar þeirra Stefán Sveinsson og Davíð Þór Óskarsson voru einnig í slíkum hlutverkum en þeirra leið niður að Hjörleifshöfða var mun greiðfærari. Aðrir leikarar voru dreifðir um svæðið og biðu björgunar eftir að hafa komist á tilætlaðan stað. Hlutverk leikara voru þó misjöfn. Til dæmis fékk Ágúst Sigurjónsson það hlutverk að leika íbúa á hættusvæði með mótþróa sem beita þyrfti kænsku og festu til að koma til skráningar. Mikið fór fyrir honum í fjöldahjálparstöð þar sem hann fór hörðum orðum um þá meðferð sem hann fékk.



**TF-SIF** Flugmenn þyrlunnar höfðu í nógu að snúast á æfingunni.

### Í ímyndaðri neyð

„Þetta er frá Bergrisanum. Við erum staddir í neyð vestur við Hjörleifshöfða. Bíllinn okkar er fastur og allt er að fara á kaf," sagði Stefán þegar hann hringdi í Neyðarlínuna. Þeim var ráðlagt að koma sér upp á Hjörleifshöfða. Bjart var í veðri en vindasamt en í þessum sýndarleik átti veðrið að vera öllu verra. Einnig átti gjósku og sandi að þyrla upp en þetta æfingaveður, eins og það er kallað, barst ekki Landhelgisgæslunni og einhverjir fjarskiptaörðugleikar komu upp svo leikararnir urðu að bíða um klukkustund á Hjörleifshöfða. Fóru þeir aftur að bíl og hringdu þaðan í Neyðarlínuna að nýju. Samkvæmt sýndarleiknum var bíllinn kominn á flot þegar þyrlan sótti mennina svo á sandinn tæpum tveimur klukkustundum eftir að fyrst var hringt.



**LEIKARI Í HLUTVERKI MÓTÞRÓAFULLS ÍBÚA** Leikarar fengu misjöfn hlutverk og lét Ágúst Sigurjónsson öllum illum látum á fjöldahjálparstöðinni líkt og honum var ætlað að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### Bæjarbúar tóku raskinu vel

Um klukkan 11 byrjuðu björgunarsveitarmenn að ganga á milli húsa á hættusvæðum í Vík og nágrenni til að fá íbúa til að yfirgefa hús sín. Blaðamaður slóst í för með Gunnari Bjarka Guðlaugssyni, sem bar sig kurteislega enda tóku íbúar honum vel og urðu við kalli hans hið snarasta. Fóru þeir í fjöldahjálparstöð til skráningar. Þeir sem blaðamaður talaði við virtust vera fegnir æfingunni og virtu það sem svo að verið væri að búa að öryggi þeirra. Þó var ljóst að allnokkrir hefðu brugðið sér af bæ enda kom Gunnar Bjarki óvíða að tómum kofanum. Að sögn Víðis Reynissonar æfingastjóra tóku þó 180 íbúar þátt í æfingunni þennan dag, sem var mun meiri þátttaka en búast hafði mátt við.

### Ýmislegt þarf að laga

Á fjöldahjálparstöðinni sem Rauði krossinn hafði komið upp í Vík var ys og þys en þær Elsa Vilmundardóttir og Áslaug Einarsdóttir sem þar sáu um að skrá íbúa sögðu að þeir hefðu brugðist skjótt við og mesta álagið hefði verið á um fjörutíu mínútna kafla.

Víðir var ánægður í lok æfingar og sagði það markmið hafa tekist að láta reyna á kerfið og hefðu nokkrir agnúar komið í ljós sem vinna þyrfti í. „Helst var það vinnan með meðferð upplýsinga sem var ekki nægilega hnitmiðuð og skjót," segir hann. „Það þyrfti því að gefa fólkinu sem vinnur á stjórnstöðvunum frekari tækifæri til að þjálfa sig."



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is



**ÍBÚAR Í SKRÁNINGU** Í nógu var að snúast hjá Elsu Vilmundardóttur og Áslaugu Einarsdóttur í skráningunni á fjöldahjálparstöð Rauða krossins. Ekki stóð það þó lengi því íbúar voru fljótir til. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Menntamálaráðuneytið

## Viðbótarnám fyrir grunnskólakennara vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalnámsskrá

Í maí 2006 hefst viðbótarnám í íslensku fyrir grunnskólakennara vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalnámskrá. Námið verður með eftirfarandi hætti.

- **Aðfaranám, maí 2006.**

Meðal annars verður farið yfir drög að aðalnámskrá og nemendum þátttakendum kynnt kennsluumhverfi á vef.

Staðbundnar lotur verða haldnar í öllum landsfjórðungum og þeim fylgt eftir með fjarnámi.

19. og 20. maí á Akureyri og í Reykjavík.
26. og 27. maí á Ísafirði og Egilsstöðum.

- **Aðfaranám, haust 2006 (3e).**

Meðal annars verður hugað að undirbúningi háskólanáms í íslensku og rætt um kennsluaðferðir og -tækni.

**September 2007**

- **Viðbótarnám, 2007-2009.**

Þátttakendur geta valið námskeið í íslensku í Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri eða Háskólanum í Reykjavík og stundað þau í fjarnámi.

Menntamálaráðuneytið mun greiða kennslukostnað og innritunargjöld.
Umsóknir um þátttöku berist í síðasta lagi 28. apríl 2006 til Símenntunarstofnunar Kennaraháskóla Íslands sem hefur umsjón með skráningu og þátttöku. Upplýsingar um skráningu og námið eru veittar á vef Símenntunar: **http://simennt.khi.is** og í síma 563 3980.

# GENGUR ÞÚ SVONA UM BÆINN?



Öll viljum við ganga vel um heimili okkar. Gildir ekki það sama um borgina sem við búum í? Hreinsun sorps af götum borgarinnar kostar um 23 milljónir króna árlega. Þetta samsvarar árlegu meðalútsvari rúmlega 100 Reykvíkinga.

**ÞAÐ MUNAR ENGU FYRIR ÞIG AÐ GANGA VEL UM**
**ÞAÐ MUNAR ÖLLU FYRIR UMHVERFIÐ**

Reykjavíkurborg

## Virkjum okkur!

**Framlag atvinnugeira til landsframleiðslu 2005**




Heimild Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** REINHARD REYNISSON, BÆJARSTJÓRI Á HÚSAVÍK

## *Um Evrópu með frúna aftan á*

Vélhjólabakterían hefur blundað í Reinhard Reynissyni, bæjarstjóra á Húsavík, frá því að hann var ungur sveitapiltur vestur á fjörðum. Fyrir tveimur árum lét hann æskudraum sinn rætast og keypti sér forláta mótorhjól. „Ég keypti mér 1400 rúmsentimetra Suzuki Intruder og er það með betri kaupum sem ég hef gert. Hjólið var nýkomið til landsins, árgerð 1995, og í toppstandi.“

Reinhard ók hjólinu frá Grindavík til Húsavíkur en hefur einkum notað það í styttri hjólaferðir um Þingeyjarsýslur og Eyjafjörð. „Það er ólýsanleg tilfinning að ferðast á mótorhjóli um landið og skemmtilegast ef góðir félagar eru með í för. Vonandi kemst maður í að hjóla um Austurland í sumar og aldrei að vita nema ég eigi eftir að taka góða rispu um vegi Evrópu síðar meir. Ef konan biður fallega getur vel verið að hún fái að sitja aftan á,“ segir Reinhard.

Bæjarstjórinn segir að þeir sem ferðist um landið á vélhjólum upplifi náttúruna á annan máta en þeir sem ferðast með bíl. „Maður er í mun nánara sambandi við náttúruna og nýtur margbreytileika hennar því betur.“

Vélhjólum hefur farið fjölgandi á Húsavík undanfarin ár og segir Reinhard stutt í að vélhjólamenn bæjarins stofni formlegan félagsskap.



Bæjarstjórinn segist ekki hafa lent í neinum stóráföllum sem neytandi og er að mestu sáttur við flest sín viðskipti. „Ég man ekki eftir, eða á erfitt með að viðurkenna, einhver einstök slæm kaup sem ég hef gert. Ætli þau liggi ekki bara í öllu góssinu í bílskúrnum og geymslunni sem aldrei er hreyft nema þegar maður er að taka til á þessum stöðum, sem þó er nú ekkert mjög oft,“ segir Reinhard.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### HITA SÍTRÓNU OG VATN

■ *Hulda Hallgrímsdóttir nýtir sér húsráð úr sjónvarpsþættinum Allt í drasli.*

Hulda Hallgrímsdóttir, meistaranemi í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands, nýtir sér húsráð sem hún sá í þættinum Allt í drasli, sem sýndur er á Skjá einum.



„Ég man eftir einu húsráði sem ég nota stundum. Ég fékk það í sjónvarpsþættinum Allt í drasli. Það er að setja sítrónu og vatn í skál, hita í tvær mínútur inni í örbylgjuofni og þá er hægt að strjúka öll óhreinindi úr ofninum og það skilur einnig eftir sig góða lykt. Algjör óþarfi að nota hreinsiefni. Það kom mér nokkuð á óvart að þetta skyldi virka.“

■ **Hvað kostar... í ljós**

## Hagstæðast að kaupa kort



Margvísleg tilboð eru hverju sinni á flestum sólbaðsstofum landsins og ætli fólk á annað borð að fara í ljós oftar en einu sinni og oftar en tvisvar er um að gera að gera verðsamanburð því tilboð koma og fara og veita mörg hver ríflegan afslátt af gildandi verði.

Lausleg könnun Fréttablaðsins leiddi í ljós að verð á stökum tímum víðast hvar er milli 600 og 700 krónur. Þeir dýrustu fara reyndar alla leið í 800. Tíu tíma kortin eru hvað vinsælust og er á flestum stöðum boðið upp á tvenns konar slík kort; annað sem gildir í einn mánuð og hitt í þrjá mánuði. Mikill verðmunur getur verið á hverjum stað en algengt verð er 5.600 til 5.900. Þannig sparast að meðaltali tvö hundruð krónur miðað við að kaupa stakan tíma.

■ **Verslun og þjónusta**

## Betri þjónusta einkafyrirtækja



Mikill meirihluti telur að starfsmenn einkafyrirtækja veiti betri þjónustu en starfsmenn opinberra stofnana, samkvæmt könnun sem IMG Gallup gerði fyrir Samtök verslunar og þjónustu. Reyndust sjötíu prósent aðspurðra þeirrar skoðunar og er niðurstaðan því afgerandi. Aðeins ellefu prósent voru á því að þjónusta innan opinbera geirans væri að jafnaði betri og nítján prósent töldu þjónustuna svipaða. Var könnunin hluti af viðamikilli úttekt Háskólans í Reykjavík á stöðu og horfum í íslenskum þjónustugreinum.






**VIÐ BENSÍNSTÖÐ** Veiking krónunnar hefur þegar haft áhrif á á eldsneytisverð, sem hefur hækkað.

# Verðbreytingar ekki í takt við gengi

**Fulltrúar neytenda eru sammála um að oft skorti á jafnvægi í verðlagi út frá gengisbreytingum. Þegar krónan sé veik séu fyrirtæki fljótari að hækka verð heldur en að lækka verð við styrkingu krónunnar.**

„Miðað við hvað neytendur fundu seint og illa fyrir styrkingu krónunnar vænti ég þess að þeir finni seint og illa fyrir veikingu krónunnar,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, sem telur að neytendur eigi inni ákveðna hluti hjá innflytjendum.

Að sögn Jóhannesar gera neytendur kröfu til þess að seljendur vöru og þjónustu hafi samhengi í hlutunum hjá sér. „Við hljótum að gera athugasemdir við að menn haldi að sér höndum þegar krónan styrkist og hækki verð um leið og hún veikist. Ef þeir hækka einungis verð við veikingu krónunnar eru þeir að taka aukalega til sín.“

Gengi íslensku krónunnar hefur verið að gefa nokkuð samfellt eftir frá seinnihluta febrúarmánaðar eftir að hafa haldist sterkt í langan tíma fram að því. Seinustu daga hefur krónan verið að styrkjast aftur.

Að sögn Jóhannesar hafa áhrif veikingar krónunnar til dæmis verið að koma fram í verði á bensíni og dísilolíu undanfarið en verð hefur hækkað í þrígang á undanförnum þremur vikum. Ekkert sé við því að segja í sjálfu sér svo lengi sem samræmis sé gætt. „En ef forsendur breytast þar hljótum við að ætlast til þess að verð á bensíni og olíu lækki á nýjan leik.“

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir þær hækkanir sem hafa orðið í marsmánuði vera í samræmi við þróun heimsmarkaðsverðs og veikingar krónunnar. Hann tekur þó undir að fyrirtækin séu oft fljótari til við að hækka verð heldur en að lækka verð. Alþýðusamband Íslands gerir reglulegar verðkannanir og að sögn Hennýjar Hinz, hjá verðlagseftirliti ASÍ, er misjafnt eftir flokkum hvernig gengisáhrif skila sér út í verðlag. Hún telur ótímabært að segja fyrir um áhrif veikingar krónu á verðlag nú en segist geta tekið undir með Jóhannesi og Runólfi í ákveðnum tilvikum hvað varðar ósamræmi í verðlagi miðað við gengi krónu.



RUNÓLFUR ÓLAFSSON



JÓHANNES GUNNARSSON

Almennt séð fylgir matvara gengisþróun nokkuð vel að sögn Hennýjar en til að mynda fylgja bílar alls ekki sveiflunni. Allan þann tíma sem gengisstyrkingin var lækkuðu þeir ekki í verði heldur stóðu í stað eða hækkuðu.

Jóhannes vill ekki spá fyrir um hvað sé fram undan í verðhækkunum en segir að Neytendasamtökin muni fylgjast með breytingum á framfærsluvísitölu vöru og þjónustu og vöruflokkum innan hennar.

Jóhannes hvetur neytendur eindregið til að gera athugasemdir og hafa samband ef þeir verða varir við miklar verðhækkanir á næstunni.

**sdg@frettabladid.is**

**MATUR & NÆRING** | BJÖRN S. GUNNARSSON, MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐINGUR

## Munur á skyri og jógúrt



Margt er líkt með skyldum og þó að skyr og jógúrt séu að mörgu leyti líkar afurðir eru þær líka að ýmsu leyti ólíkar. Það sem helst skilur á milli er vinnsluaðferðin, en hún gerir það að verkum að skyr flokkast til osta en jógúrt telst vera hefðbundin sýrð mjólkurafurð. Algengast er að skyr sé unnið úr undanrennu og er þar af leiðandi fitulaust en jógúrt er oftar unnin úr nýmjólk eða léttmjólk.

Ástæða þess að skyr flokkast til osta er sú að við sýringu er undanrennan hleypt og mysan skilin frá líkt og gert er við hefðbundna ostagerð. Aðferð við að skilja skyrmysu frá skyrinu hefur þróast nokkuð og breyst á undanförnum árum og áratugum. Frá því að menn hófu að framleiða skyr á mjólkurbúum, á fyrrihluta síðustu aldar, var það framleitt með þeim hætti að skyrhleypan var sett í léreftspoka sem mysan var síuð úr. Seinna var farið að skilja mysuna frá í skilvindu og nýjasta afurðin, Skyr.is, er framleidd með örsíunartækni. Einn mikilvægasti þáttur í sérstöðu skyrs er skyrgerillinn. Hann er í raun ekki einn gerill heldur blanda mjólkursýrugerla og gers sem er ekki nákvæmlega þekkt, og getur verið breytileg milli lagana. Ástæða breytileikans er sú að í nýja skyrlögun er settur skyrþéttir sem er í raun skyr frá eldri framleiðslu. Þannig hefur skyrgerillinn haldist við frá kynslóð til kynslóðar, alltaf í nýju skyri. Á hinn bóginn inniheldur jógúrt hreina jógúrtgerla, Lactobacillus bulgaricus og Streptococcus thermophilus, sem sýra mjólkina og breyta henni í jógúrt. Reyndar verða þessir tveir tilteknu gerlar að vera í vörunni til að megi kalla hana jógúrt.







Um vinsældir þessara mjólkurafurða þarf vart að fjölyrða. Jógúrt er þekkt um allan heim og skyr, sem er eins og flestir vita séríslenskt fyrirbrigði, er afar vinsælt hérlendis og ýmislegt bendir til að það eigi vaxandi fylgi að fagna á erlendri grundu. Til að mynda er töluvert magn af Skyr.is nú flutt út til Bandaríkjanna en einnig er það væntanlegt á markað í nokkrum Evrópulöndum, svo sem Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð svo að einhver lönd séu nefnd. Það má því segja að gamla góða skyrið taki þátt í íslensku útrásinni af fullum krafti, enda afskaplega holl og góð afurð, eins og auðvitað jógúrt er líka.

**www.mni.is**

# Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

## Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring 4 dyra, sjálfskiptum, og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.290.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.400.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Brimborg Bíldshöfði 8
Brimborg Bíldshöfði 6
MAX1 Bílavaktin

**Komdu í nýjan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bíldshöfða 8**




## Ný heimkynni - Nýtt verð!

# Kr.2.290.000

**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*

NÝTT HÚSNÆÐI

## Við erum Mazda!

**Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!**

Berðu saman verð og búnað Mazda og Toyota.
Kynntu þér þjónustu Brimborgar og betri kjör Lýsingar.

**Veldu annan stíl. Núna Mazda.**

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

LÝSING — Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

**Kauptu nýja bílinn á gamla genginu**
Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði.
Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.
**Komdu núna**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Mazda2**<br>Væntanlegur í maí | **Mazda3 Touring 1,6i**<br>5 dyra, 5 gíra* | **Mazda3 Touring 1,6i**<br>4 dyra, 5 gíra* | **Mazda5 Touring 2,0i**<br>7 manna, 5 gíra* | **Mazda6 Touring 2,0i**<br>4 dyra, sjálfskiptur* |
| | **Besta verð 1.690.000 kr.**<br>Bílasamningur 22.945 kr.<br>Rekstrarleiga 30.414 kr. | **Besta verð 1.720.000 kr.**<br>Bílasamningur 23.353 kr.<br>Rekstrarleiga 32.140 kr. | **Besta verð 2.190.000 kr.**<br>Bílasamningur 29.422 kr.<br>Rekstrarleiga 39.990 kr. | **Besta verð 2.290.000 kr.**<br>Bílasamningur 31.130 kr.<br>Rekstrarleiga 41.800 kr. |
| **Mazda6 Touring 2,0i**<br>5 dyra, sjálfskiptur* | **Mazda6 Touring 2,0i**<br>Wagon, sjálfskiptur* | **Mazda MX-5 Sport 2,0i**<br>2 dyra, 6 gíra* | **Mazda RX-8 High**<br>4 dyra, 6 gíra* | **Mazda6 MPS AWD 2,3i**<br>4 dyra, 6 gíra* |
| **Besta verð 2.340.000 kr.**<br>Bílasamningur 31.380 kr.<br>Rekstrarleiga 42.200 kr. | **Besta verð 2.390.000 kr.**<br>Bílasamningur 32.500 kr.<br>Rekstrarleiga 43.800 kr. | **Besta verð 2.750.000 kr.**<br>Bílasamningur 36.944 kr. | **Besta verð 3.290.000 kr.**<br>Bílasamningur 44.669 kr. | **Besta verð 3.390.000 kr.**<br>Bílasamningur 45.543 kr. |

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota mars 2006. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**? Vissir þú?**
*að skráð afkvæmi gæðingaföðurins Ófeigs frá Flugumýri eru 781? Hæst dæmda afkvæmið er Keilir frá Miðsitju sem hefur hlotið 8.63 í aðaleinkunn.*
*Heimild: www.worldfengur.com*

**Fákar** *og fólk*

HESTAMAÐURINN: ÍSLEIFUR JÓNASSON

# Meiri lífsstíll en vinna

Ísleifur Jónasson tamningamaður í Kálfholti er efstur eftir síðustu umferð VÍS-meistaradeildarinnar. „Þetta eru bestu knapar og bestu hross á stóru svæði sem mætt eru til leiks í mjög fjölbreytta keppni,“ segir Ísleifur, sem sigraði í smalakeppninni, sem snýst um að ríða þrautabraut fyrir hest og knapa á sem skemmstum tíma. Hann segir nauðsynlegt að vera með lipran, fljótan og kjarkaðan hest til að ganga vel. „Svo er ekki verra að hafa reynslu af alhliða tamningum og smalamennsku,“ segir Ísleifur, sem ólst upp við sauðabúskap og er enn í dag með um 300 fjár. Hann hefur því alloft smalað á fjöllum, sem hann segir glettnislega að hafi greinilega komið sér vel.

Ísleifur var einnig ofarlega í skeiði síðastliðinn fimmtudag og er því sem stendur með flest stig í VÍS-meistaradeildinni. Ísleifur segir útilokað að spá um hvort hann nái að halda þeirri forystu. „Þetta er rétt hálfleikur en ég er ánægður með það sem komið er. Það eru erfiðar greinar eftir og mikið af sterkum keppendum þannig að þetta er langt í frá búið.“

Í Kálfholti er rekin tamningastöð með um fimmtíu hrossum á húsi. „Við erum fjögur sem vinnum í því allan daginn,“ segir Ísleifur en fjórbýlt er að Kálfholti. Búa þar foreldrar Ísleifs og systkini. Hestamennskan er þeim greinilega í blóð borin og er öll fjölskyldan að einhverju leyti í hestum þó sumir meira en aðrir. Segir Ísleifur fjölskylduna til dæmis ferðast mikið saman á sumrin uppi á fjöllum.



Ísleifur setur stefnuna eins og aðrir knáir knapar á Landsmót í sumar. „Ég er með hest sem ég stefni með í B-flokk gæðinga og ætla einnig með í gæðingafimina núna í næstu keppnisgrein meistaramótsins,“ greinir Ísleifur frá en hann bindur talsverðar vonir við hestinn, sem heitir Rauður frá Kálfholti og er undan Asa frá sama stað. „Þetta er feiknamikill gæðingur og rýmishestur,“ segir Ísleifur, sem eyðir flestum helgum í hestamennskuna. „Þetta er meiri lífsstíll en vinna,“ útskýrir hann.

## Norðurlandamót í Herning

Norðurlandamót í hestaíþróttum fer fram í Herning í Danmörku í lok júlí næstkomandi. Landsliðsnefnd Landssambands hestamannafélaga vinnur nú af fullum krafti við undirbúning þess en landsliðseinvaldur verður Hafliði Halldórsson. Hafliði hefur verið þjálfari landsliðsins og sjálfur keppt á heims- og Norðurlandamótum. Olil Amble verður Hafliða til aðstoðar á mótinu nú.

Keppt verður í öllum hefðbundnum greinum hestaíþrótta í unglinga-, ungmenna- og fullorðinsflokki. Hægt er að fá nánari upplýsingar um þátttöku á skrifstofu LH í síma 514-4030 til 15. maí.



**LANDSLIÐSEINVALDUR** Hafliði Halldórsson stjórnar landsliðinu á mótinu.

## Mótin um helgina

Samkvæmt mótaskrá Landssambands hestamanna verður heilmikið um að vera um komandi helgi. Á föstudag verður svarfdælska mótaröðin að Hringsholti hjá hestamannafélaginu Hring.

Á laugardaginn verður Freyfaxi með töltmót að Stekkhólmi, Geysir með unghrossakeppni og sitt þriðja vetrarmót að Gaddstaðaflötum. Vetrarleikar verða hjá Andvara að Kjóavöllum og hjá hestamannafélaginu Glað í Búðardal.

Hin norðlenska útgáfa af Æskunni og hestinum verður haldin í Svaðastaðahöllinni og Ístöltið fræga verður í skautahöllinni í Laugardal.

Á sunnudag verður Faxi með vetrarleika og lokahóf að Miðfossum.

## Monty Roberts á skírndag

Aðeins örfá sæti eru laus á sýningu hestahvíslarans Monty Roberts sem haldin verður í Reiðhöllinni í Víðidal á skírdag 13. apríl.

Forsala aðgöngumiða fer fram í versluninni Hestar og menn. Þar fengust þær upplýsingar að hringsætin væru löngu uppseld en nokkrir miðar væru eftir í stúku.

Nýlega var auglýst eftir hestum til að taka þátt í sýningunni en Monty er frægur fyrir að róa stygga og sjónhrædda hesta og temja hrekkjótta hesta á örskotsstundu.










**ÞJÓÐÞEKKTAR KONUR** Konurnar sem þátt tóku í leiðangrinum eru allar þjóðþekktar í Danmörku. F.v. Pernille Højmark leikkona, Anna Thygesen kaupsýslukona, Dorte W. Høgh kvikmyndaleikstjóri og Sara Blædel rithöfundur.

# Íslenski hesturinn í aðalhlutverki á TV2

**Sex þjóðþekktar konur í Danmörku tóku sér ferð á hendur fyrir TV2 í Danmörku og komu hingað til lands í haust. Þær dvöldu hér í nokkrar vikur og voru einkum á hestbaki í óblíðum haustveðrum utan alfaraleiðar.**

Í kvöld kl. 20.30 verður sýndur á TV2 í Danmörku fyrsti þátturinn af sex sem teknir voru hér á landi, þar sem íslenski hesturinn er í forgrunni, ásamt íslenskri menningu og náttúru. Sex danskar konur, sem allar eru þjóðþekktar í sínu heimalandi, tóku þátt í leiðangrinum sem þáttaröðin er byggð á.

„Upptökur fóru fram í september og október,“ segir Hinrik Ólafsson, sem var gestgjafi, leiðbeinandi og leiðsögumaður í ferðinni. „Ákveðið var að fara um Rangárþing, upp að Heklu og inn í Landmannalaugar á hrossunum. Hryssingsleg haustveður setti hins vegar strik í reikninginn, þannig að í stað Landmannalauga var farið á móti fjársafninu sem smalað hafði verið á Landmannaafrétti. Síðan fórum við með Kristni Guðnasyni í svokallaða hraunreið, að leita fjár í Hekluhrauni.“

Hópurinn gisti síðan tvær nætur í gömlum leitarmannakofa í Áfangagili. Þangað kom Guðrún Bergmann og hitti konurnar. Hún ræddi við þær um hvernig höndla mætti orkuna í náttúrunni og læra að nýta hana. Hafði það mikil áhrif á þær, að sögn Hinriks.



**HINRIK ÓLAFSSON** Var gestgjafi og leiðsögumaður í ferðinni.

Næst lá leiðin á Snæfellsnesið, þar sem bíllinn var rétt floginn út af veginum vegna veðurofsa. Einnig var riðið í Þjórsárdal, þar sem haustveðráttan lét leiðangursfólkið finna fyrir sér. Eitthvað var um að konurnar dyttu af baki til að byrja með, en engin slys urðu þó. Óblíð náttúruöfl og strangir dagar á hestbaki urðu þó til þess að tvær þeirra heltust úr lestinni. Hinar fjórar stóðust allar raunir með sóma og sögðust fara breyttar manneskjur heim.

Gísli Sveinsson í Hestheimum sá um að velja hrossin sem voru 20-35 talsins í leiðangrinum. „Við vorum með hrossarekstur, sem reyndi líka töluvert á þær,“ segir Hinrik. „Konurnar sögðu mér að hefðu þær haft tækifæri fyrr til að takast á við hluti eins og íslenska náttúru og þau öfl sem þær fundu í henni hefði þeim ef til vill vegnað öðruvísi á þeirri ströngu ævi sem sumar þeirra hafa átt í ýmsum efnum,“ bætir Hinrik við. Hann segir að Danir og Íslendingar séu afar ólíkir þegar kemur að átaksverkefnum eins og þessu. Danir vilji funda um hvert einasta smáatriði, en Íslendingar láti bara vaða. Þetta hafi valdið umræðum en leyst farsællega.

jss@frettabladid.is

SÉRFRÆÐINGURINN: HELGI SIGURÐSSON DÝRALÆKNIR

## Hin íslenska sjúkraþjálfun er best við spatti

Spatt er talsvert algengt vandamál hjá íslenska hestinum. Það lýsir sér sem helti vegna brjóskeyðingar í hækillið á afturfæti, en hækilliður er miðja vegu frá lend niður á hóf.

Helgi Sigurðsson dýralæknir þekkir vel til spattsins enda hefur hann gert ófáa aðgerðina því tengda. Helgi segir brjóskeyðinguna valda heltinni, hins vegar sé það leið líkamans að lækna sjálfan sig að mynda kalk í kringum liðinn og það sé hin raunverulega lækning. „Spattið getur valdið mjög mismunandi mikilli helti. Hún getur verið mjög lúmsk og lítil en oftast nær kemur þetta fram sem veruleg helti,“ útskýrir Helgi en ávallt skal hafa spattið í huga ef hestur er haltur og engin sýnileg ástæða eins og bólgur og áverkar er fyrir hendi.

Til að athuga hvort hestur er með spatt er hægt að nota svokallað beygjupróf þar sem fóturinn er beygður í svolítinn tíma. Ef hestur er spattaður koma fram eymsli og hann verður haltari eftir en fyrir. Besta sjúkdómsgreiningin er þó röntgenmyndataka, sem tekur af allan vafa.

Hægt er að gera aðgerð ef upp kemur spatt. Þá er borað í liðinn til að flýta fyrir kölkun. Hins vegar segir Helgi að þegar hestar séu orðnir haltir sé kölkunin oft komin það langt á veg að aðgerðin þjóni engum tilgangi.

„Besta aðferðin er hins vegar íslensk sjúkraþjálfun,“ segir Helgi en með því meinar hann að hesturinn sé settur á útigang í náttúruna í nokkra mánuði eða ár. „Hestarnir eru þá á stöðugri hreyfingu og stirðna aldrei og þegar liðirnir nuddast saman kalka þeir,“ segir Helgi en áréttir að ef heltin hverfi ekki á einu til tveimur árum minnki líkurnar á bata mjög.



Í rannsókn sem framkvæmd var fyrir nokkrum árum kom í ljós að tíðni spatts í íslenska hestsinum er nokkuð há. Af hópi sex vetra hesta voru 12 til 13 prósent með spatt og um helmingur allra tólf vetra hesta.

Þetta er vissulega nokkuð hátt en Helgi bætir við að það sé hans tilfinning að niðurstöðurnar séu ekki alveg réttar og að hlutfall hesta með spatt sé mun minna. Dregur hann þær ályktanir af þeim hestum sem fara í útflutning en þeir eru ávallt myndaðir fyrir brottför.


SPRENGJA
Sprengjan byrjar í dag • Fyrstir koma fyrstir fá
OPNUNARTÍMAR
30-31 MARS. 9-19
1. APRÍL. 10-18
2. APRÍL. 13-17
0% VEXTIR
Á ÖLLUM TÖLVUM*
* Vaxtalaus tilboð gilda eingöngu á tölvum keyptar dagana 30 mars til 2 apríl. 2006
OPNUM 9:00
SPRENGJAN BYRJAR Á SLAGINU 9:00, SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI. FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
SJÁUMST
SPRENGJA
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR
REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730
AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400
KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.016 **+0,24%** **Fjöldi viðskipta: 258** **Velta:** 2.210 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 1,51% | **Vinnslustöðin** | -2,44% |
| **Icelandic Group** | 1,16% | **Atlantic Petroleum** | -1,76% |
| **Bakkavör** | 0,77% | **Avion** | -0,49% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 60,60 +0,33% ... Alfesca 4,00 -0,25%... Atorka 6,05 +0,00% ... Bakkavör 52,70 +0,77% ... Dagsbrún 6,89 +0,58% ... FL Group 22,30 +0,45% ... Flaga 3,11 +0,32% ... Glitnir 18,20 0,00% ... KB banki 835,00 +0,36% ... Kögun 74,90 +0,00% ... Landsbankinn 25,60 -0,39% ... Marel 74,10 +1,51% ... Mosaic Fashions 17,70 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,60 +0,57% ... Össur 114,50 +0,00% Klukkan 14.00 í gær.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



### Eins og kerlingarbækur

Nassim Nicholas Taleb, bandarískur prófessor í fjármálafræðum, gefur lítið fyrir kenningar og módel í nútímafjármálafræðum og segir að fjármálavísindi séu tóm bábilja. Telur hann að stjörnuspeki geti nýst betur við að byggja upp eignasafn. „Fjármálafræði ganga út á öryggi þrátt fyrir það að ekkert í heimi sé öruggt," segir Taleb í viðtali við þýska blaðið Handelsblatt og bendir á að engar aðferðir á fjármálamarkaði verji hlutabréfaverð fyrir bankakreppu eða hryðjuverkum. Það séu fremur ófyrirséðir atburðir sem stýri þróun hlutabréfaverðs en útsjónarsemi sjóðsstjóra að mati prófessorsins.

### Ekki eyland

Einhver kann að spyrja sig: Er hr. Taleb að líka að tala um íslenskan fjármálamarkað og verðbréfadrengina okkar? Atburðir undanfarna daga sýna svo ekki verður um villst að Ísland er ekki eyland á fjármálamörkuðum, og þeir kunna að hafa haft langtímaáhrif á íslenskan hutabréfamarkað. Getur ef til vill verið að spákonan Sigríður Klingenberg geti gefið almenningi betri ráðleggingar um fjárfestingar en sjóðsstjórar innlendra hlutabréfa hjá Kaupþingi?

## MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeildir bankanna búast almennt við 0,5 prósenta hækkun stýrivaxta í dag. KB banki segir sömuleiðis líkur á 25 punkta hækkun vaxta á þriðja ársfjórðungi.

Gengi hlutabréfa lækkaði um rúmt prósent í Ísrael í gær eftir að Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra landsins, lýsti yfir sigri Kadimaflokksins í þingkosningunum í Ísrael í gær.

Hlutabréfaverð í Kauphöllinni í Osló í Noregi hafa hækkað mest af hlutabréfavísitölum í kauphöllum Norðurlandanna á fyrsta ársfjórðungi.

# Ísland fjórða tæknivæddasta ríki heims

Ísland er í fjórða sæti af 115 yfir tæknivæddustu ríki heims samkvæmt lista sem Alþjóða efnahagsráðið (WEF) tók saman, og lækkar um tvö sæti milli ára. Í þriðja skipti á fimm árum eru Bandaríkin í efsta sæti listans, sem það ríki sem stendur fremst í upplýsinga- og fjarskiptatækni, en Singapúr og Danmörk koma í næstu sætum á eftir. Finnland er í 5. sæti, Svíþjóð í 8. sæti og Noregur í því 13.

Stofnunin leggur ýmsa þætti til grundvallar við sínar mælingar, til dæmis hversu fljót ríki eru að tileinka sér tækninýjungar, fjárfestingar í upplýsingatækni, útbreiðslu netsins og farsíma, gæðum raungreinakennslu, stöðu upplýsingatækni í menntakerfi og atvinnulífi.

Skýrslan sýnir glöggt að Norðurlöndin og Asía standa fremst hvað upplýsingatækni varðar. - eþa



**BANDARÍKIN FREMST** Ísland er í fjórða sæti yfir ríki sem standa fremst í upplýsinga- og fjarskiptatækni.

# Sparisjóður Skagafjarðar selur stofnfé

Sparisjóður Skagafjarðar, sem áður nefndist Sparisjóður Hólahrepps, tapaði þrettán milljónum króna á síðasta ári samanborið við sex milljóna króna tap árið áður. Eigið fé sparisjóðsins nam um 42 milljónum í árslok og voru heildareignir 652 milljónir.

Um þessar mundir stendur yfir stofnfjárútboð þar sem í boði eru 54 milljónir og hafa núverandi eigendur forkaupsrétt. Stærsti stofnfjáreigandinn er Fiskiðja Sauðárkróks með 26,1 prósents hlut. - eþa



**SAUÐÁRKRÓKUR Í VETRARSÓL** Sparisjóðurinn tapaði þrettán milljónum.

# Bandaríkjamenn hækka stýrivexti

Seðlabanki Bandaríkjanna hefur hækkað stýrivexti um 0,25 prósent. Almennt var búist við hækkununum. Stýrivextir í Bandaríkjunum voru eitt prósent fyrir tuttugu mánuðum en standa í dag í 4,75 prósentum og hafa ekki verið hærri síðan í apríl árið 2001.

Greint var frá ákvörðuninni að loknu fyrsta vaxtaákvörðunarfundi Bens Bernanke, seðlabankastjóra Bandaríkjanna, en stýrivaxtahækkunin er liður í að koma í veg fyrir verðbólgu í Bandaríkjunum.

Fjármálasérfræðingar búast almennt við að stýrivextir hækki fljótlega um 0,25 prósent og verði það síðasta hækkunin í bili. - jab



**BEN BERNANKE** Þetta er fyrsta stýrivaxtahækkun hins nýráðna seðlabankastjóra sem tók við af Alan Greenspan.

# Segir Seðlabankann taka mið af rangri vísitölu

**Í nýlegri greiningu norska bankans Skagen Fondene er vaxtastefna Seðlabanka Íslands gagnrýnd og sögð ýta undir ójafnvægi á fjármálamörkuðum. Óeðlilegt sé að taka mið af verðbólgu með húsnæðisverði. Seðlabankinn, sem í dag birtir ákvörðun um stýrivexti, segir gagnrýnina óréttmæta.**



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Aðalhagfræðingur Seðlabankans segir gagnrýni Skagen Fondene á stýrivaxtastefnu bankans óréttmæta. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Seðlabanki Íslands ýtir undir ónauðsynlegan óróleika á fjármálamarkaði með því að miða vaxtaákvarðanir við vísitölu neysluverðs sem felur í sér húsnæðisverð," segir Torgeir Høien, sérfræðingur norska bankans Skagen Fondene, í nýlegri skýrslu um íslensk efnahagsmál. Hann segir hækkanir stýrivaxta árin 2004 og 2005 hafa verið óþarflega miklar en þær hafi ýtt undir hátt gengi krónunnar og með því lagt grunninn að hraðri veikingu hennar að undanförnu.

„Um þetta hefur nú farið fram umræða, en ég er ekki sannfærður um að það sé rétt hjá norska bankanum að Seðlabankinn hafi elt þetta blint," segir Guðmundur K. Magnússon, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands. „Bankinn hefur reiknað hvort tveggja og tekið mið af því." Guðmundur telur frekar hafa ýtt undir óstöðugleika hversu lítil áhrif stýrivaxtaákvarðanir Seðlabankans hafi haft á útlán og vaxtakjör í landinu. „En við spurningunni um hvort notast eigi við vísitölu með eða án húsnæðisverðs er ekki til einhlítt svar. Það getur komið sér vel í einn tíma og illa í annan," segir hann. Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, segir verðbólgumarkmið Seðlabankans miðast við vísitöluna í heild. „Bankinn er hins vegar ekki að bregðast við liðinni verðbólgu, þar sem húsnæðisverðbólga er ráðandi, heldur við verðbólgu sem bankinn sér fram undan," segir hann og kveður húsnæðisverðbólgu ekki endilega vera hluta af þeirri mynd. „Ljóst er að húsnæðisverðbólga mun hjaðna og annars konar verðbólga færist í vöxt í staðinn. Þá benda rannsóknir til að húsnæðisverðbólga sé leiðandi vísbending um annars konar verðbólgu. Gagnrýnin er því ekki réttmæt, nema að bankinn væri eingöngu á horfa á það sem liðið er í stað þess sem er fram undan."



**TORGEIR HØIEN** Torgeir er sérfræðingur Skagen Fondene.

olikr@frettabladid.is

# Styrkja sig í Austur-Evrópu

Á þriðjudag var tilkynnt um kaup Actavis á rúmenska samheitalyfjafyrirtækinu Sindan, sem er leiðandi í þróun og framleiðslu samheita-krabbameinslyfja í Evrópu. Sindan framleiðir 31 lyf, er með tíu í þróun og mun markaðssetja sex ný lyf á árinu. Þá dreifir félagið 73 öðrum lyfjum í Rúmeníu og koma um 55 prósent af heildartekjum af dreifingu en 45 prósent af sölu á eigin framleiðslu. Róbert Wessman, forstjóri Actavis, segir Sindan falla vel að starfsemi Actavis. Með kaupunum opnist leið inn á ört vaxandi markað fyrir samheita-krabbameinslyf sem Actavis hefur ekki verið starfandi hingað til.

Fyrirhuguð kaup Actavis á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA voru meðal þess sem rætt var á aðalfundi Actavs á þriðjudag. Með þeim yrði Actavis þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims. „Margir lykilhluthafar og -starfsfólk PLIVA hafa tekið okkur vel. Forstjóra fyrirtækisins þykir tilboðið of lágt en við höfum sagt að við myndum hugsanlega hækka verðið ef hann gæti sýnt fram á að fyrirtækið væri meira virði. Á sama tíma erum við að ræða við þá hluthafa og hagsmunaaðila sem raunverulega eiga fyrirtækið svo þetta ferli mun taka nokkrar vikur í viðbót," sagði Róbert Wessman.

Í ræðu Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Actavis, á aðalfundinum kom meðal annars fram að aukið fjármagn í umferð hafi þrýst upp gengi bréfa félaga í Kauphöll Íslands án sýnilegra breytinga á starfsemi þeirra. Við þessar aðstæður sé hætta á að skammtímahagsmunir hafi óheppilega mikil áhrif á hlutabréfamarkaðinn. Fyrir fyrirtæki eins og Actavis sem gengur í gegnum miklar breytingar og vaxi hratt sé ekki heppilegt að vera skráð á markað þar sem gengi félaga ræðst of mikið af von fjárfesta um skjótfenginn gróða.

- hhs





Lokað vegna starfsmannaferðar, í tilefni 50 ára afmælis fyrirtækisins,

dagana 30. mars – 3. apríl

Opnum hress og kát 4. apríl.

Á. GUÐMUNDSSON ehf.

Bæjarlind 8–10 · 202 Kópavogur · Sími 510 7300 · www.ag.is

STOFNAÐ 1956

# FERMINGARGJAFIR



**SCOTT MDXi 62**
Glæsileg hljómtæki með geislaspilara DVD spilara og útvarpi. Spilar: CD/CD-RCD-RW MP-3/DVD/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/DVD-RW/MP-4/XVID/JPEG Útvarp með 40 stöðva minni. USB tengi að framan. Kortalesari sem les SD/MMC/MS. Dolby digital. Magnari 2 x 15 wött RMS Scart tengi. Composite útgangur. Audio L/R útgangur. Digital audio útgangur. Fullkomin fjarstýring

**19.995**



**SCOTT MDXi 90**
Glæsileg hljómtæki með geislaspilara DVD spilara og útvarpi. Spilar: CD/CD-R CD-RW/MP-3/DVD/DVD+R/DVD+RW/DVD-R DVD-RW/MP-4/XVID/JPEG. Útvarp með 40 stöðva minni. USB tengi að framan KARAOKE kerfi. Dolby digital. Magnari 2 x 35 wött RMS. Scart tengi. Composite útgangur. Audio L/R útgangur. Digital audio útgangur. Fullkomin fjarstýring

**29.995**



**9.900**

**SAMSUNG DIGIMAX A402**
4Mpix. 4X digital zoom. 1,8” LCD skjár 1/1.25 CCD sensor. 5 Forstillingar 9 innbyggðir myndarammar. 16MB minni



**15.995**

**SAMSUNGDIGIMAX S500**
5.1Mpix. 5X digital zoom. 2.4” LCD skjár 1/1.25 CCD sensor. 5 Forstillingar 9 innbyggðir myndarammar. 16MB minni



**SCOTT SW6** **4.995**
MP-3 ferðatæki með geislaspilara og útvarpi



**34.995**

**SCOTT DPXi 102**
Ferða DVD spilari með 10” LCD skjá Spilar: DiVX/Xvid/MPEG4/DVD/DVD+R/DVD+RW DVD-R/DVD-RW/JPEG. Dolby Digital. Audi/Video útgangur. Coaxial Digital útgangur. 2 heyrnatólatengi Heyrnatól fylgja. 12 volta snúra í bíl fylgir. Taska fylgir



**19.995**

**SAMSUNG DIGIMAX L50**
5.1Mpix. 5X digital zoom. 39-109mm linsa 2.5” hágæða LCD skjár. ISO 50-400 10 sek. voice memo á mynd. Margar forstillingar og timer. Video upptaka Pictbridge staðall



**23.900**

**SAMSUNG DIGIMAX V530**
5Mpix. 3X optical zoom. 2” hágæða LCD skjár 20 forstillingar. MPEG4 videoupptaka Video zoom. ISO 80-800. Pictbridge staðall



**27.900**

**SAMSUNG DIGIMAX I6PMP**
6Mpix. 39-117mm linsa. 2,5” hágæða LCD skjár. Spilar kvikmyndir og MP-3. Heyrnatól fylgja. Videoupptaka AVI MPEG4. Macro 5-50cm. ISO 100-400 Diktafónn 1klst. upptaka. Self Timer (2 eða 10sek)

**SCOTT DPXi 78**
Ferða DVD spilari með 7” LCD skjá. Spilar: MP4/DiVX Pro/Xvid Kortalesari fyrir SD MMC/MS. USB tengi Innbyggð rafhlaða Heyrnartól fylgja Taska fylgir

**19.995**






**39.995**

**ELFUNK LT1508**
15” LCD sjónvarp. Upplausn 1024 X 768 100 stöðva minni. Textavarp. Heyrnatólatengi Scart tengi. S-Video tengi. PC tengi Fullkomin fjarstýring



**13.995** **SCOTT TV 14**
14” Sjónvarp með DVD spilara. Textavarp Scart tengi. Tengi að framan leikjatölvur og myndavélar. Spilar öll svæði Fullkomin fjarstýring



**STAFRÆN UPPTÖKUVÉL, MYNDAVÉL OG MP-3 SPILARI**

**19.995**

**AIPTEK DV8900**
Allt að 10 Mega pixel ljósmyndir Minnsta Digital vél í heimi. Fjarstýring fyrir video og ljósmyndir. Upptökumöguleikar frá sjónvarpi og DVD. Hægt er að tengja vélina beint við prentara Night shot. Video stabilization. Multi-shot. Hægt er að setja hljóð með ljómyndum. Panorama myndir. Super Professional MP-3 spilari. 15 rása tónjafnari. 4 stero hljóðstillingar

www.radio.is

**RADÍÓBÆR**

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Álit umboðsmanns Alþingis:

## Gagnrýni og gífuryrði

Álit umboðsmanns Alþingis vegna skipunar í stöðu ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu fyrir tveimur árum hefur eðlilega leitt til umræðu á Alþingi og utan þess. Umræðan ber um margt keim af því sem oft gerist og er reyndar of algengt, að menn vilja sjá andlag allrar umræðu í svörtu eða hvítu.

Kjarninn í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis er þessi: Í fyrsta lagi staðhæfir hann að ekki sé ágreiningur um lögmæti eða réttmæti þeirra sjónarmiða sem ráðherra ákvað að leggja til grundvallar skipuninni. Í öðru lagi segir umboðsmaður að ráðherra hafi hins vegar ekki sýnt fram á að ákvörðun hans hafi uppfyllt kröfur um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda.

Í þriðja lagi segir umboðsmaður að álit hans feli ekki í sér endanlega afstöðu til þess hver hafi verið hæfastur umsækjenda og að ólíklegt sé að þeir verulegu annmarkar sem verið hafi á undirbúningi leiði til ógildingar á ákvörðun ráðherra. Loks kemur skýrt fram að umboðsmaður fjalli ekki um hugsanlega bótaábyrgð. Það sé eftir atvikum hlutverk dómstóla.

Engum blöðum er um það að fletta að athugasemdir umboðsmanns eru alvarlegar um þann þátt málsins sem þeim er beint að. Rétt er og eðlilegt að ráðherra og ríkisstjórn svari þeim skilmerkilega. En á hinn bóginn er ljóst að endanleg ákvörðun er byggð á lögmætum sjónarmiðum að mati umboðsmanns. Álit hans getur þannig ekki verið tilefni til kröfu á hendur ráðherra um að ógilda ákvörðunina. Það yrði að öllum líkindum ólögmæt aðgerð, sem yrði sjálfstæður grundvöllur að skaðabótakröfu.

Óumdeilt er að þeir umsækjendur sem um er að ræða voru báðir hæfir. Ef allri tæpitungu er sleppt sýnist vandi ráðherrans hafa verið fólginn í því að sá umsækjandi sem ekki fékk stöðuna hafði verið í hópi áhrifamanna í hans eigin flokki. Til þess að viðhalda fullum trúverðugleika þurfti hann að sýna fram á að það hefði ekki haft truflandi áhrif á endanlegt val hvar í flokki sá umsækjandi stóð á innanflokksvettvangi. Af harðri gagnrýni umboðsmanns má ráða að ráðherra hafi ekki tekist í samanburðarröksemdarfærslum sínum að eyða efasemdum af þessu tagi.

Viðbrögð forsætisráðherra og félagsmálaráðherra verða ekki túlkuð á þann veg að þeir hafi hunsað álit umboðsmanns. Eigi að síður skortir á að þeir hafi nægjanlega skilmerkilega gert grein fyrir því hvernig við verði brugðist. Ekki hefur komið fram hvort ráðherra hefur tekið til íhugunar hvort og þá hvernig bæta má upp þeim umsækjanda sem leitaði til umboðsmanns afleiðingar annmarkanna gagnvart honum. Um þetta mættu viðbrögð ráðherra vera skýrari.

Hins vegar eru engin gild rök fyrir því að ráðherra eigi að ganga lengra í viðbrögðum sínum en efni standa til samkvæmt áliti umboðsmanns. Fullyrðingar um að álit umboðsmanns sé almennt virt að vettugi, sem heyrst hafa í þessu samhengi, eiga ekki við nokkur rök að styðjast. Þvert á móti heyrir það til algjörra undantekninga hafi þeim ekki verið sinnt. Auk heldur er hafið yfir allan vafa að athugasemdir hans hafa bætt stjórnsýsluna til mikilla muna.

Málefnaleg viðbrögð við álitum umboðsmanns Alþingis, bæði af hálfu stjórnvalda og þeirra sem um þau fjalla á Alþingi og utan, eru einkar þýðingarmikil. Gífuryrðaumræða dregur hins vegar úr líkum á því að álit hans hafi tilætluð áhrif til stöðugra betrumbóta í stjórnsýslunni. Umræðan um síðasta álit umboðsmanns hefur verið of gífuryrt þó að það hafi vissulega gefið tilefni til gagnrýni.


BÍLL DAGSINS
Suzuki Vitara JLX
Nýskr 09.98 - Beinskiptur - Ekinn 145 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rottur og landvarnir

Þeir eru margir óvissuþættirnir í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar um þessar mundir. Nú þegar bandaríski herinn er á förum frá Keflavíkurflugvelli verður farið gaumgæfilega yfir stöðuna á næstu vikum og mánuðum. - Í hernaði vita allir að góð fjarskipti skipta afar miklu máli um varnir og áhrifarík varnarviðbrögð. Það gæti til dæmis þurft að kalla fyrirvaralaust á hjálp. - Öryggi í fjarskiptum var til umræðu á Alþingi í gær og vakin athygli á því að sæsímastrengir milli Íslands og nærliggjandi landa hafa þráfaldlega rofnað á undanförnum mánuðum og misserum, aðallega fyrir rottugang í Skotlandi. Bent var á að rottur hefðu nagað í sundur Farice-kapalinn og valdið sambandsleysi. Samgönguráðherra hughreysti þingmenn og sagði að þar ytra væri búið að tvöfalda kapalinn og þar með öryggið. - Hvernig á að skipuleggja varnir ef ekkert samband er við umheiminn? Er ekki lífsnauðsynlegt að hafa fjarskipti við útlönd í lagi gagnvart fjármálahernaði, áhlaupi útlendinga á krónuna sem reynst gæti þjóðhættulegt? Til að mynda er alveg hugsanlegt að hópur al-Kaída manna sleppi 500 rottum á tilteknum stað í Skotlandi áður en hann ræðst til atlögu við sambandslaust Íslands hálfum sólarhring síðar. Að mörgu er að hyggja í vörnum landsins.



### Ísleifur á þingi

Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, fór mikinn í umræðum fyrr í vikunni um álit umboðsmanns Alþingis vegna skipunar fyrrverandi félagsmálaráðherra á ráðuneytisstjóra. Hann líkti málinu við drauga í húsum ríkisstjórnarinnar. „Þar eiga eftir að detta fleiri beinagrindur úr skápunum. Þið eruð búnir að brjóta margt og mikið af ykkur í gegnum árin, háttvirtur þingmaður Ísleifur," sagði Magnús þykkjuþungur og beindi orðum sínum að Ísólfi Gylfa Pálmasyni, sem situr á nú á þingi fyrir Hjálmar Árnason Framsóknarflokki. – Mismæli Magnúsar er ekki algerlega út í bláinn, því afi Ísólfs Gylfa hét einmitt Ísleifur Sveinsson, sá er byggði meðal annars félagsheimilið á Hvolsvelli. Ísleifur þótti á sinni tíð mjög hallur undir SÍS eða Sambandið, hið volduga viðskiptaveldi Samvinnuhreyfingarinnar. Heima í héraði var Ísleifur – afi Ísólfs Gylfa – því gjarnan kallaður Sísleifur.

johannh@frettabladid.is

## Óttinn við erlent fjármagn

Í DAG
HALLAREKSTUR ÞJÓÐARBÚSINS



ÞORVALDUR GYLFASON

*Erlendri fjárfestingu fylgja hins vegar ítök erlendra fjárfesta með miklar kröfur um arðsemi, og einmitt þess vegna hafa Íslendingar eins og margar aðrar fyrrum nýlenduþjóðir reynt að bægja frá sér erlendri fjárfestingu og taka heldur lán til að mæta viðskiptahallanum.*

Ýmislegt kemur á óvart, þegar skuldir þjóðanna eru skoðaðar og hvernig þær skiptast um heiminn. Margir virðast halda, að iðnríkin safni eignum og þróunarlöndin safni skuldum, en málið er þó mun flóknara en svo. Bandaríkjamenn eru skuldugasta þjóð heimsins í dollurum talið, en að vísu ekki miðað við fólksfjölda. Mörg önnur iðnríki hafa með líku lagi safnað skuldum síðustu ár. Mörg þróunarlönd reka búskap sinn á hinn bóginn með afgangi og safna eignum, til dæmis Kína. Hverju sætir það? Hvað er í gangi?

Hagsaga þjóðar er eins og ævi manns frá vöggu að gröf. Fyrsta kastið eru menn ósjálfbjarga og safna þá skuldum. Þannig byggðu Bandaríkjamenn járnbrautirnar um sitt mikla og víðfeðma land: með erlendu lánsfé. Með aldrinum snúa menn jafnan hallarekstri í afgang og byrja að borga niður skuldirnar, og þar að kemur, að hjöðnun skulda snýst upp í eignamyndun um miðjan aldur. Á efri árum byrja menn stundum að ganga á eigur sínar og hefja þá hallarekstur á ný. En samlíking ævisögu þjóðar við ævi manns hnýtur um þá einföldu staðreynd, að þjóðirnar hafa eilíft líf og þurfa ekki að gera erfðaskrár. Færa má rök að því, og það hafa margir gert, að þroskuðum iðnríkjum væri hollt að láta hluta eigna sinna af hendi rakna til fátækra þjóða, sem eru skemmra komnar á þroskabrautinni, en þau rök steyta að vísu á ýmsum skerjum eins og gamalt fólk veit, ef það á afskiptalausa og óreglusama afkomendur. Hvað um það, Bandaríkin eru ennþá ung og leika sér að því að safna skuldum líkt og Íslendingar. Bandaríkjamenn safna að vísu skuldum í eigin mynt - dollurum! - og hafa það í hendi sér að rýra skuldirnar að raungildi með því að hleypa verðbólgunni á skrið heima fyrir. Þetta gætum við ekki gert, þótt við fegin vildum.

Þegar þjóð rekur utanríkisviðskipti sín með halla eins og við höfum gert svo að segja allan lýðveldistímann, er hægt að brúa bilið með tvennum hætti: með því að taka lán í útlöndum eða laða til sín erlent fjármagn. Erlendu lánsfé fylgja yfirleitt engin áhrif lánardrottna á rekstur fyrirtækjanna, sem taka lánsféð í þjónustu sína. Erlendri fjárfestingu fylgja hins vegar ítök erlendra fjárfesta með miklar kröfur um arðsemi, og einmitt þess vegna hafa Íslendingar eins og margar aðrar fyrrum nýlenduþjóðir reynt að bægja frá sér erlendri fjárfestingu og taka heldur lán til að mæta viðskiptahallanum. Þess vegna er enn lagt blátt bann í lögum við erlendri fjárfestingu í íslenzkri útgerð, og þess vegna hafa virkjunarframkvæmdir okkar verið fjármagnaðar með erlendu lánsfé frekar en hlutafé.

Af þessum sökum hefur viðskiptahallinn hér heima leitt til skuldasöfnunar í útlöndum langt umfram ýmis önnur lönd, sem hafa mætt miklum halla með innflutningi erlends fjármagns. Singapúr bjó til dæmis við mikinn viðskiptahalla 1972-84 og hleypti erlendu fjármagni inn í landið til mótvægis, svo að erlendar skuldir landsins eru óverulegar þrátt fyrir hallann á fyrri tíð, en hann snerist síðan upp í fjallmyndarlegan afgang. Eistar hafa rekið viðskipti sín við útlönd með miklum halla síðan 1991, því að þeir þurftu mjög á innfluttri vöru og þjónustu að halda til uppbyggingar að endurheimtu sjálfstæði, og ekki heldur þar hefur mikill halli leitt til skuldasöfnunar eða gengisfalls, því að Eistar brúuðu bilið með því að hleypa erlendri fjárfestingu - finnskri, sænskri, þýzkri - inn í landið í stórum stíl. Líku máli gegnir um Írland og Nýja-Sjáland. Erlend fjárfesting á Nýja-Sjálandi hefur numið 8% af landsframleiðslu að jafnaði síðan 1990 - og 20% á Írlandi! - á móti 3% á Íslandi. Viðskiptahalli Írlands á fyrri tíð, einkum 1984-96, og Nýja-Sjálands fram á síðustu ár hefur því leitt til mun minni skuldasöfnunar þar en varð hér heima.

Óttinn við erlent fjármagn býður annarri hættu heim: hættunni, sem fylgir því, að lánsfé, einkum til skamms tíma, er hvikulla en erlend fjárfesting. Það er ekkert tiltökumál fyrir útlendinga að afturkalla lánsfé, ef í harðbakkann slær, en það er fyrirhafnarsamt og dýrt að rífa naglfasta fjárfestingu upp með rótum og flytja hana úr landi. Hættan á harðri lendingu eftir listflug liðinna ára væri nú minni, ef við hefðum hleypt meira hlutafé inn í landið og safnað minni skuldum. Hvað olli? Þarna virðast mér haldast í hendur gömul þjóðræknissjónarmið (enga útlendinga, takk, nema í láglaunastörf) og rótgróið hirðuleysi um efnahagsmál (þetta reddast, annars mokum við bara upp meiri fiski, eða lánsfé).


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Gullið tækifæri!

NÚ ER ÞAÐ ÓDÝRT!

AF HVERJU AÐ BORGA MEIRA?

**Komdu í ORMSSON Smáralind og Akureyri**



Dekor Kastanie/800
VERÐ FRÁ KR.:
**186.100,-**



Horizon/3000
VERÐ FRÁ KR.:
**299.400,-**



NÝTT!

Dekor Ramme Hvid Eg/2000
Endingargóð hvít eikarhúðuð innrétting sem í samspili við kassalaga og stílhreinar línur skápanna gefa eldhúsinu heillandi blæ.



NÝTT!

Soft Lud/KH
VERÐ FRÁ KR.:
**199.900,-**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



SKÁPAR

Rennihurðir – Fataskápar
*Settu það saman* býður einnig upp á skemmtilegar skápasamstæður með rennihurðunum vinsælu. Einfalt að flytja, einfalt í uppsetningu. Mikið og fallegt úrval.

*Bjóðum úrval vandaðra og gullfallegra innréttinga í eldhúsið og baðherbergið ásamt fataskápum í svefnherbergi og geymslur á **frábæru verði**.*

„***Settu það saman***" er ósamsetta línan frá HTH.
Enginn afgreiðslufrestur – Afhent beint af lager.*
Kynntu þér málið – þú sérð ekki eftir því!



Horizon Hvid/3000
VERÐ FRÁ KR.:
**86.436,-**



Dekor Ramme Hvid Eg/2000
VERÐ FRÁ KR.:
**59.330,-**

**AEG**
**ELDHÚSPAKKINN**



TILBOÐ!!
33%
afsláttur

ALLUR PAKKINN
**99.900,-**




*Enginn eða mjög stuttur afgreiðslufrestur. Sölumenn okkar veita allar nánari upplýsingar.
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur í texta og verðum.

RADIONAUST
ORMSSON
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
*HTH-deild* · SÍMI 461-5003

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18.

ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530-2900

# Fermingarbarn'98



Steinþór Helgi Arnsteinsson

„Svefnpokinn sem ég fékk var ágætur. En hann skilaði sér aldrei heim af Eldborg 2001. Ég hefði alveg verið til í gott uppflettirit. Það eru bækur sem nýtast manni alla ævi."




Tilboðsverð 24.990 kr.

Tilboðsverð 14.980 kr.

Tilboðsverð 2.990 kr.

Tilboðsverð 2.990 kr.

Verð 3.990 kr.

Verð 2.990 kr.

Fermingargjafir sem vit er í

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


# Varnarsamstarf við Noreg

**UMRÆÐAN**
VARNAR- OG ÖRYGGISMÁL



**JOHN BERG**

*Langtímaáform um að hækka framlag Íslendinga til varnarmála gætu farið saman við vaxandi þátttöku Noregs í landvörnum Íslands. Fyrsta skrefið fælist í því að hefja viðræður með opnum huga.*

Starfsemi Atlantshafsbandalagsins þróast nú eftir tveimur brautum, sem verða sífellt ólíkari. Önnur er bandarísk, hin evrópsk. Þetta er ekki niðurstaða pólitískra ákvarðana, heldur stafar frekar af ágreiningi um skipulag hernaðarmála. Bandaríkin eru langt komin með að móta hnattræna stefnu og byggja þar á háþróaðri tækni sem þeir vilja ekki einu sinni deila með nánasta bandamanni sínum, Bretlandi.

Rétt eins og Bandaríkin eru evrópsku NATO-þjóðirnar að breyta herafla sínum í mjög hreyfanlegar viðbúnaðarsveitir sem geta tekið að sér verkefni um heim allan, eins og núna í Afganistan. En Evrópumenn búa þó hvergi nærri yfir sömu hnattrænu hernaðargetu og Bandaríkin.

Enda þótt menn hafi ekki enn áttað sig almennilega á því hér í Noregi, þá er ólík hernaðarmenning að þróast í Evrópu og Bandaríkjunum. Í framtíðinni verða möguleikarnir á hernaðarsamvinnu yfir Atlantshafið æ takmarkaðri. Tengslin yfir Atlantshafið verða líklega sterk áfram, en lítil lönd á borð við Noreg þurfa að taka mikilvægar ákvarðanir um það hvort betra sé að herafli þeirra tengist Evrópu á jafnræðisgrundvelli eða verði eins konar aukaliðsafli Bandaríkjanna.

Varðandi Ísland, þá gæti lokun herstöðvarinnar í Keflavík verið gott tækifæri til að velja á milli Bandaríkjanna og Evrópu í þessu tilliti. Þetta þarf engan veginn að þýða að slíta þurfi tengslin við Bandaríkin, heldur að byggja framtíðaröryggi Íslands meira á samvinnu við einstök Evrópuríki, hugsanlega einkum við Noreg.

Evrópsku NATO-þjóðirnar og Bandaríkin eiga eitt sameiginlegt, sem er mikill þrýstingur á ríkisútgjöld til varnarmála. Fyrr eða síðar mun einhver fara að spyrja hvers vegna Ísland leggur ekki fram fjármagn eða herafla. Sennilega væri réttast að Íslendingar sjálfir vektu máls á þessu. Og hér gæti lokun herstöðvarinnar í Keflavík sömuleiðis verið gott tækifæri.

Í samanburði við Noreg gætu framlög Íslands til varnarmála hugsanlega numið 12 til 14 milljörðum íslenskra króna á ári. Ekkert nútímaríki getur gert slíkar breytingar á fjárlögum sínum frá einu ári til þess næsta, en innan fárra ára væri kannski mögulegt að byrja á til dæmis 400 til 500 milljónum íslenskra króna.

Langtímaáform um að hækka smám saman framlag Íslendinga til varnarmála gætu farið saman við vaxandi þátttöku Noregs í landvörnum Íslands. Íslenskt starfsfólk gæti sem hægast tekið þátt í þessari starfsemi en fyrsta skrefið felst að sjálfsögðu í því að hefja viðræður með opnum huga.

Er hægt að bjarga Keflavíkurstöðinni? Allar NATO-þjóðirnar, þar á meðal Bandaríkin, eru um þessar mundir að loka herstöðvum í stórum stíl. Þetta er nauðsynlegt að gera svo meira fjármagn verði aflögu til þess að gera herafla nútímalegri. Mörg sveitarfélög í Noregi hafa nú þegar misst frá sér herstöðvar sem þau voru efnahagslega háð. En flest þessi sveitarfélög hafa nýtt sér ríkisstuðning sem þeim hefur verið boðinn og spjara sig nú furðu vel. Ísland gæti hugsanlega lært af reynslu þeirra.

Jafnframt þessu er Evrópa mjög þéttbýlt svæði og í flestum Evrópuríkjum er flugherinn, og reyndar bæði land- og sjóherinn einnig, í leit að æfingaplássi. Sameiginleg hernaðarmiðstöð NATO er staðsett í Jåttå skammt frá Stafangri í Noregi. Noregur býður öðrum NATO-ríkjum aðstöðu til herþjálfunar. En líklegt er að fimm af sjö herflugvöllum Noregs verði lokað á næstu sjö til átta árum og fjöldi flugbrauta, flugskýla og þess háttar mannvirkja verði takmarðaur. Hugsanlega ætti Ísland að bregðast hratt við og biðja Noreg um samvinnu um að gera flugstöðina í Keflavík að æfingaflugstöð fyrir herþotur sínar og sömuleiðis fyrir flugvélar sjóhersins og annan flugafla.

Eitt gott útspil gæti verið þróun á ómönnuðum flugvélum, sem notaðar verða til eftirlits og í hernaði. Það er óskaplega flókið að samhæfa æfingaflug slíkra flugvéla í lofthelgi þar sem borgaraleg flugumferð er mikil. Ekkert ríki, ekki einu sinni Bandaríkin, hafa getað gert þetta nema í mjög takmörkuðum mæli. Ísland hefur yfir stærra ónotuðu flugsvæði að ráða heldur en Noregur, og í sameiningu gætum við gripið þetta tækifæri.

Innan tveggja til þriggja áratuga verða ómannaðar flugvélar orðnar álíka mikilvægar og mannaðar flugvélar. Tilrauna- og æfingastöð fyrir ómannaðar flugvélar gæti orðið gríðarlega mikilvæg og ekki skyldi útiloka að hún gæti aflað tekna fyrir þá sem starfrækja hana.

*Höfundur er varnarmálasérfræðingur í Noregi.*



**HERÞOTA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Ómannaðar flugvélar verða bráðum jafn mikilvægar og mannaðar flugvélar. Tilrauna- og æfingastöð gæti orðið mikilvæg og jafnvel aflað tekna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Reykjavík á að vera barnaborg

**UMRÆÐAN**
BÖRN Í BORGINNI



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

*Góð kjör þeirra sem sjá um menntun og frístundamál barnanna stuðla líka enn frekar að því að við séum með fagfólk í hverju rúmi og þar með ítrekað að börnin eiga það besta skilið, þau eiga að njóta fagmennsku alla leið. Líka fátæku börnin.*

Í vor verður kosið til borgarstjórnar í Reykjavík en þá býður Vinstrihreyfingin - grænt framboð fram í fyrsta sinn eigin lista. Þar verður um að ræða skýran og afgerandi valkost til vinstri. Okkur er fjöldi mála hugstæður en eitt þeirra mála er staða barna í borginni.

Reykjavík er góð og öflug borg þar sem tilboðin og möguleikar eru af mörgu tagi. En ekki njóta allir þessara fjölbreyttu kosta. Í borginni eru börn sem líða fyrir fátækt þannig að þau hafa ekki aðgang að því sem borgin hefur upp á að bjóða. Börnin þurfa á borginni að halda og því er það okkar hlutverk í borgarstjórn að jafna skilyrði og félagslegt umhverfi barnanna eins og kostur er.

Undanfarið hefur verið unnið að því að draga úr leikskólagjöldum í Reykjavík og gengur borgin þar á undan með góðu fordæmi sem flaggskip íslenskra sveitarfélaga. Markmiðið hlýtur að vera algjörlega gjaldfrjáls leikskóli.

Næsta skref er að grunnskólinn verði sömuleiðis gjaldfrjáls. Nú er innheimt gjald fyrir hádegismatinn í grunnskólanum og ennfremur er innheimt gjald fyrir frístundaheimilin. Sá vaxtarsproti þjónustu við reykvísk börn á sömuleiðis að vera án gjaldtöku. Enn frekar má nefna í þessu sambandi dulda gjaldtöku um allt skólakerfið, pappírsgjald og aukagjöld af ýmsu tagi svo ekki sé minnst á þá staðreynd að sérhver fjölskylda barna í skyldunámi þarf að reiða fram umtalsverðar upphæðir á hverju hausti fyrir bækur og ritföng. Þarna er raunveruleg gjaldtaka á grunnskólastiginu sem reynist ekki öllum auðvelt að standa straum af.

Vinnudagur barna er gjarna langur í Reykjavík. Eftir að skóla lýkur á jafnvel eftir að sækja tíma í tónlist, íþróttum og öðrum frístundum. Þegar öllu er svo lokið er heimanámið eftir að auki. Það er verðugt markmið í borginni að vinnudegi barna sé lokið um svipað leyti og vinnutíma foreldranna, hann sé samfelldur og án þess að greiða þurfi fyrir hann.

Grunnmenntun barnanna okkar er eitt mikilvægasta jöfnunartækið sem um getur. Þar eiga öll börn að sitja við sama borð og ekki bara inni í kennslustofunni heldur líka í matartímanum, frístundaheimilinu og tónlistartímanum. Góð kjör þeirra sem sjá um menntun og frístundamál barnanna stuðla líka enn frekar að því að við séum með fagfólk í hverju rúmi og þar með ítrekað að börnin eiga það besta skilið, þau eiga að njóta fagmennsku alla leið. Líka fátæku börnin. Fagmennsku í skólanum, frístundaheimilinu, listnáminu og íþróttunum.

Við eigum að vera kröfuhörð og metnaðarfull þar sem börnin okkar eru annars vegar og stefna ótrauð að gjaldfrjálsu grunnskólastigi. Við vitum að það vorum við í VG sem ýttum umræðunni um gjaldfrjálsan leikskóla úr vör. En við hættum ekki þar. Í nafni jafnréttis til náms og réttlætis höldum við okkar striki. Nú er það gjaldfrjálst grunnskólastigið.

*Höfundur skipar 1. sæti á V-lista Vinstri grænna í Reykjavík www.svandis.is.*



## UNDIR DISKINN MINN

Diskamottur setja fallegan svip á eldhús- eða borðstofuborð og eru ágætis tilbreyting við dúkað borð.

HEIMILI 7



## ÓLÉTTUFÖT SELJAST VEL

Top shop hóf að selja fatnað fyrir óléttar konur fyrir mánuði síðan. Hann hefur hitt í mark.

TÍSKA 4



## ALLT HITT

**[TÍSKA HEIMILI HEILSA]**



**Ráðlagðir** dagskammtar af ýmsum næringarefnum hafa verið endurskoðaðir og birtir af Lýðheilsustöðmanneldisráði. Byggja þeir á nýjustu rannsóknum í næringarfræði. Breytingarnar eru ekki miklar en þær er hægt að sjá á vef Lýðheilsustöðvar.

**Páll** Eiríksson geðlæknir flytur fyrirlestur um „Börn og sorg" í Bústaðakirkju í kvöld klukkan 20. Allir eru velkomnir og eftir fyrirlesturinn verða umræður og boðið verður upp á kaffi. Fyrirlesturinn er á vegum Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð.



**Loðhúfur** eru í tísku. Sérstaklega fyrir norðan þar sem Vetur konungur lætur móðinn mása og fyllir allt af snjó.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 30. mars, 89. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.53 | 13.32 | 20.13 |
| Akureyri | 6.35 | 13.17 | 20.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Þóra Þorsteinsdóttir með gærukollinn sem hún fékk í afmælisgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gærukollur í uppáhaldi

***Þóra Þorsteinsdóttir, mastersnemi í kynjafræði, á sér uppáhaldshúsgagn en það er appelsínugulur gærukollur sem hún fékk í tuttugu og fimm ára afmælisgjöf frá afa sínum og ömmu.***

Stuttu fyrir afmælið var Þóra að lesa grein um íslenska hönnun og sá þá mynd af gærukollinum Fuzzy. „Í greininni kom fram að gærukollurinn hefði verið vinsæl fermingargjöf í kringum 1970 og hann hefði verið hannaður af Sigurði Má Helgasyni, sem er vinur afa," segir Þóra.

Þóru minnti að hún hefði séð svona koll með appelsínugulri gæru heima hjá afa sínum og ömmu þegar hún var lítil svo hún fór að spyrja þau um kollinn. „Þau mundu ekkert hvað hafði orðið af kollinum eða hvort þau hefðu átt hann og þetta var allt eitthvað óljóst svo ég hætti bara að hugsa um hann."

Það kom Þóru því ánægjulega á óvart þegar hún fékk gærukoll í afmælisgjöf frá afa sínum og ömmu. „Kollurinn var í kassa og þau sögðu mér að þetta væri nýr kollur. Þau höfðu farið til Sigurðar og spurt hann um kollana og hann átti þá eina sex eftir í geymslunni sem hann hafði aldrei selt. Einn þeirra var með appelsínugulri gæru með svörtum strípum og þau keyptu hann handa mér."

Þóra segir að hún viti ekki betur en að Sigurður sé núna farinn að framleiða kollana að nýju þar sem þeir hafi komist aftur í tísku fyrir nokkrum árum. „Ég fór einhvern tímann á Þjóðminjasafnið og sá að það var verið að selja þá þar, svo það á að vera hægt að eignast svona koll."

Þóra segist nota kollinn mikið. „Ég nota hann sem aukastól, sem fótskemil og til að ná upp í eldhússkápa, þannig að hann er á ferðinni út um alla íbúð. Hann passar eiginlega ekki við neitt sem ég á svo það má segja að hann passi jafn vel alls staðar."

*emilia@frettabladid.is*

## Íslandsmót iðnnema 2006

ÍSLANDSMÓT IÐNNEMA YNGRI EN 22 ÁRA VERÐUR HALDIÐ Í KRINGLUNNI Á MORGUN, FÖSTUDAGINN 31. MARS.

Á Íslandsmóti iðnnema í ár verður keppt í rafvirkjun, málun, múrverki, dúklagningu, pípulagningu, trésmíði, málmsmíði, hársnyrtingu og snyrtifræði. Fjöldi sýningarbása verður á mótinu þar sem þeir skólar sem bjóða upp á nám í iðngreinum kynna nám í fleiri greinum en keppnisgreinunum. Margt verður að sjá og mikið að gerast og allir sem hafa áhuga ættu að líta við í kringlunni á morgun.



Keppt verður í hársnyrtingu á Íslandsmóti iðnnema í ár.


# Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.


3ja ára


6 ára


9 ára


12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Snjóbretti eru í tísku.** Þau eru svöl, þau eru hraðskreið og þau eru hluti af góðri líkamsrækt sem öll fjölskyldan getur sameinast um. Nú stefnir líka í að nægur snjór verði fyrir norðan.



PEYSU TILBOÐ
1000 KR. AFSLÁTTUR

ALLAR PRJÓNAPEYSUR MEÐ 1000 KR. AFSLÆTTI, Í DÖMU-, HERRA- OG BARNADEILD.

TILBOÐIÐ GILDIR DAGANA 30. MARS – 2. APRÍL.

Í DEBENHAMS FINNURÐU MIKIÐ ÚRVAL AF FATNAÐI OG GJAFAVÖRU Á VERÐI SEM KEMUR ÞÉR Í GOTT SKAP.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 32020 03/2006




OPIÐ TIL 21:00
ALLA FIMMTUDAGA

DEBENHAMS
SMÁRALIND



Hluti af sýningu Steinunnar er nokkrir veggir þaktir úrklippum úr pressubókum hennar sem hún hefur safnað frá upphafi ferils síns fyrir tuttugu árum. Þar má líta viðtöl við Steinunni og greinar um verk hennar að ógleymdum óteljandi fjölda frægra fyrirsætna og leikara sem klæðst hafa fötum eftir hana. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Með margt á prjónunum

***Í Gerðubergi stendur yfir sýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar sem spannar heildarferil hennar frá barnaskóla til hennar eigin hönnunarlínu í dag.***

Steinunn hóf feril sinn hjá Carmelo Pomodoro þangað sem hún fór beint úr hönnunarskóla sem hún sótti í New York. Þó má segja að hæfileikinn til hönnunar og fatagerðar hafi sýnt sig mun fyrr. „Ég byrjaði að prjóna þegar ég var níu ára og ætli ég hafi ekki prjónað yfir hundrað peysur yfir ævina,“ segir Steinunn þegar blaðamaður hittir hana í Gerðubergi. „En í dag er ég hætt að prjóna og læt aðra um að gera það fyrir mig,“ segir hún og brosir glettin.

Steinunn kemur af miklu saumafólki og kenndi amma hennar henni að prjóna. „Í þá daga voru vanefni og mæður saumuðu á börnin sín. Ég held að það hafi verið daginn eftir ferminguna mína sem ég fékk að kaupa mínar fyrstu buxur,“ rifjar Steinunn upp en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og glæstur ferill hjá fatahönnuðum eins og Gucci, Ralph Lauren, Calvin Klein og La Perla að baki.

Steinunn leggur mikla áherslu á prjónað efni og telur það hafa hjálpað sér mikið að kunna handverkið á bak við hönnunina. Hún bendir til dæmis á sýningarkassa þar sem meðal annars má sjá prjónabók sem hún notaði tólf ára gömul en auk þess er mikið af því sem hún er að gera í dag prjónað úr efnum eins og kasmír og rayon. Steinunn á einn son sem fékk að kenna á prjónaáráttu mömmu sinnar. „Ég prjónaði mig í gegnum fæðinguna,“ segir Steinunn og hlær en sonurinn gekk aldrei í öðru en kasmír fyrstu æviárin.

En hvernig þróaðist litla stelpan með prjónana í heimsklassahönnuð? „Með mikilli vinnu hjá stórum fyrirtækjum,“ svarar Steinunn alvarlega og bendir á að ferill hennar hafi í raun komist á skrið þegar hún hóf störf hjá Calvin Klein árið 1989 en þar vann hún í sex ár. „Ég vil eiginlega segja að þar hafi ég verið í þjálfunarbúðum og verið útskrifaður atvinnuhermaður þegar ég mætti til Gucci,“ segir Steinunn glaðlega en Calvin var að hennar sögn mikið á staðnum og því gat hún lært mikið af honum. Eftir á að hyggja þótti Steinunni þó skemmtilegasti tíminn hjá Gucci enda vann hún á miklum uppgangsárum hjá fyrirtækinu.



Handverkið er Steinunni hugleikið. Hún notar prjónið mikið í verkum sínum og þess má geta að öll fötin á gínunum eru prjónuð, til dæmis úr kasmír eða rayon.

Þrátt fyrir að Steinunn hafi starfað erlendis í tuttugu ár er Ísland ávallt hennar heimahöfn. Til að mynda bjó hún hér á landi í þau fimm ár sem hún vann hjá Gucci en ferðaðist fram og til baka. Manninum sínum kynntist hún í New York um það bil sem hún hóf feril sinn. „Það er skemmtilegt frá því að segja að maðurinn minn sá þessa fyrstu sýningu Carmelo,“ segir Steinunn og bendir á úrklippu úr tímariti frá þeim tíma sem hangir innan um þúsundir annarra úrklippa úr pressubókum sem Steinunn hefur safnað í tuttugu ár. Þar má sjá andlit eins og Brad Pitt, Whitney Houston, Kate Moss og marga fleiri. Steinunn kippir sér lítið upp við þennan frægðarljóma sem berst af veggjunum sem þaktir eru fína og fræga fólkinu sem borið hefur föt hennar með stolti.

Steinunn segir það draum allra að vera með eigin hönnun og því hafi hún ráðist í að gera hönnunarlínu sína STEINUNN. „Ég vildi vinna hjá öðrum til að fá reynslu. Mér finnst eins og ég sé búin með doktorsgráðuna og nú byrja ég nýtt tímabil,“ segir Steinunn, sem fannst skemmtileg leið til að segja skilið við fortíðina að setja þessa sýningu á stokkana.

Steinunn gengur töluvert í fötum eftir sjálfa sig en þó alls ekki alla daga. Reyndar viðurkennir hún að henni þyki best að ganga í bómullarbolum og gallabuxum og minnist þess með brosi þegar hún var að vinna hjá Gucci þar sem mikið er gert út á ímyndina innan fyrirtækisins. Þar gengu allir í merkjafötum frá Gucci og voru almennt flottir í tauinu, nema hönnuðurnir. „Þeir mættu í rifnum gallabuxum og bolum úr GAP og meikuðu ekki þetta Gucci-dót,“ útskýrir Steinunn og hlær og bætir við að bæði verði hönnuðir að halda ákveðinni fjarlægð frá viðfangsefninu auk þess sem löngunin til að klæðast merkjavörum minnki töluvert þegar unnið er við það allan daginn.

Nú tekur við nýtt tímabil hjá Steinunni og fer mikill tími í að byggja upp ímynd hönnunarlínu sinnar STEINUNN en hana selur hún víða um heim. Sýningin á verkum Steinunnar í Gerðubergi stendur til 30. apríl.



Á sýningunni má líta prufur og teikningar frá starfi Steinunnar með hönnuðum eins og Calvin Klein, Gucci og Ralph Lauren.



Í einum sýningarglugganum má sjá prjónaðar peysur eftir Steinunni frá ýmsum timabilum.




Árið 1997 birtist þessi mynd af stúlknasveitinni Spice Girls og voru allar í fötum eftir Steinunni. Henni fannst ekki mikið til koma og hálf skammaðist sín fyrir að eiga fötin utan á þessum lummulegu söngkonum.



# Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Alésia-Tombe-Issoire, grænt hverfi með útsölutísku

Alésia er fyrsta af þrjátíu og sex grænum hverfum sem Bertrand Delanöe borgarstjóri hefur lagt mikla áherslu á að verði að veruleika í París. Þetta hverfi sem einkenndist af bílaumferð hefur nú fengið rólegra yfirbrað, bílaumferð er takmörkuð og trjám hefur verið plantað þar sem bílastæði voru áður. Í þessu hverfi má til dæmis finna götuna La villa Seurat sem er við 101 Tombe-Issoiregötu þar sem átta hús eru verk arkitektsins André Lurçat og þar hafa búið margir listamenn, til dæmis Anaïs Nin og Lawrence Durrell.

En Alésia er sömuleiðis áhugavert verslunarhverfi fyrir þá sem hafa gaman af því að gera góð kaup. Á Alesiugötu má víða sjá búðir merktar „Stock“ þar sem seldir eru lagerar einhverra hluta vegna á lágu verði. Þarna hafa safnast saman búðir sem selja merkjavöru frá árinu á undan á hálfvirði. Um þessar mundir er því hægt að finna sumartískuna frá því í fyrra því eftir að útsölum er lokið pakka sum tískuhúsin vörunum niður til að taka fram í útsölubúðum sínum hálfu ári seinna. Þarna er því útsala allt árið um kring. Til dæmis Georges Rech og Cacharelbúð þar sem sem bæði eru seldar prótótýpur og postulín frá tískuhúsinu á góðu verði. Við hliðina er Sonia Rykiel með barnavörur og aðallínu tískuhússins og aðeins lengra frá er sportlínan Sonia seld. Ég man reyndar eftir því þegar ég steig mín fyrstu spor í heimi tískuhúsa hér í París og var tvo daga í búð Soniu Rykiel á Alésiu götu og þar á eftir í tískuhúsinu í St Germain des près-hverfinu að það var sussað á mig þegar ég minntist á útsölubúðina í 14. hverfi við einn viðskiptavininn. Það þótti ekki fínt að tala um að tískuhúsið seldi gamlar vörur í tískuborginni! En svona er peningaágirndin mikil því ekki var fussað við peningunum sem þessi búð halaði inn sem allir fóru í sama vasann á endanum. Oft er um að ræða varning sem er frekar klassískur eða það sem ekki hefur vakið lukku en á réttu verði gleður þá sem vilja ganga í merkjavöru þótt hún sé aðeins á eftir síðustu tískustraumum. Ég hef nú reyndar grun um að í bland sé laumað einhverju sem er eldra en ársgamalt.

Í eina tíð í lok níunda áratugarins vann ég í annarri búð með nafninu Sonja, nafnið hrein tilviljun en þessi Sonja var á Laugaveginum í Reykjavík. Meðan á útsölum stóð var mokað út úr gömlum geymslum og maður spurði sig hvort þetta væru afgangar frá bítlatímanum. En allt seldist þetta ef rétta verðið var á verðmiðunum. (Alésia, M° Alésia á línu 4 kortersferð frá Chatelet).

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

# Glæsileiki

***Mikið var um dýrðir á nýafstaðinni tískuhátíð í Portúgal.***

Moda Lisboa-tískuhátíðin í Portúgal fór nýlega fram í Lissabon. Þar sýndu margir af færustu og þekktustu tískuhönnuðum landsins verk sín. Einn þeirra var Jose Antonio Tenente, sem vakti athygli fyrir íburðarmikinn og glæsilegan stíl. Fyrirsætur stikuðu fram á pallana í efnismiklum galakjólum sem voru hver öðrum fallegri.



Vængirnir undirstrika himneskan stíl kjólsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


550 5000

**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ - mest lesið



**Augnháralitur og augnbrúnalitur**

**Tana® Cosmetics**

Augnháralitur og augnbrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa – þægilegra getur það ekki verið.

**SÖLUSTAÐIR:**
**APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR**

**Full búð af nýjum kjólum fyrir árshátíðina og ferminguna**




**Opið alla daga vikunnar – einnig sunnudaga**

AUSTURSTRÆTI 8 - 10 101 REYKJAVÍK 5340005


# Kynlegt í Kína

***Keppni ungra hönnuða fór fram á 14. tískuviku í Peking.***

Fjórtánda tískuvikan í Peking í Kína stendur nú yfir. Þar verður mikið um dýrðir en um 120 fatahönnuðir frá 24 löndum sýna hönnunarlínur sínar fyrir komandi árstíðir. Á sunnudaginn fór fram keppni ungra hönnuða og var afrakstur hennar mjög skrautlegur þar sem margar skemmtilegar og öðruvísi hugmyndir birtust áhorfendum.

Kínverjar framleiða mikið af fataefni, fötum, skóm og höttum og er það gert í vaxandi mæli. Er um helmingur allrar framleiðslunnar fluttur úr landi. Það hefur leitt af sér nokkra spennu í samskiptum við Evrópusambandið og Bandaríkin og stendur yfir nokkurs konar viðskiptastríð milli landanna enda eru kínversku fötin yfirleitt fremur ódýr.



Ein af flíkunum sem sýnd var í keppni ungra hönnuða í Peking




**Glæsilegt úrval af handsmíðuðum íslenskum skartgripum**

LÁRA GULLSMIÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

**Gentle Exfoliating**



**Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar.** Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 próvítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

**Deep Cleansing**



**Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina.** Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 próvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

**Age Defying**



**Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:** Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 próvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

**Herbal Cleansing**



**Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina.** B5 próvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

cu2 *Fást í öllum helstu apótekum landsins* Dr. Fischer




TRIND ALLTAF NO. 1 Nú nýtt*
Hin frábæra glernaglaþjöl og hin frábæra þriggja flata þjöl frá Trind í Magic Boxi

TRIND ALLTAF NO. 1
Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir.



Lífræn og rakagefandi sturtusápa fyrir allar húðgerðir
Dr. Fischer



BRILLIANT
Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

allt bílar
Alla laugardaga

# Oleg Cassini látinn

***Maðurinn á bak við útlit Jacqueline Kennedy og margra Hollywood-stjarna, Oleg Cassini, lést í síðustu viku, 92 ára að aldri.***

Jacqueline Kennedy hefur oft verið talin best klædda forsetafrú Bandaríkjanna en maðurinn á bak við alla kjólana og dragtirnar, Oleg Cassini, lést síðastliðinn föstudag. Cassini var opinber hönnuður Jackie og hannaði fyrir hana alls yfir 400 flíkur. Cassini vildi að hún setti sjálf sína eigin tískustandarda í stað þess að elta aðra.

Cassini fæddist í París en var af rússneskum ættum. Upp úr 1940 hóf hann að hanna föt fyrir margar stórfrægar Hollywood-stjörnur og má þar helst nefna Natalie Wood, Marilyn Monroe, Gene Tierney og Grace Kelly. Var Cassini um tíma giftur Tierney og seinna margsinnis bendlaður við Kelly. Cassini verður þó ávallt helst minnst fyrir samstarf sitt við forsetafrúna fögru.


Einn af fjölmörgum kjólum Cassinis sem Jacqueline Kennedy klæddist um ævina. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Flottur fatnaður fyrir flottar konur

bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12, Kópavogi
Sími 554 3533


Erla Dís Arnardóttir, stílisti verslunarinnar Top Shop, segir viðskiptavini sína kunna vel að meta óléttufötin.

# Óléttuföt seljast vel

***Top shop hóf að selja fatnað fyrir óléttar konur fyrir mánuði síðan. Hann hefur hitt í mark.***

Ófrískar konur vilja geta klætt sig samkvæmt tískunni. Í versluninni Top Shop hefur nú um skeið verið hægt að kaupa óléttuföt og hafa þær flíkur sem línunni tilheyra selst afar vel að sögn Erlu Dísar Arnardóttur stílista verslunarinnar. „Kúnnarnir okkar sem hafa fylgt okkur lengi eru nú farnir að eignast börn og kunna vel að meta að geta haldið áfram að kaupa föt í búðinni á meðgöngu.“

Meðal þeirra flíka sem kaupa má í Top Shop eru vafningskjólar, bolir, jakkar og gallabuxur. Gallabuxurnar eru niðurþröngar eins og tískan boðar í dag, með teygju í mittið sem leggst undir bumbuna. Fötin eru á sanngjörnu verði og hiklaust góð viðbót við ört vaxandi úrval meðgöngufatnaðar hér á landi.


Blár jakki sem fer vel yfir bumbuna, 7.990 kr.


Fallegur langermavafningskjóll á 4.990 krónur.

Stuttermakjóll sem einnig fer vel yfir buxur, 5.9990 kr. Bolurinn undir kostar 990 kr.

Prjónavesti sem passar við bæði buxur og pils. 4.490 kr.

# Endurkoma Helmut Lang

***Helmut Lang gæti brátt snúið aftur á aðalsvið tískuheimsins.***

Hinn austurríski Helmut Lang hefur um árabil verið eitt af stærstu nöfnum tískubransans. Á síðustu árum hefur nafn hans hins vegar ekki selst eins vel og áður. Lenti Lang meðal annars í deilum við Prada-samsteypuna sem enduðu með því að Lang ákvað að stíga af sviðinu í febrúar í fyrra. Í síðustu viku seldi Prada síðan Helmut Lang tískuhúsið til Link-Theory Holdings.



Nú hefur forseti og stjórnarformaður Link-Theory, Chikara Sasake, gefið það út að dyrnar standi opnar fyrir Lang til þess að stíga upp í skútuna á ný. Sasake á að hafa átt fund með Lang þar sem þau hafi rætt mögulega endurkomu hans. Að sögn International Herald Tribune munu hurðin þó ekki standa opin mjög lengi því Sasake er núna að leita að aðalhönnuði fyrir tískuhúsið sem muni bjóða upp á sína fyrstu línu sumarið 2007 og því er tíminn knappur.

**Ólífuolía** hefur jákvæð áhrif fyrir hjartað með því að stjórna magni kólesteróls í blóðinu. Það að auki inniheldur hún nokkuð af andoxunarefni og fer vel í maga.



Þeir verja vitið sem hafa það. Mikilvægt er að spara ekki hjálminn sem ver heilabúið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hjálmar gegna mismunandi hlutverkum

***Ekki er sama hvernig hjálm maður er með á hausnum. Til eru reiðhjólahjálmar, snjóbrettahjálmar, hjólabrettahjálmar, línuskautahjálmar og svo framvegis. Þegar allt kemur til alls er munurinn hins vegar ekki svo mikill.***

Hjálmar eru misgóðir og er mikilvægt að spara þá ekki þegar kemur að því að verja heilabúið, enda eigum við bara eitt slíkt. Best er að velja hjálm frá viðurkenndum framleiðanda sem treystandi er á. Það er óþarfi að kaupa dýrustu gerðina, hún er yfirleitt hönnuð fyrir keppnisfólk sem gerir kröfur um eiginleika sem ekki skipta öllu máli fyrir áhugamenn. Flestir hjálmar sem seldir eru hérlendis uppfylla ákveðna alþjóðlega staðla. Þeir eru því nógu góðir sama hvort þeir kosta fúlgur fjár eða eru ódýrir.

Alþjóðlegu staðlarnir fyrir hjálma eru, eins og gefur auga leið, mismunandi milli íþróttagreina. Mótórhjólahjálmar þarf að þola mun þyngra högg en snjóbrettahjálmur. Þessar kröfur einar og sér útskýra þó ekki mismunandi útlit hjálmanna. Þar koma tískustraumar inn í myndina. Reiðhjólahjálmar eru straumlínulagaðir og oft með loftgötum til að gefa gott loftflæði um höfuðið. Enginn virðulegur hjólabrettakappi myndi hins vegar láta sjá sig með reiðhjólahjálm. Hjálmurinn hans er að öllum líkindum mun kúptari, svolítið svalari og minna er hugsað um loftmótstöðu. Snjóbrettahjálmar hafa þá sérstöðu að ná lengra niður og hylja eyrun. Þar liggja hagkvæmisaðstæður að baki. Það er kalt uppi í fjalli og því mikilvægt að verja eyrun gegn kulda.

Það að hjálmur sé eingöngu reiðhjólahjálmur þýðir ekki að hann sé ónothæfur í aðrar íþróttir. Algengt er að framleiðendur sjái sér ekki í hag í að koma hjálmum í gegnum dýrar prófanir nema eingöngu fyrir þá íþrótt sem markhópurinn stundar. Þrátt fyrir það er mælt með því að nota ekki hjálm nema hann standist ströngustu öryggiskröfur og hafi gengið gegnum öll nauðsynleg próf fyrir tiltekna íþrótt.

Þegar hjálmur er keyptur þarf hann sem sagt að uppfylla þessa staðla, hann þarf að vera þægilegur og þú þarft að vera sátt(ur) við að hafa hann á hausnum.

Alhliða hjálmur, Markið. Hjálmur, Intersport. Hjálmur, Intersport. Hjálmur, Intersport.



# Reebok innkallar armbönd

***Í tvö ár hefur Reebok gefið lítil armbönd með hverjum keyptum smábarnaskóm. Gjöfin hefur nú verið innkölluð vegna gruns um að ein slík hafi valdið dauða fjögurra ára barns.***




Frá þessu er greint á vef BBC. Fjögurra ára drengur í Minneapolis í Bandaríkjunum lést eftir að hafa gleypt armband frá Reebok en armbandið var of stórt til að komast í gegnum meltingakerfi drengsins og stöðvaðist því í maga hans. Þar leystist það upp á nokkrum dögum. Armbandið er 99 prósent blý og lést drengurinn úr blýeitrun.

Í kjölfar fregna um andlát drengsins ákváðu stjórnendur Reebok að stöðva alla frekari dreifingu armbandanna og enn fremur að innkalla um 300 þúsund eintök sem nú þegar eru í umferð.

Blý er eitur en börn undir fimm ára aldri eru sérstaklega viðkvæm fyrir því. Mikið magn þess getur valdið dauða og jafnvel í litlu magni veldur inntaka þess lægri greindarvísitölu, hækkuðum blóðþrýstingi og minni frjósemi.












**www.ht.is** er vörulisti Heimilistækja á netinu. Þar er hægt að finna fullt af heimilistækjum, sjá nýjar vörur og fylgjast með tilboðunum.






# Uppgötvuðu Lene Bjerre fyrir algjöra tilviljun

***Systurnar Fjóla og Ingibjörg Marinósdætur reka verslunina Lene Bjerre í Bæjarlind í Kópavogi ásamt eiginmönnum sínum.***

Verslunin var opnuð 30. apríl í fyrra. „Við erum með ýmsar heimilisvörur, handklæði, sloppa, dúka, matarstell og fleira,“ segir Fjóla.

Lene Bjerre er danskur hönnuður. „Þetta er kona á besta aldri en hún byrjaði á því að framleiða lampaskerma úr veggfóðri í upphafi áttunda áratugarins og fékk umhverfisverðlaun í Danmörku fyrir þá hönnun.“

Hönnun Lene Bjerre er seld víða. „Vörurnar eru seldar í Danmörku, Englandi, Þýskalandi, Svíþjóð og Noregi en við erum eina sérverslunin því yfirleitt eru þær seldar inni í magasínum,“ segir Fjóla.

Systurnar og eiginmenn þeirra uppgötvuðu Lene Bjerre fyrir algjöra tilviljun. „Við vorum á sýningu í Herning í Danmörku og duttum eiginlega bara inn í básinn hennar. Þetta var í febrúar í fyrra og við ákváðum svo bara að hringja í hana og opnuðum verslunina fljótlega eftir það.“ Þau hafa síðan farið til Danmerkur að hitta Lene og skoða framleiðsluferlið. „Hún framleiðir allt sjálf og er með um það bil sjötíu manns í vinnu við það.“

Fjóla segir að það hafi gengið mjög vel hjá þeim síðan þau opnuðu verslunina. „Við erum komin með hóp af föstum kúnnum og það eru allir mjög ánægðir.“



Ingibjörg og Fjóla Marinósdætur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Matarstell frá Lene Bjerre. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Borðbúnaður frá Lene Bjerre. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI












Brún og mynstruð 699 kr. Debenhams.



Hvít og svört diskamotta, 1.250 kr. Epal.

# Dagblöðin hreinsa

***Nú þegar sólargeislarnir byrja að skína meira inn um rúður landsmanna með hækkandi sól er vissara að hafa þær hreinar og fínar.***

Óhreinindi eins og fingraför og annað slíkt koma nefnilega betur í ljós við sólskinið og því mikil prýði fyrir hvert heimili að hafa rúðurnar hreinar.

Gott ráð til þess að þrífa glugga og gler almennt er að nota dagblöð til verksins. Pappírinn og blekið virðast virka sem afbragðs gluggahreingerningarefni og gera gluggann skínandi skæran. Það eina sem þarf að gera er að úða örlitlu vatni á gluggann og svo er hann fægður með gömlu dagblaði. Einföld en góð lausn.



Skítur á gluggum kemur betur í ljós með hækkandi sól.


Margar stærðir og gerðir eldstæða, opin eða með hurð, einnig opin í gegn (tvær hurðir)
Verð frá kr. 82.000.-
Einnig úrval af aukahlutum fyrir arininn



Arinbúðin
Stórhöfða 17 · Sími 567 2133 · www.arinn.is


# Undir diskinn minn

***Einfaldar og litríkar diskamottur prýða borðið.***

Diskamottur setja fallegan svip á eldhús- eða borðstofuborð. Þær eru ágætis tilbreyting við dúkað borð en geta auðvitað verið á dúkuðu borði og forðað sparidúknum frá miklu matarsulli. Gott úrval er af diskamottum í ýmsum verslunum um bæinn og þær eru til með ýmsu lagi. Til dæmis úr bómull sem auðvelt er að þvo, úr plasti sem þægilegt er að þrífa og úr leðri sem sömuleiðis er auðvelt að þurrka af. Diskamottur er hægt að fá einlitar, röndóttar og með annars konar mynstri og myndum. Allt er leyfilegt hér eins og í tískuheiminum og um að gera að vera óhræddur að blanda saman litum og mynstrum.



Röndótt og sumarleg, 450 kr. Habitat.

Ferköntuðdiskamotta sem til er í ýmsum litum, 600 kr. Habitat.





Diskamotta úr leðri, 1.210 kr. Habitat.



Svört og hvít sem nota má báðum megin, 999 kr. Debenhams.

Rauð bastmotta 600 kr. Habitat.





Röndótt diskamotta, 699 kr. Debenhams.






Mikið úrval af fylgihlutum á baðherbergi

Lene Bjerre®
Scandinavian Country Collection

Bæjarlind 6, Kóp.
s. 5347470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18
og laugardaga 10-16






Róbert á fáar myndir eftir sjálfan sig enda hafa þær rokið út hjá honum undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gjöf fyrir þá sem allt eiga

***Skopmyndir og blýantsteikningar geta verið hið besta stofuskraut. Nýlega opnaði teiknarinn Róbert Schmidt vefsíðuna www.skopmyndir.com þar sem hann sýnir nokkur verka sinna en hann býður upp á þá þjónustu að teikna myndir eftir pöntun.***

Róbert Schmidt var aðeins lítill drengur þegar hann hóf að teikna skopmyndir. „Ég fór að hafa áhuga á þessu þegar ég sá að ég gat teiknað aðeins meira en Óla prik,“ segir Róbert glettinn en til að byrja með teiknaði hann upp eftir myndum Sigmunds og fleiri góðra manna. „Síðan fór maður að þróa eigin stíl um níu, tíu ára aldur,“ segir Róbert en teikningarnar hafa því miður setið á hakanum undanfarin ár þó kunnáttan hafi ávallt verið til staðar og því ákvað hann síðla á síðasta ári að gera eitthvað í því að koma teikningum sínum á framfæri.

Róbert ólst upp á Vestfjörðum og stundaði lengi sjóinn. Hann flutti í bæinn fyrir tólf árum og hefur síðustu ár starfað sem sölustjóri hjá Útivist og veiði í Síðumúla en fyrir utan teikningu hefur Róbert mikinn áhuga á veiði og útivist. Stundar hann meðal annars kajakróður og hefur farið með menn í kajakævintýraferðir um Grænland.

„Mig hefur alltaf langað til þess að gera eitthvað með teikningarnar en gaf mér aldrei nógu mikinn tíma,“ segir Róbert, sem opnaði vefsíðuna skopmyndir.com fyrir fáeinum vikum. Viðbrögðin hafa verið feiknagóð og hafa Róberti borist alls konar verkefni. Hann segir algengast að fólk biðji um skopmyndir af öðrum en sjálfum sér en þó hafi komið til hans fólk sem vilji gefa öðrum skopmynd af sjálfum sér. Flestar skopmyndirnar eru af körlum og finnst Róberti sárlega vanta meira af skopmyndum af kvenfólki. „Ætli það séu ekki einhverjir komplexar í gangi,“ íhugar hann kíminn.



Róbert hefur gaman af að stúdera skopteikningar en einnig af því að liggja yfir alvöru blýantsteikningum.

Þrátt fyrir góðar viðtökur ætlar Róbert ekki að gera myndlistina að aðalstarfi. „Maður verður að vera vel upplagður við þetta og verður þreyttur eftir tvo þrjá tíma og þarf að gera eitthvað annað,“ útskýrir Róbert, sem er þó farinn að eyða töluverðum tíma við teikniborðið á kvöldin. „Mér finnst sniðugt að fólk sé að átta sig á því þegar kemur að afmæli og gefa þarf einhverjum sem á allt, að það er fín lausn að gefa skopmynd eða blýantsteikningu sem er ljóst að viðkomandi á ekki,“ segir Róbert og snýr sér aftur að verki.



Hér hefur Róbert teiknað skopmynd af söngvaranum Herberti Guðmundssyni.

*solveig@frettabladid.is*

# Betri og bjartari sýningarsalur



Sófi og snotur púði í GP gæðahúsgögnum.

***GP gæðahúsgögn fluttu nýlega í stærra og betra húsnæði. Ekki má þó búast við neinum róttækum breytingum á úrvali verslunarinnar.***

GP gæðahúsgögn hafa um margra ára skeið verið í Bæjarhrauni 12 í Hafnarfirði en verslunin hefur nú flutt sig yfir í Dalshraun 1. „Breytingin felst helst í mun stærri sýningarsal sem er betri, bjartari og hlýrri en sá gamli,“ segir Gunnlaugur Gunnarsson, einn af eigendum GP gæðahúsgagna.

Gunnlaugur segir einhverjar breytingar verða varðandi úrval húsgagna við flutninginn eins og vænta megi. „Við höfum um þrjátíu prósentum meira pláss núna, þannig að við getum sýnt fólki þrjátíu prósentum meira. Ég held að úrvalið hafi aldrei verið meira.“ Þannig komist viðskiptavinirnir í betra færi við þá vöru sem verslunin bjóði upp á.

„Við erum og verðum samt alltaf fyrst og fremst með sófasett og borðstofuhúsgögn.

Þar ber hæst olíuborin eikarhúsgögn sem hafa sífellt orðið vinsæli,“ segir Gunnlaugur og bætir við að lokum að alltaf sé verið að vinna í enn frekari endurbótum.

*steinthor@frettabladid.is*



GP Gæðahúsgögn hafa aukið úrvalið í verslun sinni verulega eftir flutning í nýtt húsnæði.



Rýmið er bæði bjart og hlýtt í nýja húsnæðinu.



Vinsældir olíuborinna eikarhúsgagna hefur verið að aukast að undaförnu.




náttúrulegt línoleumparket
MARMOLEUM®
easy loc

auðveld lagning
ekkert lím
læsist saman
traust tenging

- falleg hönnun
- fer vel undir fæti
- hagkvæmt og endingargott

forbo FLOORING

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510 • kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.



# Sumarið lagt á borð

*Borðbúnaður úr plasti hentar vel í garðinn og sumarbústaðinn.*

Þegar veður leyfir er gaman að borða úti á svölum eða úti í garði. Hentugra er að flytja borðbúnað úr plasti með sér út en hefðbundið leirtau. Plastdiskar brotna heldur ekki þó að einhverjum verði á að missa þá á gólfið. Í Habitat eru vor- og sumarvörur komnar í hús og þar er aldeilis um auðugan garð að gresja í plastdiskum, glösum, könnum og bökkum svo fátt eitt sé nefnt. Vörurnar eru litríkar og lífga hæglega upp á hvaða garðveislu sem er. Ekki er heldur fráleitt að nota plastið innandyra, þó ekki nema til þess að breyta til.








# Reiðu komið á þvottinn

*Með því að flokka þvottinn um leið og hann er settur í óhreina tauið sparast mikill tími.*

Flestir kannast við óhreinataushrúgur á heimilinu og tímafreka flokkun þvottsins. Til eru ýmis ráð til að auðvelda þetta nauðsynlega húsverk, meðal annars hvað varðar undirbúninginn áður en þvotturinn fer í vélina.

Gott ráð er að flokka þvottinn um leið og farið er með hann í óhreinatausgeymsluna frekar en að þurfa að eiga við eina stóra hrúgu á viku fresti. Þá er nauðsynlegt að koma sér upp nokkrum körfum eða pokum sem merktir eru eftir ákveðnu kerfi. Þannig er hægt að flokka tauið eftir litum þess og hitaþoli. Hér er dæmi um ágæta flokka:

Ull og fleiri viðkvæm föt (30°)
Dökkur þvottur (40°)
Ljós-mislitur þvottur (40°)
Hvítur þvottur (40°)
Handklæði og rúmföt (60°)
Tuskur, lök og fleira (90°)



Eins og sjá má er 30 gráðu þvotturinn aðeins hafður í einni körfu enda er sá flokkur oft minnstur á heimilinu. Það getur þó verið mismunandi eftir einstaklingum hvers konar föt þeir eiga og því verður að sníða kerfið að þörfum hvers og eins.

Þetta skipulag krefst vissulega nokkurs pláss í íbúðinni. Hver karfa þarf þó aðeins að rúma eins og einn þvottaskammt sem auðvelt er að henda beint í vélina. Einnig er hægt að flokka þvottinn ofan í poka sem saman eru geymdir í einni stórri þvottakörfu.

mariathora@frettabladid.is


**Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

30% afsl. af allri indverskri vöru
20% afsl. öllum sófasettum

mira art
HÚSGÖGN

bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is



KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND ehf.





SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðnaðar-manninn
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is


## Húsráð }



Mörgum leiðist það verk að þrífa silfur-búnaðinn sinn.

### Silfrið hreinsað

Allir kannast við hið hvimleiða vandamál að þurfa fægja skítugan borðbúnað, skartgripi og annað slíkt úr silfri. Oftast er silfrið hreinsað með sérstöku silfurhreinsiefni sem oft fylgir tilheyrandi ólykt og jafnvel óþægindi. Aðrar einfaldar og ódýrari leiðir eru þó til.

Ein þeirra er að nota setja matarsóda og álpappír í pott og hita silfrið í vatni með þeirri blöndu. Önnur leið er að setja væna slettu af ediki í heitt vatn, stinga silfrinu þar ofan í og láta silfrið liggja þar í nokkrar mínútur. Eftir báðar þessar aðferðir er silfrið tekið og bleytan þurrkuð af. Báðar þessar aðferðir eru frekar auðveldar í framkvæmd, kosta lítið og spara manni mikla vinnu.


RÝMINGARSALA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!




## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Háfrónskumenn, klungur og afskornar rósir

Háfrónskumenn vilja að hinu gamalgróna og grísk-latneska hugtaki „rósir“ yfir þá plöntuættkvísl sem norrænir, þar með íslenskir, menn nefndu áður „klungur“ verði útrýmt í ísl-ensku. Þeir leggja til að í staðinn verði heitið „ástblóm“ notað eftirleiðis í hinni endurskoðuðu, hreinu og silfurskæru há-frónsku. Ekki er ég viss um að slík úrlausn nái að festa tær í því þverhnípi sem málbjargið er. Annars er tillagan um „ástblóm“ góðra gjalda verð. Því sannarlega vekja rósirnar upp einhverskonar ástartilfinningar hjá öllum sem á þær horfa. En ástartilfinningar af líku tagi geta einnig brotist um í hjörtum margra manna við ásýnd annara blóma. Tillöguna skortir lýsandi gagnsæi og sannfærandi tengingu við viðfangið. En kannski beinir þessi athugasemd huganum að því að ekki er heiglum hent að gefa plöntum séríslensk heiti. Plöntunöfn eru í sjálfu sér alþjóðleg, enda þótt flestar plöntur eigi staðbundin heiti víðast hvar.

### Rósir og klungur

Plöntuheitið „rós“ má rekja aftur til fyrstu heimilda um mál manna af þeim ættboga mannkyns sem Íslendingar í heild eru hluti af. Orðið merkir einfaldlega „rauður“ og orðstofninn er að finna í öllum indóevrópskum málum. Forn plöntunöfn í germönskum málum má rekja langt aftur til mála sem voru forfeðrum okkar tömust á tungu fyrir svo sem fjörutíuþúsund árum. Í eðli sínu eru plöntunöfn lýsingarorð. Trjáheitið „björk“ vísar til trés sem er bjart yfirlitum o.s.frv. en nafngiftirnar voru ekki alltaf afgerandi og aðskiljandi, þannig að stundum var óljóst við hvað var átt. Gamla „klungur“-heitið yfir rósir gat átt við allar tegundir þyrnirunna og er reyndar nú notað sem sérheiti yfir hindberjaættkvíslina.

### Undir rós!

Margskyns átrúnaður og siðvenjur tengdar rósum hafa orðið til á þeim þúsundum ára sem menn hafa elskað rósir og stundað rósarækt. Hið gamla orðtæki að „segja einhverjum eitthvað undir rós“ kemur úr latínunnar „sub rosa“ og táknar það að tala við einhvern í algjörum trúnaði. Mér hefur verið sagt að upprunann megi rekja til þess að í Páfagarði sé sérstakt herbergi inni af móttökusal páfa skreytt máluðum rósakransi í loftinu. Þangað fór páfi inn með þá viðmælendur sem hann taldi sig þurfa að eiga sérstök trúnaðarskipti við. Og á fyrri öldum hinna valdamiklu – og oft veraldlega sinnuðu – páfa voru þar víst oft brugguð mörg vafasöm launráðin. Og þegar sagt er að fólk tali rósamál er átt við að ekki sé skýrt til orða tekið og fremur talað utan að hlutunum.

### Mál rósanna

En svo er til annarskonar rósamál, tengt riddaramennsku og rómantískum hugsunarhætti horfinna tíma. Táknmál rósanna var notað til að koma skilaboðum milli elskenda. Þá reið á að hafa skilninginn á hreinu: Gular rósir táknuðu auðmjúkar þakkir og von um skjótan endurfund. Rauðar rósir voru merki um brennandi ást og þrá til viðtakandans. Bleikar rósir voru ekkert sérlega ástríðufullar og táknuðu meira vináttu og matarást. Hvítar rósir báru því vitni að sendandinn bar mikla virðingu fyrir andlegum eiginleikum og flekklausri sál þess sem við rósunum skyldi taka.

### Rósir í vasa

Afskornar rósir geta staðið í vatni í allt að vikutíma ef vel er að þeim farið. Í blómaverslunum er venjulega búið að undirbúa þær eftir kúnstarinnar reglum. Þar eru þyrnar fjarlægðir, stilkendum dýft andartak í sjóðandi vatn til að tryggja það að þeir nái upp vatni og svo er rósunum raðað saman í vendi þannig að hver rós njóti sín sem best. Rósabúnt í stórmörkuðum er ekki búið að meðhöndla á sama hátt. Það gerir hver fyrir sig þegar heim er komið. Skera þarf skáhallt neðan af hverjum stilk og stinga honum síðan niður í sjóðandi vatn meðan talið er: 1 – 2 – 3. Svo eru þyrnarnir fjarlægðir og rósunum komið fyrir í vasa með volgu vatni. Saman við vatnið er venjulega sett svo kölluð blómanæring sem yfirleitt fylgir með búntunum og á að duga í hálfan lítra af vatni. Eftir það þarf bara að fylgjast með og fylla á vasana með blómanæringarvatninu eftir þörfum. Og auðvitað þarf að passa að rósavöndurinn standi ekki þar sem hætta er á að sólin skíni sterkt á hann.






Allt að 60% afsláttur

Full búð af nýjum vörum.
Glæsileg sófasett og frábært úrval af tekk borðstofuhúsgögnum.
skenkar- stólar- borðstofuborð- sófar- hægindastólar- sófaborð
smávara- skemlar- púðar- sjónvarpsskápar- skilrúm
Verið velkomin að Dalvegi 18.
Gallerí Húsgögn
Sími 554 5333
Opnunartími:
Virka daga 11-18 • Laugardaga 11-16 • Sunnudaga 13-16





PÍANÓSTILLING.IS
Kristinn Leifsson - Leifur Magnússon
S. 661-7909

ergi við Iðnskólann. 2 herb. deila si og wc m. sturtu. Sérinng. í her- aðgangur að þvottav og þurrkara, g rafm innifalið, ADSL mögul. 34 þ. 580 eftir 18

amlæg herbergi m/ húsgögnum til í miðbæ Hafnarfjarðar. Sturta, ahús og lítið eldhús, sér inngang- 555-3423 e. kl: 17.

ergi til leigu með aðgang að wc og á svæði 109. Laust strax. Uppl. í 863 4709 eftir kl. 16.30.

góð 2ja herbergja í Árbænum til Gott útsýni. Uppl. í s. 897 1717.

ergi með fataskáp, rúmi, ísskáp, 2 og bíórás, aðgangur að wc og til leigu á svæði 109. Uppl. í s. 601.

## úsnæði óskast

**Óska eftir íbúð!**
ir strákar á besta aldri eru að a sér að íbúð til leigu helst á æði 101 eða 107. Erum mjög glusamir og skilvísum greiðsl- heitið. Okkur vantar íbúð sem a fyrst helst árs leigusamning. **hugasamir hafið samband ið Björn Lárus í síma 690 9933.**

til fjölsk. óskar eftir íbúð strax, ein- u á Seltj.nesi, reglusemi og skilvís- iðslur. S. 848 8857.

m eftir rúmgóðu herbergi með að- að snyrtingu og eldunaraðstöðu 2 pólskar konur. Uppl. í s. 660 & 896 3324.

Óska eftir herbergi frá 1. apríl. Upplýsingar í síma 616 2835.

## Húsnæði til sölu

**Íbúð til sölu í Garðabæ.**
Glæsileg 121 fm 4herb íbúð með stæði í bílageymslu, að Strandvegi Garðabæ til sölu á 34,9m. Upplýsingar í síma 5887787 & 864-0803
**Nánari upplýsingar í síma 588 7787 & 864 0803**

## Sumarbústaðir




**Hlið**
Á göngustíga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhólf o.fl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.



Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Verið velkomin, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnuhúsnæði til leigu**
á Krókhálsi, ca 180fm, mikil lofthæð og stórar innkeyrsludyr.
**Uppl. í s. 863 9994.**

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

**Skrifstofuhúsnæði óskast**
ca 15-20 fm. Uppl. í s. 898 5313.

**Stórglæsilegar skrifstofur til leigu**

## Geymsluhúsnæði



Gámur er góð lausn á plássleysi! Vertu í sambandi við erum með hagstæða lausn fyrir þig. S. 587 2470 www.bos.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.













## Gisting

Flóki Inn - Heimilisleg herbergi til leigu í lengri eða skemmri tíma á frábæru verði. Hafðu samband í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hefur þú gaman af fötum?**
Ef svo er þá erum við að leita að jákvæðum og hressum einstaklingum í hópinn okkar, miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.
**Ef þú vilt vita meira hafðu þá samband við Sylvíu í síma 565 3900 eða 660 7401.**

**Pizzubakari.**
Viljum bæta við okkur pizzubaka. Vanir pizzubakarar ganga fyrir. Vaktavinna.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku
Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald



**en & Jerry's Smáralind**
rfsmaður óskast í dagvinnu frá
11-15 eða 11-19 virka daga.
**hugasamir hringja í s. 660
1770.**

**Ræstingar Jóa Fel.
Kleppsvegi.**
kum eftir að ráða starfskraft í
stingar, pökkun og ýmiskonar
stoð. Vinnutími 08.00- 16.00
Einnig vantar starfsfólk í af-
eiðslu í búð. Tvískiptar vaktir.
**Upplýsingar hjá Lindu 863
7579.**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
óskar
eftir starfsfólki
greiðslu milli kl. 16 og 22 virka
daga.
**pplýsingar í síma 864 6112
eða á keiluhollin.is**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
kar eftir starfsfólki í afgreiðslu
á kvöld og helgarvaktir.
**pplýsingar í síma 864 6112
eða á keiluhollin.is**

**kalli Vesturlandsvegi**
alli Vesturlandsvegi óskar eftir
tarfsfólki í fullt starf og hluta
rf.Uppl. á staðnum í dag milli
16-20.

**Kaffibrennslan
óskar eftir**
treiðslumönnum í fullt starf og
lutastörf. Góður vinnustaður
ð hressu og skemmtilegu fólki.
**ugasamir vinsamlegast haf-
samband við Þröst í síma
663 7773 eða á brennsl-
an@brennslan.is.**

**Vaktstjórar.**
Bakarameistarinn, Smáratorgi, Suðurveri, óskar eftir afgreiðslufólki um helgar. Leitum að góðum vaktstjórum um helgar. Góð laun í boði.
**Upplýsingar á staðnum eða umsóknareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Leikskólinn Kvarnaborg, Ártúnsholti.**
Okkur vantar starfsmann í 100% stöðu á deildina hjá okkur strax!
**Upplýsingar í síma 567 3199.**

**Bakaríið Hagamel 67**
Óskar að ráða röska og ábyrga manneskju til afgreiðslustarfa. Um er að ræða 70% starf sem er unnið á vöktum. Nánari uppl. veitir Steinar í s. 863 8009 & Anna Rósa í s. 869 3320.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Sendilstörf/lagerumsjón. Óskum að ráða starfskraft til sendil- og lagerstarfa. Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík. S-587 9960

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk við ræstingar á daginn og um helgar. Ráðið verður strax. Uppl. í s. 824 1450 milli kl. 10-16.

**Fiskvinnsla í Reykjanesbæ**
Óska eftir starfsfólki. Mikil vinna, góð laun. Uppl. í s. 824 3180 & 896 3180.

Work in Wellness Industry. P/T-F/T Exciting opportunity. Free pres. on Thursd. Call 586 1111 www.worldwwbiz.com

**Vélstjórar**
Vélstjórar. 1. vélstjóra sem leysir af sem yfirvélstjóri, vantar á Þuríði Halldórsdóttir, skipið rær með línu fram að páskum en fer þá á til Humarveiða, lámarks réttindi 750 kw. nægar aflaheimildir. Upplýsingar á skiifstofu í síma 420 4400, hjá útgerðarstjóra í síma 898 6825 og um borð í skipinu 852 2645.

**Starf í mötuneyti**
Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa í mötuneyti í 100% starf virka daga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 822 0035 & 822 0036 milli kl. 8 & 19.

**Garðabær bakarí**
Aðstoðarmaður óskast í vinnusal. Uppl. í s. 897 7937 & 565 8070, Þóra eða Steini.

**Starfsfólk óskast**
Næsti bar auglýsir eftir starfsfólki í sal. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 844 1304, e. kl. 13.

**Bílpróf**
Stundvís reglusamur starfskraftur óskast í matvöruverslun í Austurbænum til ýmissa starfa. Vinnutími 11-19. Uppl. í s. 553 8844. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60.

Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða vörubílstjóra á fjögurra öxla vörubíl til framtíðarstarfa. Upplýsingar í síma 892 0989.

**Atvinna - Vesturbær**
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Þarf að vera vön að strauja. Unnið mánudaga - föstudaga.

**Leitar þú að öryggi?**
Komdu góðu til leiðar og skapaðu þér háar tekjur í leiðinni: www.Gott-Folk.com.

**Fyrir alla!**
Láttu tækifærið ekki framhjá þér fara: Kynntu þér málið á www.FyrirAlla.com

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

Ísland altengt, sími, sjónvarp og nettenging á háhraða til allra landsmanna. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra kynnir nýja Fjarskiptaáætlun á Þinghússbar á Hvammstanga í dag klukkan 12. Samgönguráðuneytið

### Ýmislegt

tenor
www.tenor.is

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júní hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

**Smart.is**
Óska sárlega eftir uppþvottavél á fæti (smart.is). Verður að vera lífræn og þægileg í umgengni. Ekki er verra að hún sé aðeins notuð.
Smart.is
**Smart.is**

Hefur þú kynnt þér ávöxtun Carnegie sjóðanna? VBS Fjárfestingabanki vbs.is, sími 570 1200.

Opið til klukkan 24 Lyf og heilsa, Austurveri

Brimborg býður enn sama góða verðið á nýjum bílum. Nýttu tækifærið meðan það býðst. Komdu í Brimborg, kauptu nýjan bíl á frábæru verði. Brimborg, öruggur staður til að vera á.

Dior kynning í Lyf og heilsu Kringlunni í dag. Sérfræðingar frá Dior býður upp á húðgreiningu og gefur góð förðunarráð. Lyf og heilsa Kringlunni.

Atson seðlaveski til fermingargjafa. Atson, Brautarholti 4.

Hamborgarabúlla-Tómasar, allir kátir. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Fermingarboðskort. Filmur-og-framkollun.is

Njóttu dagsins, Carpe-diem, veitingastaður, Rauðarárstíg 18.

allt tilboð
Alla föstudaga




**Margföld áhrif með samlesnum auglýsingum!**

Þú getur fimmfaldað tíðni auglýsinganna þinna með
samlesnum auglýsingum sem birtast á Bylgjunni

BLIKKSMIÐJAN VÍK

Óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði sem allra fyrst.

**Upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 557-1580 og 699-1204.**

HÓTEL REYKJAVÍK CENTRUM

**Duglegan starfsmann vantar til að elda morgunmat. vinnutími 05:30 til 12:00, 15 daga vaktir.**

Upplýsingar á Hótel Reykjavík Centrum eða í sími: 514-6000

**Hard working and responsible breakfast chef needed from 05:30 to 12:00, 15 day shifts.**

Information at the Hotel Reykjavik Centrum or tele: 514-6000

Grunnskólinn í Hveragerði

Íslensk fiskvinnsla (? ) 

## Frá Grunnskólanum í Hveragerði

Við Grunnskólann í Hveragerði eru lausar eftirfarandi stöður.

1. Staða aðstoðarskólastjóra til eins árs frá 1. ágúst n.k. til 31. júlí 2007.
2. Staða tónmenntakennara.
3. Staða grunnskólakennara.
4. Staða sérkennara.

Upplýsingar um störfin veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 483-4350

**Skólastjóri**

VERKTAKAR MAGNI

## Vantar verkamenn og vana bílstjóra til starfa strax

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805.**

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

### Skólaliði

óskast til starfa nú þegar í u.þ.b. 80% starfshlutfall fram í júníbyrjun. Daglegur vinnutími 07:45-14:20. Laun skv. kjarasamningi LN og Stamos. Upplýsingar gefa Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri í síma 5259200 eða 8968230 og Sigríður Johnsen skólastjóri í síma 5259200 eða 8968210. Umsóknum skal skilað á skrifstofu skólans eða senda í tölvupósti á netföngin **johannam@lagafellsskoli.is** eða **sigridur@lagafellsskoli.is**

FISKKAUP HF

## Gæðaeftirlit/Fiskvinnsla

Starfsmaður óskast við gæðaeftirlit í fiskvinnslu okkar í Reykjavík. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af fiskvinnslustörfum.

Fiskkaup hf. er vaxandi framleiðslufyrirtæki í vinnslu á ferskum flökum og flakabitum fyrir erlenda markaði. Jafnframt er saltfiskvinnsla stór þáttur í vinnslunni. Ný framleiðslutæki og búnaður voru tekin í notkun fyrr á þessu ári.

Uppl. Í síma 520-7300

allt atvinna
Alla sunnudaga

sorg
rkju (neðri hæð)
l. 20-22.
n, geðlæknir.
. Allir velkomnir!



GUN
garviðbrögð

DUR FÓLK!
EITTHVAÐ NÝTT!
ÁBÆR VERÐ!
ondurstofan.is
15, 2 hæð S. 553-1800
virka daga 13-18

GN
turimi 11
ð fallegu útsýni.
ánuð.
hafi samband
n 898 1005
gildur fasteignasali
585 0100 • Fax: 585 0109

GNIR
gnir.is
Við erum í Félagi fasteignasala
SSVOGI
að finna fyrir ákveðinn
m er að ræða mjög fjár-
rtíma ef þess er óskað.
DP FASTEIGNA.
561 7765 • Fax: 561 7745
GNIR • www.dpfasteignir.is

# LAS
nternational
ternational.com

# Húseignir á Spáni
## – Atlas fylgir þér alla leið –

**Ert þú í fjárfestinga hugleiðingum og ert búin að hugsa lengi?**

nn í þjónustumiðstöð Atlas
nót, aðstoð og ráðleggingar
eignarlóðum
7.000.000 íkr.
gnir um að velja
eignir
r

vinir





# SÖLUSÝNING/OPIÐ HÚS
## *í dag kl. 15 - 19*
**HÚSI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS, MÖRKINNI 6**
pið hús í 4 daga, þriðjud. 28. mars - föstud. 31. mars.



# SJÓNARHORN



Hjólað á Rauðavatni.
Fréttablaðið/E.Ól.



Esther fer alltaf í H&M þegar hún fer til útlanda. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## KAUPVENJUR

## *Hönnunarbúðir í uppáhaldi*

Esther Talía Casey leikkona reynir að finna hluti í útlöndum sem ekki eru til hér.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?**
Það eru allar litlu hönnunarbúðirnar sem eru að skjóta upp kollinum í miðbænum, til dæmis KronKron, KVK og Trílógía.
**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?**
Það eru föt og skór.
**Verslar þú í útlöndum?**
Já, ég reyni að gera það. Kíki í H&M eins og allir Íslendingar gera en svo leitar maður uppi litlar skemmtilegar búðir. Þar reynir maður að finna eitthvað sem maður heldur að sé ekki til á Íslandi.
**Eru einhverjar venjur við innkaup?**
Nei, það er bara að labba um og skoða og ef ég finn eitthvað sem mig langar í kaupi ég það.
**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
Stundum, það kemur fyrir. Eru ekki annars öll fatakaup skyndiákvarðanir? Maður ætlar sér aldrei að kaupa fötin en svo gerir maður það.



# Tæknisafn Íslands - tökum á í menntamálum

UMRÆÐAN
MENNTAMÁL



VALDIMAR ÖSSURARSON

*Við höfum náð góðum árangri í almennri menntun og eigum nokkra framúrskarandi frumkvöðla. Samt er enn eitthvað sem vantar.*

Því hefur löngum verið logið upp á strútinn að hann stingi hausnum í sandinn þegar vandi steðjar að. Spurningin er hvort þessi lýsing eigi ekki stundum betur við okkur Íslendinga, þegar við hugum að stöðu okkar meðal siðaðra þjóða. Vissulega er nauðsynlegt að hafa stoltið í lagi og bera sig mannborulega. Við getum kinnroðalaust litið framan í útlendinga þegar ýmis svið mennta, vísinda og athafnalífs ber á góma. Við höfum náð góðum árangri í almennri menntun og eigum nokkra framúrskarandi frumkvöðla. Samt er enn eitthvað sem vantar. Einhvern hvata vantar í skólakerfið til að vekja áhuga á raungreinum og örva frumkvöðlahugsun. Aðilar innan menntakerfisins hafa haft áhyggjur af þessu og margar ályktanir verið gerðar. T.d. má benda á drög að nýrri stefnu Vísinda- og tækniráðs til næstu þriggja ára. En ráðið telur nauðsynlegt „að við eflingu grunn- og framhaldsskóla verði áhersla lögð á að efla kennslu í raun- og tæknigreinum og fjölga ungu fólki í slíku námi“. Sömu áherslur er að finna í drögum að nýjum námsskrám fyrir grunnskóla. Spurningin er: Hvernig ætlum við að fara að þessu? Þá kemur upp í hugann samlíkingin hér í upphafi. Ekki er nægilegt að innleiða sumt úr menntakerfi nágrannaþjóða, en hundsa aðra undirstöðuþætti. Í öllum tæknivæddum löndum er að finna tæknisöfn og vísindastofur (science centers), sem hafa fyrst og fremst það hlutverk að auka áhuga ungmenna á öllu sem lýtur að tækni, vísindum og tækniþróun. Við Íslendingar höfum einarðlega litið framhjá þessu við uppbyggingu á okkar menntakerfi. Afleiðingin er að koma okkur í koll. Nú þurfum við að taka okkur á, brjóta odd af oflætinu og fara að fordæmi annarra siðaðra þjóða.

Hafinn er undirbúningur að stofnun tæknisafns hérlendis. Fyrirmyndin er í meginatriðum hin erlendu tæknisöfn, einkum hjá næstu nágrönnum. Greinarhöfundur hóf vinnu við þetta verkefni fyrir þremur árum, en nú er undirbúningsvinnan einkum í höndum Ferðamálanefndar Austur-Flóa, í samráði við menntamálaráðuneyti. Líkur eru á góðu samstarfi við stórfyrirtæki í atvinnulífinu. Mikið starf hefur verið unnið við kannanir og kynningar og væntanlega fara einhverjir áfangar að líta dagsljósið. Sérfræðingar vinna að gerð áætlana varðandi stofn- og rekstrarkostnað. Reiknað er með að á þessu ári liggi fyrir nægilega miklar og góðar upplýsingar til að hægt verði að gera áætlanir, og síðan að hefja framkvæmdir. Þá gætum við hugsanlega rétt úr kútnum að þessu leyti og lyft haus úr sandi. Þá hefðum við náð mikilvægum áfanga í eflingu raungreinamenntunar. Gerum Tæknisafn Íslands að veruleika sem fyrst!

Nánar um Tæknisafn Íslands á www.floi.is.

*Höfundur er rekstrarstjóri.*

# Nýir kjósendur

UMRÆÐAN
SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR



EINAR SKÚLASON

*Rúmlega fjögur þúsund erlendir ríkisborgarar munu hafa kosningarétt í sínu sveitarfélagi í vor. Alþjóðahúsið hyggst gera sitt til að vekja athygli innflytjenda á kosningunum.*

Eins og alkunna er, þá verður kosið í sveitarstjórnir þann 27. maí. Erlendir ríkisborgarar hafa rétt til þess að kjósa í sveitarstjórnarkosningum eftir lágmarks búsetu í landinu. Norðurlandabúum nægir að hafa búið á Íslandi í þrjú ár en fimm ára búseta er skilyrði fyrir þegna annarra landa.

Rúmlega fjögur þúsund erlendir ríkisborgarar munu hafa kosningarétt í sínu sveitarfélagi í vor. Alþjóðahúsið hyggst gera sitt til að vekja athygli innflytjenda á kosningunum. Fyrst ber að nefna að næsta tölublað Eins og FÓLK er flest, blaðs Alþjóðahússins, verður tileinkað kosningunum og gefið út í lok apríl. Þar gefst stjórnmálaflokkunum færi á að kynna sig, farið verður yfir reglur varðandi kosningarétt og kjörgengi og fjallað um hlutverk sveitastjórna.

Alþjóðahúsið verður jafnframt með fundaröð í byrjun maí þar sem fulltrúum stjórnmálaflokkanna verður boðið að kynna sig almennt. Tíu almennir fundir verða haldnir á tíu tungumálum og í lokin verður framboðsfundur vegna borgarstjórnar þar sem oddvitum flokkanna verður boðið að vera með framsögu. Einnig er vert að nefna það að félagsmálaráðuneytið er að gefa út bæklinga á tíu tungumálum með upplýsingum um kosningarétt og kjörgengi og hefur einnig opnað vefinn kosningar.is, þar sem hægt er að finna margvíslegan fróðleik um kosningarnar. Ég vonast til þess að stjórnmálaflokkarnir og raunar öll framboð til sveitarstjórna í landinu hugi sérstaklega að þessum hópi kjósenda og geri sér far um að kynna málefni sig og stefnu og almennt fyrirkomulag sveitarstjórnarkosninga.

Þá vonast ég einnig til þess að framboðin hugi að þessum stækkandi hópi kjósenda í stefnuskrám sínum og komi til móts við þeirra þarfir ekki síður en annarra hópa samfélagsins.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Alþjóðahússins ehf.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar.




# Aldraðir Reykvíkingar takið eftir

UMRÆÐAN
MÁLEFNI ALDRAÐRA



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

*Við sjálfstæðismenn höfum lýst yfir vilja okkar til þess að Reykjavíkurborg taki enn frekar yfir málefni aldraðra.*

Við sjálfstæðismenn fluttum tillögu í borgarstjórn þann 21. mars síðastliðinn. Þar lögðum við til að tekið yrði upp formlegt samstarf við samtök eldri borgara í Reykjavík. Inntak þessa samráðs væri fyrst og fremst þríþætt:

- Að fjölga tækifærum eldri borgara til að búa sem lengst í eigin húsnæði. T.d. með lækkun fasteignaskatta og aukinni samfellu í heimahjúkrun og heimaþjónustu.

- Að tryggja einstaklingum með afar brýna þörf fyrir hjúkrunarheimili eða þjónustuíbúð viðeigandi úrrræði í góðri samvinnu við ríkið, sjálfseignarstofnanir, samtök eldri borgara, sjúkrasjóði og lífeyrissjóði. Jafnframt verði lögð áhersla á aukið val og fjölbreytni í húsnæði fyrir eldri borgara við skipulag nýrra hverfa.

- Að skoða leiðir til að auka val þessa hóps um búsetu, umhverfi og þjónustu.

Það er skemmst frá því að segja að tillagan var ekki samþykkt heldur var henni vísað til borgarráðs. Það sem vakti þó athygli á borgarstjórnarfundinum var það hvað fulltrúar R-listans voru viðkvæmir fyrir því að við legðum fram þessa tillögu. R-listinn veit upp á sig skömmina í þessum málaflokki sem og fleirum og þolir illa að við sjálfstæðismenn skulum taka frumkvæði með þessum hætti.

**Verk R-listans tala ekki**

Það þarf enga „spekúlanta“ til þess að sjá að málefni aldraðra hafa ekki verið og eru ekki ofarlega á vinsældalista R-listans. Það hefur lítið sem ekkert verið gert fyrir eldri borgara í 12 ára valdatíð R-listans. Ef eitthvað er hefur verið dregið verulega úr þjónustu við þennan hóp á undanförnum árum. Félagsstarfið hefur dregist saman, gjöld hafa hækkað og biðlistar lengst. Við sjálfstæðismenn í Velferðarráði höfum ítrekað bent á að þessi þróun sé til þess fallin að auka félagslega einangrun. Það er t.a.m. ófært að fjárhagur hamli þátttöku aldraðra í félagsstarfi.

**Allar íbúðir geta verið þjónustuíbúðir**

Við sjálfstæðismenn höfum lýst yfir vilja okkar til þess að Reykjavíkurborg taki enn frekar yfir málefni aldraðra. Þannig gætum við samþætt betur hjúkrunar- og heimaþjónustu og náð því takmarki að allar íbúðir geti verið þjónustuíbúðir. Auðvitað geta aðstæður verið þannig að það sé ekki nóg að fá þjónustu heim, margir einstaklingar hafa þörf fyrir meira en það og þá þurfa að vera til hjúkrunarheimili eða þjónustuíbúðir. Meðan einstaklingur vill og getur mögulega með mikilli aðstoð verið heima, er það hans réttur.

Það eru athyglisverðar nýjungar sem ákveðið hefur verið að fara í hjá Kópavogsbæ. Þar munu einstaklingarnir halda sjálfstæði sínu þrátt fyrir að þurfa að fara inn á stofnun. Það er t.d. gert með því að hafa allan kostnað sýnilegan og einstaklingarnir haldi sínum tekjum. Einstaklingar greiða þannig húsaleigu og fleira, þó að sjálfsögðu sé ekki greitt sérstaklega fyrir þá hjúkrunar- og læknisþjónustu sem þeir þurfa á að halda. Ég tel þetta afar jákvæða þróun og vil gjarnan sjá okkur þróa svipaða möguleika í búsetu hér í Reykjavík. Enda boðum við sjálfstæðismenn fjölbreyttara búsetuform í okkar tillögum.

**Ekki benda á mig - segir R-listinn**

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi fer mikinn í grein í Morgunblaðinu síðastliðinn sunnudag. Þar talar hún um að Reykjavíkurborg bíði með peninga á biðreikningum í byggingu hjúkrunarheimila vegna þess að rekstrarleyfi fyrir hjúkrunarheimilum hafi strandað á samþykktum ríkisins. Rekstrarleyfi fyrir hvaða hjúkrunarheimilum? Það er ekki eins og R-listanum hafi tekist að klára þá undirbúningsvinnu sem nauðsynleg er til þess að reisa þessi hjúkrunarheimili. Skipulagningsvinna í Mörkinni tók þvílíkan óratíma að það er fyrst núna sem þeim er að takast að koma því á einhvern rekspöl og hjúkrunarheimili sem átti nú aldeilis að byggja á kjörtímabilinu á Lýsislóðinni er enn í einhverju óskilgreindu ferli.

Nei, nei, nei segi ég, R-listinn getur ekki skýlt sér á bak við það að ríkið standi ekki við gefin loforð. Það er kominn tími til að það fólk sem stendur að meirihlutanum hér í borg líti sér nær og hætti að benda á þessi eða hin sveitarfélögin og ríkið. Það sem skiptir máli er hvernig staðið er að málum hér í höfuðborginni.

**Við munum gera vel við eldri borgara**

Það er afskaplega auðvelt að tala alltaf eins og einhver fagurkeri, hafa uppi háleit markmið og láta allt hljóma eins og um einhverja stórkostlega hluti sé að ræða. Aðalatriðið er á hvern hátt staðið er að hlutunum í raun, hvað er gert og hvernig. Okkur er fullkomlega treystandi til þess að gera vel í þessum málaflokki og það ætlum við að gera, fáum við til þess umboð á næsta kjörtímabili.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur og varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og skipar 7. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*

# *Tjörnina silfurtæra*

UMRÆÐAN
TJÖRNIN



LÚÐVÍK GIZURARSON LÖGMAÐUR

Tjörnin okkar í Reykjavík var lengi silfurtær með hornsílum syndandi með bökkunum og kríum gargandi í hólmanum. Í dag er hún full af sóti bílanna og malbiksryki og er orðin líflaus vegna mengunar. Vargfugl tók öll völd svo sem sílamávur með sinn sóðaskap. Óþverri fyllti Tjörnina.

Auðvelt er að laga hana og gera silfurtæra aftur. Leir frá bílum sem safnast hefur á botninn mætti dæla út í skolpræsið hjá Miðbæjarskóla sem bæri daglega óþverrann út í sjó norður. Á móti væri dælt hreinum sjó inn í Tjörnina í suðri úr Skerjafirði. Dæla þarf aðeins fyrst en svo gæti hreinn sjórinn runnið sjálfur eftir skurði norður í Tjörnina. Skurðurinn gæti runnið norður hjá Háskólanum eða sunnar.

Sjórinn er hreinn en óhreint skólpið úr Tjörninni bærist burt út í sjó með skolpleiðslunni við Miðbæjarskólann og tæki með sér allan skítinn. Tjörnin yrði hrein. Undir henni er hrein möl frá tíma Ingólfs Arnarsonar. Þúsund ár eru síðan svo var.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele
Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótór
Verð áður kr. 22.800
Tilboð:
kr. 15.960
Fæst nú bæði í rauðu og ljós-grábláu
Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði
30% afsláttur
Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.
Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:
GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum
LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is


# Lög um uppsagnir

UMRÆÐAN
ATVINNUMÁL



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

*Um leið og ég þakka forsetum ASÍ, þeim Grétari Þorsteinssyni og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, fyrir framgöngu þeirra lýsi ég yfir skömm minni á þeim seinagangi sem Árni Magnússon, fyrrverandi ráðherra, og Páll Pétursson, forveri hans í starfi, hafa sýnt þessu brýna réttindamáli.*

Forseti og varaforseti ASÍ áttu fund með Árna Magnússyni, þáverandi félagsmálaráðherra, í febrúar síðastliðnum. Þar fóru fulltrúar ASÍ yfir málefni sem ráðherrann sagðist hafa áhuga á að ræða. Meðal annars var rætt um ILO samþykkt nr. 158. Fulltrúar ASÍ bentu ráðherra á að hann hefði ekki ennþá tekið formlega afstöðu til lögleiðingar þeirrar samþykktar, eins og hann hafði lofað að gera. Málið væri fast í nefnd hjá ráðuneytinu og það væri ráðuneytisins að skera á hnútinn. Síðan áréttuðu fulltrúar ASÍ afstöðu sambandsins til málsins og rökstuddu mikilvægi þess að réttarstaða launafólks gagnvart uppsögnum yrði treyst í samræmi við það sem ILO samþykkt nr. 158 kveður á um.

Ráðherra lofaði að taka formlega afstöðu til samþykktarinnar á næstunni og jafnframt að setja fram viðhorf sín varðandi málsmeðferð annara ILO samþykkta. Eitthvað á þessa leið voru umræður fulltrúa Alþýðusambandsins við ráðherrann um þetta brýna réttindamál launafólks.

**Lágmarks mannréttindi**

Um leið og ég þakka forsetum ASÍ, þeim Grétari Þorsteinssyni og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, fyrir framgöngu þeirra lýsi ég yfir skömm minni á þeim seinagangi sem Árni Magnússon, fyrrverandi ráðherra, og Páll Pétursson, forveri hans í starfi, hafa sýnt þessu brýna réttindamáli. Allan sinn starfstíma höfðu þeir ILO samþykkt nr. 158 niðri í skúffu hjá sér í stað þess að leggja hana fram á Alþingi og hvetja þingmenn til að fullgilda hana.

Flest vestræn ríki hafa fullgilt fyrrgreinda samþykkt eða eru með ákvæði í lögum sínum sem gilda það sama og þar er áréttað. Það er því íslenskum stjórnvöldum til skammar að standa gegn lögleiðingu hennar hérlendis. Það er með sanni hægt að segja að félagsmálaráðherrar Framsóknarflokksins, þeir Árni Magnússon og Páll Pétursson, hafi gert allt sem þeir gátu til að koma í veg fyrir að Alþingi fjallaði um brýn mannréttindaákvæði, sem Sameinuðu þjóðirnar leggja mikla áherslu á að gildi í hverju einasta landi. Nú er Jón Kristjánsson tekinn við sem félagsmálaráðherra. Verður hann jafn neikvæður í garð launafólks og fyrirrennarar hans?

**Sýndarmennska**

Miðað við þær fullyrðingar sem ráðherrar og ýmsir alþingismenn viðhafa um frelsi og jafnrétti á Íslandi skyldi maður ætla að ekki stæði í þeim að samþykkja hérlendis lög um lágmarks mannréttindi. En því er nú ekki þannig farið. Þeim er gjörsamlega sama um starfsöryggi annarra á meðan það varðar ekki þeirra eigin hag og réttindi.

Við núverandi aðstæður geta atvinnurekendur sagt fólki upp störfum án þess að hafa til þess nokkra eðlilega ástæðu, enda ekkert í íslenskri löggjöf sem bannar þeim það. Á þessu sviði er fólk einungis metið út frá rekstrarlegum hagsmunum fyrirtækja en ekki sem einstaklingar eða fyrirvinnur heimila. Því er einungis stillt upp sem nauðsynlegum vinnukrafti til afnota fyrir innlend og erlend fyrirtæki. Hvort og hvernig því er sagt upp störfum er síðan algjörlega á valdi viðkomandi fyrirtækis.

**Kynningarátak**

Íslensk verkalýðshreyfing hefur verið langt frá því nógu dugleg að kynna þjóðinni innihald ILO samþykktar nr. 158, sem er gerð af Vinnumálastofnun Sameinuðu þjóðanna til að sporna við geðþóttauppsögnum. Til þess að fá þessa samþykkt lögleidda hérlendis þarf annað og meira en stuttar umræður á ársfundum Alþýðusambandsins eða fundi með ráðherra einu sinni eða tvisvar á ári og láta þar við sitja. Við verðum að fá almenning með okkur.

Við verðum að fræða og upplýsa fólk um málið og fá það í lið með okkur. Við verðum að kynna það fjölmiðlum, skrifa um það blaðagreinar, halda um það ráðstefnur, ræða við þingmenn og hætta ekki fyrr en Alþingi sér sóma sinn í því að lögleiða samþykktina. Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin hafa oft lagt vinnu í minna áríðandi verkefni en hér er á ferðinni. Vilji fólk fræðast meira um ILO samþykkt nr. 158 er hún á heimasíðu Verkalýðsfélagsins Hlífar www.hlif.is.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar.*


Fermingartilboð 2006
Besta gjöfin sem hægt er að gefa unglingi er góður svefn
Þú gætir unnið!
Þegar fermingargjöf er keypt hjá okkur,
fer nafn fermingarbarnsins í pott.
Fimm heppin fermingarbörn verða Ipod nano
ríkari þegar dregið verður föstudaginn 5. maí.
Nöfn vinningshafa verða birt á www.lystadún.is.
Heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi
Verð frá: kr. 30.320 (80 x 200 cm)
Glæsileg tilboð í mjúku deildinni.
Mikið úrval af sængum,
heilsukoddum, rúmfatnaði
og öðrum fylgihlutum.
LYSTADÚN
Marco
Opið virka daga: 10-18 og laugard. 11-16
Reykjavík: Mörkin 4, s. 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, s. 462 3504
Egilsstaðir: Miðvangur 1, s. 471 2954
Akranes: Bjarg, Kalmansvöllum 1A, s. 4312507

**LÉON BLUM (1872-1950) LÉST ÞENNAN DAG**



*„Frjáls maður er sá sem óttast ekki að fylgja hugsunum sínum til enda.“*

***Léon Blum varð þrisvar sinnum forsætisráðherra Frakklands.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 30. MARS 1949

# *Táragasi beitt við Alþingishúsið*

Á þessum degi árið 1949 samþykkti Alþingi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Í kjölfarið braust út órói við Alþingishúsið þar sem þúsundir manna höfðu safnast saman til að mótmæla inngöngunni. Hart hafði verið deilt um málið á Alþingi í nokkra daga. Atkvæðagreiðslunni lauk klukkan 14.30 og hafði þingfundur þá staðið yfir frá deginum áður. Atkvæðin féllu svo að 37 þingmenn voru tillögunni samþykkir en allir tíu þingmenn Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksinss, tveir þingmenn Alþýðuflokks og einn þingmaður Framsóknarflokksins voru á móti tillögunni. Tveir framsóknarþingmenn sátu að auki hjá við atkvæðagreiðsluna.

Fólkið sem mótmælti fyrir utan Alþingi meðan á þessu stóð vildi að aðildin að Atlantshafsbandalaginu yrði lögð í dóm þjóðarinnar. Mikill hiti var í mönnum sem köstuðu steinum og mold að Alþingishúsinu með þeim afleiðingum að rúður brotnuðu. Lögreglan ásamt svokölluðu varaliði lögreglu, sem mestmegnis var skipað ungum og hraustum sjálfstæðismönnum, hóf að lumbra á mótmælendunum. Átökin enduðu með því að lögreglan beitti táragasi til að dreifa mannfjöldanum.

Nokkrir menn hlutu skrámur eftir átökin en enginn slasaðist alvarlega.



**AUSTURVÖLLUR OG ALÞINGISHÚSIÐ**

## MERKISATBURÐIR

**1816** Hið íslenska bókmenntafélag er stofnað. Félagið gefur út Skírni sem er elsta tímarit á Norðurlöndum og hefur komið út síðan 1827.

**1858** Hymen Lipman fær einkaleyfi á blýanti með áföstu strokleðri.

**1867** Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, William H. Seward, kaupir Alaska fyrir 7,2 milljónir Bandaríkjadala.

**1934** Eldgos hefst í Grímsvötnum í Vatnajökli og stendur það í tvær vikur. Gosinu fylgir hlaup í Skeiðará.

**1954** Fyrsta neðanjarðarlest Kanadabúa opnar fyrir almenningi í borginni Toronto.

**1985** Staðfest er að mótefni gegn alnæmisveirunni hafi í fyrsta sinn fundist í blóði Íslendings.

## SIGURBJÖRG KARLSDÓTTIR: HVATNINGARVERÐLAUNAHAFI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

# Þakklát fyrir meðbyrinn

Á hverju ári veitir menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar. Að þessu sinni komu verðlaunin í hlut Sigurbjargar Karlsdóttur sem hefur í fimm ár rekið álfagöngufyrirtækið Horft í hamarinn. Hún er að vonum ánægð með verðlaunin og þakklát fyrir meðbyrinn sem fylgir slíkri viðurkenningu.

„Þetta hefur heilmikla þýðingu fyrir mig og hvetur mig áfram. Mörg góð fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa fengið hvatningu á undan mér svo ég tek þessum verðlaunum fagnandi.“ Aðspurð segir Sigurbjörg að verðlaununum fylgi engin áþreifanleg veraldleg gæði en unir glöð við heiðurinn sem hún segir ekkert síðri. „Svo fékk ég voða fína styttu,“ bætir hún hlæjandi við.

Hafnfirðingar og fleiri kannast vel við álfagöngufyrirtækið og rauðu álfahúfuna sem Sigurbjörg ber á göngum sínum um hraunið. „Ég byrjaði með fyrirtækið sumarið 2001 og býð núna upp á gönguferðir allan ársins hring. Ég fór á námskeið í Auðarverkefninu og má eiginlega segja að það hafi skipt meira máli en nokkuð annað í upphafi. Þátttakan í verkefninu hjálpaði mér mjög mikið í byrjun og ég er afskaplega stolt af því að hafa verið með.“ Sigurbjörg segir einnig að Hafnarfjarðarbær hafi stutt við bakið á sér meðal annars með því að styrkja litla sýningu sem hún setti upp árið 2004. „Þótt styrkirnir hafi ekki verið stórkostlegir þá munar um þá. Það er mikilvægt að maður finni að maður hafi meðbyr.“



**SIGURBJÖRG KARLSDÓTTIR** Finnst mikill heiður í því að hljóta hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði sem hún segir hvetja sig áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þegar blaðakona spyr Sigurbjörgu hvernig fyrirtækið gangi ber hún því vel söguna. „Þetta er ekki mitt aðalstarf eða af þeirri stærðargráðu að ég geti lifað á því en fyrirtækið gengur alveg ágætlega. Fyrirtæki í ferðaþjónustu taka tíma að þróast og svo þarf líka að kynna það almennilega. Álfagönguferðirnar eru heldur engin fjöldaferðamennska þótt ég fái nú stundum stóra hópa af erlendum ferðamönnum.“

Sigurbjörg segir viðskiptavinina mjög ánægða og að hún hafi sjálf afskaplega gaman af starfinu sínu. „Ég segi sögur af álfum, huldufólki og Hafnfirðingum. Þetta er allt öðruvísi ferð en margt annað sem er í boði meðal annars vegna þess að þetta er gönguferð og um þennan fallega bæ. Fólkið sem kemur í göngurnar hefur mismunandi ástæður fyrir því. Sumir vilja einlæglega kynnast álfunum en aðrir koma vegna þess að þetta er öðruvísi og skrítið.“ Viðskiptavinirnir koma úr öllum áttum og segir Sigurbjörg til dæmis að síðasta vetur hafi nokkur hundruð grunnskólabörn komið í göngu og á gamlársdag hafi hún farið um álfabyggðir með níutíu Rússum.

## ANDLÁT

**Rósa Eiríka Ingimundardóttir** (Thorsteinsson), Baltimore, Maryland, Bandaríkjunum, lést á Harbor Hospital, Baltimore, Maryland, laugardaginn 25. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigurður Georgsson** hæstaréttarlögmaður, Sunnuvegi 27, Reykjavík, lést mánudaginn 27. mars.

**Pollý Anna Einarsdóttir**, frá Siglufirði, Fannarfelli 12, Reykjavík, lést á Landspítala Fossvogi sunnudaginn 19. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Elísa Kristbjörg Rafnsdóttir**, Skálagerði 3, Reykjavík, lést á heimili sínu mánudaginn 27. mars.

**Sigurður G. Þormar** er látinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Ástríður Guðný Sigurðardóttir**, Vallargötu 9, Keflavík, lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Keflavík, sunnudaginn 26. mars.

**Guðrún Brynjúlfsdóttir** lést á elliheimilinu Grund föstudaginn 17. mars. Útför hefur farið fram.

**Vilborg Tryggvadóttir**, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, Reykjavík, áður til heimilis í Austurbrún 6, lést mánudaginn 27. mars.




†

*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar,*

**Sólons Lárussonar**

járnsmiðs og kennara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Reykjavík.

**Ragnar, Gísli Grétar, Nella, Einar og Theodór Sólonsbörn og fjölskyldur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar Vigfússon**

Álfaskeiði 3, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 31. mars kl. 15.00.

**Nicolina Kjærbech Vigfússon**
**Valborg Kjærbech Óskarsdóttir**
**Óskar Ásbjörn Óskarsson** **Hjördís Ólöf Jónsdóttir**
**Ómar Óskarsson** **Erla María Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og bróðir,*

**Knútur Kristján Gunnarsson**

bólstrunarmeistari

andaðist í Lundi, Svíþjóð, 17. júní 2005. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 3. apríl kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Kristín Ólöf Marinósdóttir**
**Ragnar Már Knútsson**
**Gunnar Örn Knútsson**
**Elsa Björk Knútsdóttir**
**Rósa Knútsdóttir**
**Sigríður Knútsdóttir**
**Kristín Ólöf Knútsdóttir**
**Knútur Kristján Knútsson**
**Marinó Knútsson**
**Ragnar Gunnarsson**
**Erna Gunnarsdóttir.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og vinur,*

**Guðmundur Geir Ólafsson**

Grænumörk 3, Selfossi,

sem lést á Heilbrigðistofnun Suðurlands þriðjudaginn 21. mars, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 1. apríl kl. 11.00.

**Erla Guðmundsdóttir** **Gunnar Guðnason**
**Ólafur Þ. Guðmundsson** **Hrafnhildur Guðmundsdóttir**
**Ingunn Guðmundsdóttir** **Sigurður Karlsson**
**Soffía Ólafsdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og tengdasonur,*

**Kristján G. Þorvaldz**

Lómasölum 10, 201 Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 31. mars kl. 15.00.

**Guðlaug R. Skúladóttir**
**Skúli Kristjánsson Þorvaldz** **Ingibjörg Sif Antonsdóttir**
**Atli Hrafn Skúlason**
**Ólafur Steinar Kristjánsson** **Sarah Anne Shavel**
**Ágústa Þórðardóttir**
**Ólafur Steinar Björnsson** **Mjöll Þórðardóttir**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Geir U. Fenger**

Lynghaga 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 28. mars.

**Pétur U. Fenger** **Sigrún Guðmundsdóttir Fenger**
**Anna Kristín Fenger** **Herjólfur Guðjónsson**
**Ida Hildur Fenger Jóhannsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ágústa Þyrí Andersen**

Fjallalind 66, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 31. mars kl. 13.00.

**Þór Guðmundsson**
**Willum Þór Þórsson** **Ása Brynjólfsdóttir**
**Örn Þórsson** **Regína Björk Jónsdóttir**
**Valur Þórsson** **Helga Margrét Vigfúsdóttir**
**Willum Þór Willumsson**
**Brynjólfur Darri Willumsson**
**Þyrí Ljósbjörg Willumsdóttir**
**Daníel Helgi Arnarson**
**Ísar Logi Arnarson**
**Ernir Þór Valsson**
**Viktor Orri Valsson**

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH




# Vectavir á frunsuna

## Handhæg vörn, þægileg í veskið.




Fæst án lyfseðils!

**Viltu losna við frunsuna?**

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.
Vectavir verkar einnig á blöðrur.
Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.
Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

Vectavir ... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Allt AÐ 80% AFSLÁTTUR

LAGER HREINSUN



VERÐDÆMI

Stór heimilistæki

| | |
|---|---|
| Þvottavélar | 34.900 |
| Þurrkarar | 25.900 |
| Kæliskápar | 24.900 |
| Frystiskápar | 29.900 |
| Eldavélar | 26.900 |
| Ofnar | 17.900 |
| Viftur | 4.990 |



HIMINNHÁR AFSLÁTTUR Í EINA VIKU!

Lagervara
Sýningar-eintök
Útlits-gallað

Smátæki

VERÐDÆMI

Frá kr. 599
Hárblásarar
Hárklippur
Hnökrarakvélar
Sítruspressur
Eldhúsvogir

Frá kr. 999
Kaffivélar
Brauðristar
Handþeytarar
Hraðsuðukönnur
Straujárn
Töfrasprotar
Nuddtæki
Sléttujárn
Baðvogir
Útvarpsvekjarar

Frá kr. 1.499
Samlokugrill
Matvinnslutæki
Hitablásarar
Naglasnyrtisett
Handryksugur
Hárblásarasett

Ryksugur frá 2.990
Brauðvélar frá 6.990
Blandarar frá 1.990
Magn 10-100 stk af ofangreindum vörum.
Handklæðaofn 2.990
Espressovélar frá 3.990
Hrærivélar frá 10.900
Safapressur frá 1.990

OPIÐ ALLA HELGINA
Opið virka daga 9-18, laugardag 10-18 og sunnudag 13-17

Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500

## STUÐ MILLI STRÍÐA Herðapúðar og grænn maskari

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR Á APPELSÍNUGULAR MINNINGAR.



Appelsínugulur, gulur og grænn voru heitustu litirnir árið sem ég fermdist, árið 1986. Að sjálfsögðu klæddi ég mig í takt við tískuna á fermingardaginn minn og var í appelsínugulri dragt sem var svo víð að hún leit út fyrir að vera 14 númerum of stór á mig. Sjálf var ég svo mjó að ég hefði getað falið mig á bak við kústskaft, ef ekki hefði verið fyrir risastóru herðapúðana sem hvíldu á öxlunum. Ég var þríhyrningur á hvolfi. Hárið hafði verið blásið og krullað eins og á Sue Ellen í sápuóperunni Dallas, sem hefði kannski ekki þótt svo slæmt á sínum tíma og ef ég hefði verið 45 ára. Toppurinn féll yfir ennið á mér eins og útsprungið blóm og huldi augnlokin, þar sem glitti í græna maskarann á efri augnhárunum og freknótt nefið. Reyndar er apríl ekki árstíminn fyrir freknótt andlit, en ég hafði, eins og allar mínar vinkonur, legið í ljósabekkjum og var örugglega með rauðan blett á rassinum undir appelsínugulum fötunum. Við spáðum ekki mikið í húðkrabbamein á þeim tíma. Eflaust var ég ánægð með dressið þarna fyrir hundrað árum síðan, en ég gæti grátið yfir þessu í dag þegar ég skoða hin hræðilegu sönnunargögn, fermingarmyndirnar. Þessar blessuðu myndir sem eru eins og skopmynd af manneskju, mitt á milli þess að vera barn og fullorðin. Auðvitað eru þær ekkert annað en hlægilegar og gerðum ég og vinkonur mínar eitt sinn úr því skemmtikvöld að hittast og skoða fermingarmyndirnar okkar. Ég held ég hafi sjaldan skemmt mér jafn vel. Reyndar kviknaði þá sú hugmynd að halda partí og mæta í fermingarfötunum. Einhverjar þeirra höfðu þá áhyggjur af því að passa ekki aftur í fötin sem ég hafði ekki áhyggjur af því þau myndu passa á hval. Hitt er annað mál hvort ég geti hugsað mér að fara í þessi föt aftur.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# 100% ÖRYGGI

EF HÚN ER EKKI INNI FÆRÐU HANA FRÍA*




*EF MYNDIN KING KONG ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

! **Kl. 11.30**
*Gavin Morrison, heimspekingur og sýningarstjóri frá Bretlandi, heldur erindi á vegum Opna listaháskólans í húsnæði LHÍ á Laugarnesvegi 91, stofu 024. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# *Blásið til tónlistarveislu*

Sænski básúnuleikarinn, tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Christian Lindberg heldur tónleika ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og norska einleikaranum Ole Edvard Antonsen í dag. Að þessu sinni mun Lindberg stjórna hljómsveitinni í flutningi á eigin verki sem ber heitið Akbank bunka.

Christian Lindberg er þekktur fyrir líflega framkomu og nýtur ákveðinnar sérstöðu í tónlistarheiminum. Hann hóf kornungur að semja tónlist, en átján ára varð hann fyrir reynslu sem mörg tónskáld þekkja, eftir að hafa hlustað á frumsmíð sína flutta á æfingu leist honum ekki betur á en svo að hann sór þess dýran eið að semja aldrei tónlist framar. Sem betur fer rauf hann þann eið og útkoman er ótrúlega glæsilegar tónsmíðar, þá auðvitað sérstaklega fyrir básúnuna og önnur málmblásturshljóðfæri.


**TÓNSKÁLDIÐ OG BÁSÚNULEIKARINN CHRISTIAN LINDBERG**

Lindberg hefur tvisvar spilað með Sinfóníunni áður en margir áheyrendur muna ef til vill eftir flutningi hans á hinum víðfræga Mótórhjólakonsert eftir Jan Sandström og ævintýralegri innkomu hans en þá fékk einleikarinn heiðursfylgd Bifhjólasamtaka Lýðveldisins að Háskólabíói. Að þessu sinni lætur hann öðrum blásara eftir einleikshlutverkið en Ole Edvard Antonsen er einn af fremstu trompetleikurum heims.

Auk trompetkonsertsins flytur hljómsveitin tónverkið Stund milli stríða eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur, forleik í ítölskum stíl eftir Franz Schubert, Herragarðssögu eftir Jan Sandström og trompetkonsert eftir Tartini. Tónleikarnir hefjast kl. 19.30.

## > Ekki missa af...

Sýningu á opinskáum ljósmyndum Spencers Tunick í Listasafni Akureyrar. „Bersvæði“ er áhrifamikil og ögrandi yfirlitssýning á verkum þessa umdeilda listamanns sem sýnir nekt í nýju ljósi.

Viðtalinu, döffleikriti sem sýnt er í Hafnafjarðarleikhúsinu. Frábær sýning fyrir heyrandi og heyrnarlausa.

Fyrirlestri dr. Magnúsar Þorkels Bernharðssonar um stöðuna í Írak og Íran og almenna þróun öryggismála í heiminum. Fyrirlesturinn verður fluttur í Odda kl. 12.15.


**AUSTURVÖLLUR 30. MARS 1949** Mikil átök brutust út þegar gengið var til atkvæða á Alþingi.

# Fágætar myndir frá Austurvelli

Samtök herstöðvaandstæðinga efna til kvikmyndasýningar í kvöld í tilefni þess að 57 ár eru liðin frá því að innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið var samþykkt á Alþingi, en óeirðir brutust út á Austurvelli í kjölfarið eins og þekkt er. Friðarsinnar hafa upp frá því helgað daginn baráttunni fyrir herlausu landi.

Á kvikmyndasýningunni verða sýndar tvær myndir sem sjaldan hafa komið fyrir almenningssjónir. Önnur er fréttamynd sem tekin var á Austurvelli daginn örlagaríka og sýnir atburðarásina og átökin sem brutust út. Hin myndin var einnig tekin á Austurvelli, en fjörutíu árum síðar, og sýnir sviðssetningu margra landskunnra leikara á atkvæðagreiðslunni á Alþingi og umræður um hana. SHA stóð að sviðssetningunni á sínum tíma en þetta mun vera í fyrsta sinn sem myndin er sýnd opinberlega.

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur mun gera grein fyrir myndunum og ýta umræðum úr vör að þeim loknum. Friðarsinnar munu svo sitja áfram, ræða málin og gera sér glaðan dag og eru léttar veitingar í boði á vægu verði. Sýningin fer fram í Friðarhúsi á Njálsgötu 87 og hefst klukkan 20. Ókeypis er inn og allir velkomnir.

# Ómetanleg heimild um listina

**Gerður hefur verið góður rómur að sýningu myndlistarhjónanna Leifs Breiðfjörð og Sigríðar Jóhannsdóttir í Skissernas Museum í Lundi í Svíþjóð. Þetta sérstæða safn gefur gestum sínum tækifæri á að sjá hvernig listaverk verða til.**


**LEIFUR BREIÐFJÖRÐ OG SIGRÍÐUR JÓHANNSDÓTTIR** Hafa starfað saman um árabil, meðal annars að gerð kirkjulistaverka.
MYND/JAN TORSTEN AHLSTRAND

„Þetta er mjög merkilegt safn sem hefur sérstöðu í öllum heiminum því þar er eingöngu safnað frumdrögum, skissum, módelum og vinnuteikningum sem eru í opinberum bygginum eða rýmum,“ segir Sigríður. „Það safnar ekki listaverkunum sjálfum heldur eingöngu gögnum um þróun þeirra.“ Þetta er stærsta samsýning þeirra hjóna til þessa en þau hafa starfað saman um árabil, meðal annars að gerð kirkjulistaverka.

**Fágætur safnkostur**
Leifur er einn þekktasti glerlistamaður Íslands og má sjá verk hans í kirkjum landsins, til að mynda í Hallgrímskirkju og í opinberum byggingum eins og Leifsstöð og Þjóðarbókhlöðunni, en hann á einnig verk í byggingum í Skandinavíu og Þýskalandi. Sigríður Jóhannsdóttir er textíllistamaður og hefur meðal annars unnið veggteppi, dúka og messuskrúða fyrir fjölmargar kirkjur hérlendis.

Safnið í Lundi var stofnað árið 1935 og á yfir sjötíu þúsund verk, þar á meðal frumdrög eftir málarana Matisse, Picasso og Chagall en Sigríður segir að hin íslenska deild safnsins sé merkileg því þar sé að finna heimildir um gerð íslenskra listaverka sem jafnvel hafa verið eyðilögð. „Þetta safn á sennilega flest verk eftir íslenska listamenn af öllum listasöfnum á Norðurlöndum,“ útskýrir Sigríður og nefnir til dæmis að safnið eigi verk eftir Barböru Árnason, Ásmund Sveinsson, Erró og Ólaf Elíasson.


**GLERLISTAVERK EFTIR LEIF** Verk Leifs eru gríðarstór en njóta sín vel í safninu í Lundi.
MYND/JAN TORSTEN AHLSTRAND

**Mikilvægi varðveislunnar**
Sama ár og Leifur Breiðfjörð hélt sína fyrstu sýningu árið 1969 heimsóttu hjónin safnið í Lundi og segir Sigríður að það hafi verið verðmæt kennslustund fyrir þau bæði. „Safnvörðurinn sýndi okkur safnið og geymslurnar en við lærðum í þessari heimsókn hversu mikið heimildagildi skissur og frumdrög hafa fyrir listaverkin og ekki síður fyrir mann sjálfan. Síðan þá höfum við kerfisbundið safnað saman öllum heimildum um listaverkin sem við gerum en Leifur hefur passað betur upp á þetta en íslenskir listamenn gera almennt.“ Þessar heimildir hafa þau hjónin síðan sýnt sem hluta af öðrum sýningum á listaverkum sínum en þau gæta þess vel að láta þær ekki frá sér og því munu gripirnir ekki verða hluti af safninu í Lundi þó leitað hafi verið eftir því.

**Ómetanlegt tækifæri**
Þetta er í fyrsta skipti sem Íslendingum er boðið að sýna í safninu en þar má sjá heimildir um þrjátíu ára myndlistarferil þeirra hjóna. Sýningin er yfirgripsmikil og Sigríður útskýrir að ekki sé mögulegt að setja upp viðlíka sýningu hérlendis því sýningarrými af þessari stærðargráðu finnast ekki hér. Glerlistaverk Leifs Breiðfjörð eru gríðarstór en njóta sín vel í Skissernas Museum. Hefur sýningin hlotið lofsamlega dóma í fjölmiðlum þar ytra og verður hún framlengd um tvo mánuði vegna góðrar aðsóknar. **kristrun@frettabladid.is**




Fermingartilboð
Office1
29.990.-
HP iPAQ rx1950 Pocket PC
Vörunúmer: fa630a
· Örgjörvi: Samsung SC32442 300MHz
· Skjár: 3,5" TFT QVSGA, 64K skjár
· Minni: 96 MB total memory (64 MB ROM & 32 MB SDRAM)
· Allt að 33 MB user available persistent storage memory
· Hljóð: Innbyggður hljóðnemi, hátalari og 3,5 mm stereo tengi fyrir heyrnartól
· Netkort: Innbyggt þráðlaust (WLAN) og IrDA (innrautt)
· Tengi: USB tengikapall · Þyngd: 125 g
· Raufar: SD rauf sem styður SDIO og SD/MMC minniskort
· Rafhlaða: 1100 mAh Lithium-Ion endurhlaðanleg rafhlaða
· Ummál: 7,1 x 1,4 x 11,4 mm
· Annað: Voice recorder, margir aukahlutir fáanlegir
· Stýrikerfi: Microsoft Windows Mobile 5.0 for Pocket PC, Premium Edition
ÓTRÚLEGT VERÐ
Photosmart E327
5.0 Megapixels
Office1
13.990.-
HP Photosmart E327
Vörunúmer: I2433a
· Upplauns: 5 Mega Pixel
· 4x digital zoom
· Video upptaka ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
· Hljóð: ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
· Fókus: Normal, macro
· Hraði: 2 til 1/2000sek
· Skjár: 1,8"
· Flass: Auto, flash off, flash on, red eye, night
· Tímastilling/sjálfsmyndir: Já (10 sek.)
· Minnisraufar: Secure Digital (SD) eða MultiMediaCard (MMC)
· Minni: 16MB innra minni
· Þyngd án rafhlaðna: 110gr
· Rafhlaða: 2 AA rafhlöður fylgja
· Stærð: 99.3x 32 x 52,6mm
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
15.990.-
ÓTRÚLEGT VERÐ
KiSS DP-1500 DivX©/DVD Player
Vörunúmer: 917132
· Full DVD/MPEG-4/DivX?/XviD/CD/MP3/Ogg Vorbis/CD-RW/DVD+-RW compatibility
· JPEG Picture CD viewing · Progressive Scan Video Out · Time Search
· Playback Control: Play/Pause/Stop/FF/RW/NEXT/PREV
· Repeat Playback · Title/chapter select
· Parental lock, Multi Language, Multi Subtitle, Multi Angle
· Fjarstýring · TV Type (PAL and NTSC) · Configuration Setup Menu
· Aspect Ratio (4:3 Pan and Scan, 4:3 Letter Box and 16:9 Wide)
· S-Video Output · Composite Video Output
· Component Output (via SCART to Component Cable)
· Dolby Digital, MPEG Audio Decoding
· Dolby Digital/MPEG 5.1 Digital Output
· S/PDIF Outputs
· Analogue stereo · Ethernet 10/100
· PC Card Slot for Wireless Connection
· WebRadio/KiSS PC-Link
· KiSS PC-Link Software for PC
· Track name search on audio CDs
· Möguleiki á að uppfæra Firmware
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Hnattlíkan
Vörunúmer: 025b2
Flott hnattlíkan í herbergið.
Aðeins
4.990.-
Office1 alltaf ódýrari
ÓTRÚLEGT VERÐ
PARKER
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 6956045
Mjög vandað sett með kúlupenna og blekpenna. Falleg blekbytta og blekfylling fylgir með.
Aðeins
5.995.-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Sjónaukar frá Konus
Vörunúmer: 5222041
Mjög góður free fókus sjónauki.
Stækkun 10 x 25
Aðeins
3.990.-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 69575572
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna. Vönduð borðklukka fylgir með.
Aðeins
5.995.-
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 695452525
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna.
Aðeins
1.495.-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Sjónaukar frá Konus
Vörunúmer: 5222025
Vandaðir og góðir sjónaukar.
Stækkun 8 x 21
Aðeins
1.990.-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1 Superstore
Afgreiðslutímar
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16

ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS
Frumsýning mið. 29. mars kl. 20 - Örfá sæti laus
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
Frumsýning fös. 31/3 uppselt, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld fim. 30/3 uppselt, fös. 31/3 uppselt, lau. 1/4 uppselt, sun. 2/4 örfá sæti laus, fim. 6/4 nokkur sæti laus, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 uppselt.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Lau. 1/4 kl. 16:30 uppselt, sun. 2/4 kl. 17:00 uppselt, þri. 4/4 uppselt, mið. 5/4 uppselt, fim. 6/4 uppselt, fös. 7/4 uppselt, lau. 8/4 uppselt, sun. 9/4 uppselt, fös. 21/4 uppselt, lau. 22/4 uppselt, sun. 23/4 uppselt, þri. 25/4 uppselt, mið. 26/4 uppselt, fim. 27/4 uppselt, fös. 28/4 uppselt, lau. 29/4 uppselt. Aukasýningar í maí: fös. 5/5 örfá sæti laus, lau. 6/5 uppselt, sun. 7/5 uppselt, lau. 13/5 nokkur sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leiklistarsamband Íslands - Hvað kemur þetta okkur við? Lau. 1/4 kl. 15:00.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 UPPS.
Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-
Fö 31/3 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 AUKAS
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30

VORSÝNING 2006
Listdansskóli Íslands
Þri 11/4 kl . 20 Mi 12/4 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING UPPS
Lau 1/4 kl. 20 UPPS. Su 2/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20

FORÐIST OKKUR
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20

DANSleikhúsið
Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20 23/4 KL. 20

SÖNGLIST
Lau 1/4 kl. 14:30 Su 2/4 kl. 12:00
Su 2/4 kl. 15 Má 3/4 kl 17

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Fegursta verk 17. aldar

Kammerkórinn Hymnodia heldur stórtónleika í Akureyrarkirkju laugardaginn 1. apríl og í Hallgrímskirkju daginn eftir.

Með kórnum koma fram sænskir atvinnu barokkhljóðfæraleikarar og ein skærasta stjarna barokksins í Svíþjóð, Anna Zander sópransöngkona, sem syngur bæði einsöngskantötu og einsöngs- og kórhlutverk í aðalverki tónleikanna, Membra Jesu Nostri og mesta verki tónskáldsins, Dietrichs Buxtehude. „Þetta er sjálfsagt stærsta og fegursta verk 17. aldar,“ segir Eyþór Ingi Jónsson, kórstjóri Hymnodiu.

Kórfélagar eru fjórtán talsins, en kórinn hefur starfað í núverandi mynd í um eitt ár við vaxandi orðstír, til dæmis var gerður góður rómur að frammistöðu hans á Myrkum músíkdögum í síðasta mánuði. „Þetta hefur gengið vel,“ segir Eyþór. „Við reynum að vera fjölbreytt í efnisvali og fara ótroðnar slóðir, en á hverjum tónleikum reynum við að vera með ákveðið þema.“

Tónleikarnir í Akureyrarkirkju hefjast klukkan 15 á laugardag en tónleikarnir í Hallgrímskirkju klukkan 17.

- bs



**EYÞÓR INGI JÓNSSON** Kórstjóri Hymnodiu, sem hefur starfað við vaxandi orðstír í um eitt ár. MYND/ MYNDRÚN EHF.

# Margverðlaunaður arkitekt

Guðmundur Jónsson arkitekt hlaut nýlega Byggingarlistaverðlaun fyrir sjávarmenningarsafnið NORVEG í Þrændalögum í Noregi. Hann er einnig meðhöfundur að sjávarútvegssýningu safnsins, sem að þessu sinni er tilnefnt til evrópsku safnaverðlaunanna.

Guðmundur hefur talsvert fengist við að setja upp fræðslusýningar og er einn atkvæðamesti arkitektinn á því sviði í Noregi. „Ég fæst bæði við sýningarnar og menningarbyggingar og oft sameina ég þetta tvennt. Þetta kemur að hluta til inn á menningartengda ferðaþjónustu, sem Norðmenn eru mjög uppteknir af,“ segir Guðmundur. Um þessar mundir vinnur hann að sýningu í tilefni af hundrað ára ártíð leikskáldsins Henriks Ibsen sem sett verður upp í miðborg Óslóborgar. „Það er nóg að gera og allt á útopnu þessa dagana,“ segir Guðmundur en sýningin, sem er sautjánda verkefni hans af þessu tagi, verður opnuð 23. maí.

Það var hálfgerð tilviljun að Guðmundur hóf að starfa á þessum vettvangi. „Mér bauðst að taka þátt í samkeppni vegna Noregssögusýningarinnar sem sett var upp í tengslum við Olympíuleikana í Lillehammer en sú sýning stendur enn. Það er 1.200 fermetra rými sem spannar alla sögu landsins,“ útskýrir Guðmundur.

Guðmundur útskrifaðist frá arkitektaskólanum í Osló árið 1981 en hann bar sigur úr býtum í norrænni samkeppni um tónlistarhús sem haldin var í Reykjavík árið 1986 og hefur hlotið yfir fjörutíu verðlaun og viðurkenningar í samkeppnum um byggingarlist. Hér heima hefur Guðmundur komið að Geysissýningunni og að döfinni er að hann hanni skála og sýningu í kringum Víkingaskipið Íslending og nýja menningar- og fræðslumiðstöð sem stefnt er að því að reisa á Hólum í Hjaltadal.

- khh



**SJÁVARMENNINGARSAFNIÐ NORVEG** Hlaut Byggingarlistarverðlaun.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON ARKITEKT** Setur upp sýningu um Henrik Ibsen í Osló.

# Náttúrulitir í leir

Ingibjörg Karlsdóttir leirlistakona opnaði nýlega listmunagallerí og vinnustofu í Grafarholti en þar gefur að líta fjölbreytta leir- og glerlist. Ingibjörg, eða Abba, byrjaði að vinna með leir fyrir tíu árum síðan og rak áður leirlunaverkstæði á Hvammstanga en verk hennar voru þá til sölu í Gallerí Bardúsu þar í bæ og víðar.

„Ég fann það strax þegar ég byrjaði að leira að þetta passaði mér mjög vel og ég hafði mjög mikinn áhuga á þessu,“ segir Ingibjörg en hún notar mikið náttúruliti í verkum sínum. „Verkin eru mjög fjölbreytt, það eru skálar og englar og mikið af fuglum - ég er að gera alls konar nýjar útgáfur af þeim.“ Ingbjörg segir það mjög notalega iðju að vinna leirlistaverk en að baki hverju verki búi þó langt vinnuferli. Að auki eru gler- og myndlistarverk til sölu og sýnis í galleríinu.



**LEIRLISTAKONAN ABBA Í GALLERÍ GRAFARHOLTI** Vinnur fígúrur og fugla í steinleir.

Gallerí Grafarholt er í verslunarkjarnanum við Kirkjustétt 2-6 og er opið á virkum dögum frá 13-18 og á laugardögum frá 13-16.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

27 28 29 **30** 31 1 2

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** leikur ásamt trompetsnillingnum **Ole Edvard Antonsen**, hljómsveitarstjóri er **Christian Lindberg**. Fjölbreytt efnisskrá í **Háskólabíói**.

☐ 21.00 **Steve Sampling**, hip hop plötusnúður kynnir nýjan geisladisk í útgáfupartýi í **Stúdentakjallaranum**. Ókeypis inn og allir velkomnir.

☐ 21.00 **Hljómsveit Benna Hemm Hemm** heldur tónleika í **Gyllta sal Hótel Borgar** ásamt **Borko**, **Seabear** og dularfullum leynigestum.

☐ 22.00 **Kristín Bergs** og hljómsveit spila jazz á **Café Culture** við Hverfisgötu.

### FYRIRLESTRAR

☐ 11.30 **Gavin Morrison,** heimspekingur og sýningarstjóri frá Bretlandi heldur erindi á vegum **Opna Listaháskólans** í húsnæði **LHÍ** á Laugarnesvegi 91, stofu 024. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku.

☐ 12.15 **Dr. Magnús Þorkell Bernharðsson** heldur fyrirlestur um stöðuna í Írak og Íran og almenna þróun öryggismála í heiminum. Fyrirlesturinn verður fluttur í **Odda.**

### FUNDIR

☐ 08.00 **Íslensk kínverska viðskiptaráðið** heldur morgunverðarfund á **Grand Hótel** þar sem rætt verður um fjárfestingarmöguleika í Kína.

### SÝNINGAR

☐ 14.00 **Hulda Hákon** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin **EBITA** er opin frá 14.00-17.00, fimmtud. til laugard.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ
















550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

*I'd have to be pretty stupid to write a book about killing and then kill him the way I described in my book. I'd be announcing myself as the killer. I'm not stupid.*

Catherine Tramell útskýrir í yfirheyrslu af hverju hún hefði ekki drepið Mr. Boz í kvikmyndinni Basic Instinct.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Ekki bara tálkvendi

Ljósir lokkar, flottur líkami og hæfileikar á leiklistarsviðinu nægðu Sharon Stone ekki lengst framan af á sínum ferli enda uppskar hún eingöngu hlutverk í svokölluðum B-myndum. Lék eiginkonur þekktra hasarleikara og nægir þar að nefna Nico með Steven Seagal og skelfinguna Action Jackson.

Skjótt skipast þó veður í lofti. Stone landaði hlutverki á móti Arnold Schwarzenegger í Total Recall og sat nakin fyrir í Playboy, sem mörgum þótti djörf ákvörðun hjá 32 ára gamalli leikkonu en áhættan borgaði sig. Paul Verhoeven setti sig í samband við Stone og fékk hana til að leika í hinni mjög svo erótísku Basic Instinct. Myndin sló umsvifalaust í gegn og yfirheyrsluatriðið fræga er fyrir löngu orðið sígilt í kvikmyndasögunni.



**SHARON STONE** Í upphafi ferils síns neyddist hún til að láta sér nægja smáhlutverk í B-myndum en varð heimsfræg eftir hlutverk sitt í Basic Instinct. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Stone reyndi í fyrstu að halda þeirri kynþokkufullu ímynd sem henni hafði áskotnast með Sliver en henni var slátrað af gagnrýnendum og ekki skánuðu hlutirnir mikið með The Intersection, The Specialist og kúrekamyndinni The Quick and the Dead.

Stone gafst hins vegar kjörið tækifæri til að setja ofan í óvildarmenn sína þegar Martin Scorsese fékk hana til að leika ofurdópaða fegurðardís í Casino. Leikkonan sýndi að hún hafði hæfileika til annars en að klæða sig úr fötunum og uppskar að launum Golden Globe-verðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki og var þar að auki tilnefnd til Óskarsverðlauna.

## > Ekki missa af...

**V for Vendetta.** Myndin hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og loksins ná Wachowski-bræðurnir sér á strik eftir frekar háðulegan endi á Matrix - þríleiknum. Natalie Portman, John Hurt og Hugo Weaving fara fyrir fríðum leikhópi og þrátt fyrir varnaðarorð nær myndin að fanga þann anda sem býr í myndasögunum.





**PAUL WALKER** Aðalleikari Eight Below er Paul Walker, sem sló í gegn í myndinni The Fast and the Furious.

# Átta hundar í hættu

Kvikmyndin Eight Below er endurgerð japönsku myndarinnar Nankyoku Monogatari frá árinu 1983.

Myndin er sannsöguleg og fjallar um starfsmann rannsóknarstöðvar vísindastofnunar Bandaríkjanna á Suðurskautslandinu, Jerry Shepard (Paul Walker), sem er sáttur við lífið og tilveruna. Notar hann frítíma sinn til að skoða villta náttúruna ásamt sleðahundunum sínum átta og félaga sínum Charlie Cooper (Jason Biggs) sem starfar einnig á rannsóknarstöðinni.

Þegar þeir fá það verkefni að finna loftstein frá Merkúr á Suðurskautinu versnar í því. Mikið óveður skellur á og hætta þarf við förina. Þegar starfsmenn rannsóknarstöðvarinnar þurfa að yfirgefa staðinn þurfa þeir að skilja hundana eftir. Spurningin er: geta hundarnir lifað einir af á suðurskautinu?

Paul Walker fer með aðalhlutverkið í Eight Below en hann sló í gegn í hasarmyndinni The Fast and the Furious. Fer hann jafnframt með stórt hlutverk í Flags of Our Fathers sem var tekin upp hér á landi síðasta sumar. Jason Biggs úr American Pie-myndunum fer einnig með stórt hlutverk ásamt Bruce Greenwood, sem m.a. lék nýverið í Capote og The World´s Fastest Indian.

Leikstjóri myndarinnar er Frank Marshall sem síðast stýrði Congo árið 1995. Áður hafði hann gert köngulóarmyndina Arachnophobia og Alive.




FM 957
11. HVER VINNUR!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO Á DATE MOVIE
DVD MYNDIR • PEPSI • GEISLADISKAR
BOLIR OG MARGT FLEIRA
DATE MOVIE
FRUMSÝND 30. MARS
BÍÓ.IS D3 MOBILE
VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND, KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.


# Ógnareðlið vaknar á ný

**Fyrir fjórtán árum birtist tálkvendi á hvíta tjaldinu að hætti gömlu „rökkurmyndanna". Hún átti ekki í erfiðleikum með að slá ryki í augu karlmanna með ögrandi framkomu sinni og kynþokka.**

Ófáir stóðu á öndinni þegar Basic Instinct var frumsýnd fyrir sextán árum. Leikkonan Sharon Stone fór hamförum í hlutverki glæpasagnahöfundarins Catherine Tramell sem vafði lögreglumanninum Nick Curran um fingur sér. Tramell var nútímaútgáfa af konunum sem leiddu Bogart og Cagney í hverja gildruna á fætur annarri, kynþokkinn allsráðandi enda leikstjórinn Paul Verhoeven ekki þekktur fyrir að slá neitt af í þeim málum. Breski leikstjórinn Michael Caton-Jones hefur tekið við taumunum en margir leyfa sér að efast um að hin 48 ára gamla Stone nái upp sama þokka og fyrir fjórtán árum síðan.

Rithöfundurinn Tramell er flutt til London eftir ævintýrin í San Francisco en er ekki lengi að koma sér í klandur hjá lögreglunni. Íþróttamaður deyr og Tramell er umsvifalaust grunuð um verknaðinn enda átti hún í ástarsambandi við kappann. Sálfræðingurinn Michael Glass er fenginn til að aðstoða Scotland Yard og „neyðist" hann til að sálgreina Tramell, sem ætíð tekur glöð á móti karlkyninu. Gegn betri vitund og ráðleggingum vina fellur Glass fyrir hinni þokkafullu Tramell.



**STONE OG MORRISSEY** Leika saman í framhaldsmyndinni um tálkvendið Catherine Tramell en þar heillar hún breska karlmenn upp úr skónum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sharon Stone hefur margoft dásamað hlutverkið í Basic Instinct enda skaust leikkonan hátt upp á stjörnuhimininn með framúrskarandi leik. „Konum hefur verið kennt að þær eiga að láta undan til að fá það sem þær vilja," sagði Stone. „Karlmenn eru miklu meira blátt áfram," bætir hún við. „Catherine er á hinn boginn fyrsta kvenpersónan sem ákveður að segja við sjálfa sig: Ég er valdamikil, áhugaverð, gáfuð og sterk. Ég get sagt hvað sem er og gert hvað sem er og ætla að gera það í herbergi fullu af körlum," útskýrir Stone sem hefur mært bæði leikstjórann, Michael CatonJones, og mótleikara sinn, David Morrissey. „Hann er ótrúlega hæfileikaríkur," sagði Stone um Morrissey.

Af öðrum leikurum má nefna David Thewlis en hann þekkja einhverjir úr kvikmyndinni Naked sem sló eftirminnilega í gegn fyrir mörgum árum. Þá má til gamans geta að knattspyrnuhetjan Stan Collymore leikur lítið hlutverk í myndinni en hann gat sér frægð sem framherji hjá knattspyrnuliðinu Liverpool. - fgg

# Ástin er grín

Löng hefð er fyrir myndum sem gera grín að öðrum kvikmyndum og hafa þær notið nokkurra vinsælda. Í Date Movie fá rómantísku myndirnar sinn skerf en sömu menn og stóðu að Scary Movie skrifa handritið að þessari mynd.

Julia Jones er að leita eftir ástinni í sínu lífi og hittir loks breska sjarmörinn Grant Funkydoder. Þau þurfa þó að ganga í gegnum sína þrautagöngu sem er reyndar að mestu byggð á hugmyndum frá vinsælustu ástarmyndum síðustu ára. Meðal þeirra sem koma við sögu eru My Big Fat Greek Wedding, Meet the Parents og The Wedding Planner auk þess sem My Best Friend's Wedding kemur töluvert við sögu.



**FREISTINGAR** Grant þarf að standast ofurkynþokkafulla vinkonu sína sem ætlar að fá hann aftur til sín.

Alyson Hannigan leikur hina ástleitnu Juliu en hún var í American Pie-leikhópnum sem sló í gegn með fyrstu myndinni og það er síðan Adam Campbell sem leikur enska kyntáknið.


fantasy
BRITNEY SPEARS™
væntanlegur í búðir næstu daga
Everybody has one.



# YFIR ÓMÖGULEGAR HINDRANIR

Bandaríski leikstjórinn og framleiðandinn **Frank Marshall**, maðurinn á bak við myndir á borð við Alive, Congo og Arachnophobia, sendi nýverið frá sér myndina Eight Below þar sem hundar koma mikið við sögu. *Freyr Bjarnason* spjallaði við Marshall í tilefni af frumsýningu myndarinnar hér á landi á morgun.

Eight Below er endurgerð japönsku myndarinnar Nankyoku Monogatari sem kom út árið 1983. Hún er byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um tvo starfsmenn vísindastofnunar (Paul Walker úr Fast and the Furious og Jason Biggs úr American Pie) sem eru að störfum á Suðurskautslandinu þegar þeir fá hættulegt verkefni. Eiga þeir að finna loftstein á svæðinu og þurfa að leggja upp í erfiðan leiðangur á hundasleðum í slæmu veðri sem á eftir að reynast þeim mikil þrekraun.

### Að komast lífs af

„Ætlarðu að tala við Paul Walker líka? Hann var á Íslandi að taka upp með Clint Eastwood, ekki satt?" er það fyrsta sem Frank Marshall segir í spjalli sínu við blaðamann. Marshall segist aldrei hafa komið til Íslands en kom aftur á móti til Grænlands til að taka upp nokkur atriði fyrir nýju myndina.

Hann segist hafa heillast að handriti Eight Below þegar hann las það. „Ég er hrifinn af hundum og krefjandi tökustöðum og myndin býr einmitt yfir því. Ég leit á þetta sem mjög gott tækifæri. Ég varð fyrir miklum innblástri af sögunni og skemmti mér mjög vel yfir verkefninu," segir Marshall.

Að sögn Marshalls er Eight Below saga um að komast lífs af, rétt eins og hin vinsæla Alive. „Þetta er ævintýramynd sem fjallar um það að komast af. Hún gerist líka í snjó og hefur því nokkuð svipaðan söguþráð sem felur í sér ákveðni, hugrekki, hollustu og samstarf. Þær snúast báðar um að gefast aldrei upp þar sem aðalpersónurnar reyna í sameiningu að komast yfir nánast ómögulegar hindranir."

Marshall segist hafa mjög gaman af þannig myndum sem geti veitt fólki von og innblástur. „Á hverjum degi kemst fólk yfir erfiðar hindranir og er kastað í aðstæður sem það á ekki von á að lenda í en þarf að klóra sig í gegnum þær," segir hann.

Sjálfur segist hann hafa lent í erfiðum aðstæðum sem þó komist ekki í hálfkvisti við þær sem persónurnar í myndum hans lenda í. „Ég held að hlutirnir virki þannig þegar maður gerir kvikmyndir," segir hann og hlær. „Þú er alltaf að skipuleggja eitthvað þegar óvæntir hlutir koma upp á. Það þarf að leysa mörg vandamál við gerð þeirra sem mér finnst mjög áhugavert. En ég hef aldrei þurft að glíma við erfið vandamál eins og í þessari mynd en vissulega mörg lítil."

### Hefur unnið með snákum, pöddum og rottum

Marshall segist aldrei hafa leikstýrt hundum áður í verkefni af þessari stærðargráðu. „Ég hef unnið með mörg dýr, meðal annars snáka, pöddur og rottur. Ég hef unnið með hunda áður en munurinn er sá að núna voru hundarnir átta og með þeim voru 15 til 16 þjálfarar sem voru í kringum myndavélina. Ég þurfti að vita hvar þeir ætluðu að vera til að stýra hundunum og það var krefjandi verkefni. Við unnum með þeim í yfir sex mánuði og eitt af því sem ég lærði var að það þarf mikla þolinmæði og skipulagningu og það var mikið af hvoru tveggja við gerð þessarar myndar.

Aðspurður segir Marshall að vegna breytilegs veðurfars á Grænlandi hafi tökuliðið þurft að vera með þrjú mismunandi atriði í startholunum í byrjun hvers dags. „Eftir að hafa tekið upp Alive veit ég að veðrið er síbreytilegt á svona stöðum. Við vorum með eitt sólaratriði tilbúið, eitt víðáttuatriði og annað sem átti að taka upp í hríð, þannig að ef þú sérð þannig atriði í myndinni þá lítur það svona vel út af því að það er raunverulegt."

Marshall er mjög ánægður með frammistöðu Pauls Walker í myndinni. „Hann er vanur að leika einhverja töffara en þarna sýnir hann á sér mjúka og tilfinningaríka hlið. Hann er mikill útivistarmaður og á hund og kann því að umgangast þá. Mér fannst hann henta vel í þetta hlutverk og hann lítur allan tímann út fyrir að þykja mjög vænt um hundana. Hann var sá fyrsti sem mér datt í hug fyrir þetta hlutverk," segir hann.

### Ellefu ára bið á enda

Ellefu ár eru liðin síðan Marshall leikstýrði síðustu mynd sinni, Congo. Hann segir að tvær ástæður hafi ráðið þessari löngu bið. „Við ákváðum að eignast fjölskyldu og núna á ég tvær stúlkur, níu og sjö ára, og ég vildi eyða tíma með þeim. Síðan sá ég aldrei nein handrit sem ég vildi leikstýra en aftur á móti komu nokkrar myndir sem ég vildi framleiða fyrir aðra eins og The Sixth Sense, Seabiscuit og Bourne-myndirnar. Þetta voru allt frábær verkefni þar sem leikstjórinn var þegar fyrir hendi en þegar ég sá handritið að Eight Below langaði mig að snúa aftur í leikstjórastólinn."

Marshall segir það mun meira gefandi að vera leikstjóri heldur en framleiðandi. „Sem leikstjóri geturðu sett fram þína eigin skapandi sýn á verkefnið. Þegar þú sérð afraksturinn á hvíta tjaldinu veistu að þetta voru allt saman ákvarðanir sem þú tókst. Á móti kemur að þetta er meiri áhætta fyrir þig sjálfan. Það er frábært ef mönnum líkar myndin en ef þeim líkar hún ekki færð þú allar skammirnar."

### Skjólstæðingur Spielbergs

Marshall hefur unnið með mörgum þekktum leikstjórum, meðal annars Steven Spielberg og M. Night Shyamalan. Hann segir það ekkert mál að láta aðra um að leikstýra myndunum sem hann framleiðir. „Það er bara auðveldara að vinna með öðrum leikstjórum því þá þarf ég ekki að vakna eins snemma," segir hann og hlær. „Á öllum mínum ferli hef ég unnið með leikstjórum sem er gott að starfa með. Þeir hlusta á mig en ég veit að þeir eiga lokaorðið. Ég hef alltaf stutt við bakið á leikstjórunum og veit alveg hvar mörkin liggja. Leikstjórar gera sér líka grein fyrir því að ég veit hvað þeir eru að fara í gegnum og það hjálpar til," segir hann, og viðurkennir að samstarfið við Spielberg hafi verið frábært. „Hann er mjög stoltur að mér og lítur á mig sem einn af sínum skjólstæðingum. Hann var svo sannarlega lærifaðir minn. Hann var mjög ánægður með nýju myndina og sagði að hún væri alveg yndisleg. Síðan ætlum við að gera Indy 4 [Indiana Jones 4] einhvern tímann," segir hann og hlær.

„Verkefnið gengur vel en það er mikið í húfi. Við viljum hafa gott handrit í höndunum en það erfiðasta er að finna tíma fyrir alla til að vinna við hana. Ég held að það gæti gerst á næsta ári. Við höfum tvö handrit núna sem við erum að vinna að."

### Lance Armstrong og Indy 4

Næsta leikstjóraverkefni Marshalls er innan seilingar og því ljóst að engin ellefu ár munu líða fram að næstu mynd hans. Byggir það einmitt líka á sögu um hugrekki og því að gefast aldrei upp, rétt eins og margar af myndum hans til þessa.

„Mig langar að kvikmynda sögu Lance Armstrong [hjólreiðakappans þekkta]. Ég keypti bókina hans og hef verið að vinna með honum og handritshöfundi. Handritið ætti að verða klárt í sumar og vonandi verður það næsta myndin mín sem leikstjóri," segir hann.

Framleiðandinn Marshall mun næst snúa sér að framhaldsmyndinni Bourne Ultimatum með Matt Damon í aðalhlutverki. Verður hún tekin upp víðs vegar í Evrópu og hefjast tökur í ágúst.

Marshall, sem verður sextugur síðar á þessu ári, hóf feril sinn í kvikmyndaborginni er hann vann við hina klassísku The Last Picture Show árið 1971. Hann segist ekki hafa getað átt betri feril í kvikmyndaborginni.

„Ég fékk tækifæri til að vinna að litlum myndum þegar ég var að byrja og hafði mjög gaman af því. Ég hugsaði með mér: „Þetta langar mig að gera" en upphaflega ætlaði ég að verða lögfræðingur, held ég," segir hann. „Ég hef unnið með frábærum leikstjórum og ferðast um heiminn. Þetta hefur verið stórkostlegt og þess vegna elska ég þetta starf." ■

## ÚR SMIÐJU MARSHALL

**LEIKSTJÓRI:**

| | |
|---|---|
| 2006 | Eight Below |
| 1995 | Congo |
| 1993 | Alive |
| 1990 | Arachnophobia |

**FRAMLEIÐANDI:**

| | |
|---|---|
| 2004 | The Bourne Supremacy |
| 2003 | Seabiscuit |
| 2002 | Sings |
| 1999 | The Sixth Sense |
| 1989 | Indiana Jones and the Last Crusade |
| 1985 | The Colour Purple |
| 1982 | Poltergeist |
| 1981 | Raiders of the Lost Arc |




event

# James Sewell Ballet

## AUSTURBÆ 5. MAÍ

**MIÐASALA HAFIN!**



„Balletthópurinn heillaði troðfullan salinn. Flutningurinn sannar að þetta eru listamenn sem fórna lífi sínu fyrir listina. Óviðjafnanlegt!“

**- The Winona Post, Winona**

„Gefandi og dásamleg danssýning. Dansar Sewells eru stórskemmtilegir bæði fyrir ballett-áhugamenn og almenna áhorfendur sem hlæja og gráta til skiptis.“

**- Sanibel-Captiva Shopper´s Guide**

„Þetta eru engir venjulegir listamenn. Hver einasti meðlimur er framúrskarandi dansari sem sýnir öryggi í flutningi og einstakan skilning á magnaðri sýn.“

**- Backstage**

**20% afsláttur í A svæði fyrir viðskiptavini í Gullvild Glitnis.**

GLITNIR

**HVAÐ:** James Sewell Ballet **HVAR:** Austurbæ **HVENÆR:** Föstudaginn 5. maí kl. 20:00. Húsið opnar kl. 19:30
**SÖLUSTAÐIR:** Reykjavík: Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. Akureyri: Verslun BT. Selfossi: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** 3.900 + miðagjald í A svæði, 2.900 + miðagjald í B svæði
**GULLVILDARTILBOÐ:** Viðskiptavinir í Gullvild Glitnis fá 20% afslátt í svæði A gegn framvísun greiðslukorts frá Glitni í verslunum Skífunnar og BT. Ekki er hægt að fá afsláttinn í gegnum Internet eða síma.

***ATH:** Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
**www.event.is**



**> Ekki sleppa**

*...dökka súkkulaðinu þótt þú sért að reyna að passa línurnar. Það er margsannað að það er stútfullt af andoxunarefnum og svo stuðlar það að frjósemi.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN RAGNAR SVERRISSON KAUPMAÐUR

# Sætsúpan að sjóða upp úr



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Skyrs. Ég borða skyr á hverjum degi.

**Fyrsta minningin um mat?** Það er sætsúpa. Þegar ég var tveggja ára datt ég og handleggsbrotnaði. Pabbi tók mig upp og þegar hann var á leiðinni með mig á spítalann kallaði hann á mömmu: „Sætsúpan er að sjóða upp úr.“ Þessi minning er ljóslifandi.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Þegar ég var í sveit í Öxarfirði, tíu eða tólf ára, bar ég út póst á nokkra bæi. Í rigningu og slyddu kom ég eitt sinn heim og fékk þá heitt kakó, heimabakað flatbrauð, heimatilbúið smjör og mysing. Það var unaðsleg máltíð, man ég.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Enginn. Ég ét allt.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?** Ég finn alltaf staðina þar sem konan felur súkkulaðið. Ég gef ekki upp hvar þessir staðir eru.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Mér líður alltaf betur þegar ég borða skyr.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Það þarf ekki að spyrja að því, ég á alltaf skyr.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?** Lambalæri er í miklu uppáhaldi hjá mér, ætli ég tæki það ekki.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Þegar ég var úti í Hollandi fékk ég skógarþresti og þótti það stórskrýtið. En ekki voru þeir bragðgóðir.

# Afrískum dögum í Vínbúðum að ljúka

Um helgina lýkur afrískum dögum í Vínbúðum sem staðið hafa í mars. Á boðstólum er fjöldi vína frá Afríku, fjölmörg eru á kynningarverði og einnig er að finna vín sem eingöngu eru fáanleg þessa daga. „Viðtökur neytenda hafa verið sérstaklega góðar í þetta skiptið. Bæði er fólk að verða sífellt meðvitaðra um þessa þemadaga Vínbúðanna og svo virðist vera spenningur fyrir afrískum vínum. Þau eru tiltölulega ný á markaðnum og fólk er áhugasamt um að kynna sér þau.“ segir Jóna Grétarsdóttir, markaðsstjóri Vínbúðanna. „Næstu þemadagar eru í maí og verða tileinkaðir Chile en vín þaðan eru í hópi söluhæstu léttvína hérlendis. Viðskiptavinir hafa tekið þessu fagnandi og starfsfólk okkar hefur haft mjög gaman af því að taka þátt í þessari tilbreytingu. Sérstaklega er áberandi hversu duglegt fólk hefur verið að sækja sér fróðleik, spyrja starfsfólk um vínin og verða sér úti um bæklinga sem legið hafa frammi í Vínbúðunum.“



Suður-Afríka er í dag áttunda stærsta vínframleiðsluland heims, en þess ber að geta að stóru löndin framleiða svo mikið að framleiðsla Suður-Afríku er ekki nema rétt um fimm prósent af heimsframleiðslu. Áttatíu prósent af allri vínframreiðslunni eru hvítvín og er þar mest notast við heimaþrúguna steen og hanepoot en notkun á chardonnay hefur aukist mikið síðustu ár. Vínin eru að jafnaði fersk og bragðmikil í senn og sem matarvín eru vínin afbragðsgóð. Af bláu berjunum eru cinsaut og cabernet sauvignon áberandi en í öndvegi er hin sérafríska blendinsþrúga pinotage.


# Ekkert blað?

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.**

**550 5000**



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






**ÞÓRHILDUR JÓNSDÓTTIR** Hún er yfirkokkur á Fjalakettinum og deilir hér uppskrift að dýrindis grænmetisrétti með lesendum Fréttablaðsins.

# Grænmetisréttur Þórhildar

Þórhildur Jónsdóttir er yfirkokkur á Fjalakettinum og ein af fáum konum í þeirri stöðu hérlendis. Fjalakötturinn býður þessa dagana up á franskan matseðill og það er Þórhildur sem útbýr hann af mikilli snilld. Hún valdi sérstakan grænmetisrétt til að deila með lesendum blaðsins. „Ég valdi þennan rétt því mér finnst við borða allt of lítið af grænmeti og það er mjög gaman að gera eitthvað öðruvísi og spennandi úr grænmeti. Þetta er uppskrift sem þróaðist hjá mér í eldhúsinu og best finnst mér að hafa sterka kókos-karrý sósu með réttinum.“

Aðspurð um hvað henni finnist nauðsynlegt í matargerð nefnir hún tómat. „Ég á alltaf tómata og nota mikið tómatpourre og slíkt. Ef ég á það til þá virðist ég geta búið til allt,“ segir Þórhildur en hún lærði kokkinn á Grandhotel Reykjavík.

„Skemmtilegast finnst mér að elda allskyns fisk og sjávarrétti og þá er rauðsprettan í uppáhaldi hjá mér. Ég get reyndar verið svolítið löt við að elda heima þar sem ég er eldandi allan daginn. En ég læt mig hafa það.“

Á frönskum dögum Fjalakattarins er að sjálfsögðu boðið upp á sérstakan franskan matseðil. „Við Haukur Gröndal samstarfsmaður minn hönnuðum matseðilinn saman en hann samanstendur af ýmsum klassískum frönskum réttum. Við reyndum að velja mjög klassíska franska rétti eins og anda confit og bouillabaisse-súpu. Í aðalréttunum notum við mikið geitaost sem er afar vinsæll í Frakklandi. Einnig bjóðum við upp á nautaþrennu, klassíska nautakjötsrétti. Þegar við förum yfir í desertinn þá kom cremé brulé auðvitað fyrst upp í huga okkar en einnig bjóðum við upp á franska súkkulaðitertu,“ sagði Þórhildur en frönsku dagarnir á Fjalakettinum standa yfir út apríl mánuð og þar verður einnig gott úrval af góðum frönskum vínum.

**KJÚKLINGABAUNARÚLLA**
**Uppskrift fyrir sex til átta manns**

**Deig:**
- 300 g kartöflur
- 300 g kjúklingabaunir
- 50 g tómatpourre
- 1 tsk. salt
- 2 tsk. chiliduft
- 2 tsk. kóríander
- 1 tsk. kúmen

Aðferð: Kartöflurnar og kjúklingabaunirnar soðnar og kældar. Þessu er svo maukað saman í graut og allt kryddið, og tómatpurré blandað út í. Að lokum er deigið kælt.

**FYLLING:**
- 100 g blómkál
- 100 g brokkolí
- 5 sveppir
- 50 g sólþurrkaðir tómatar
- 1 gulrót
- 1 tsk. hvítlauksduft
- 1/2 tsk. mulinn svartur pipar
- 1/2 tsk. salt

Aðferð: Grænmetið er steikt á pönnu og kryddað. Deigið þarf að vera orðið vel kalt og fyllingin líka til að hægt sé að skella þessu saman. Deigið er tekið og flatt út á smjörpappír í þá stærð sem rúllan á að vera. Þegar búið er að fletja deigið út á smjörpappírinn er grænmeti sett í rúlluna (kalt) og parmesan stráð yfir grænmetið áður en rúllunni er svo lokað. Rúllan pensluð með góðri olíu og skellt inn í ofn. Bökuð í ofni í tuttugu mínútur við 170 gráður.

hilda@frettabladid.is

# Búrgundardagar á Vox

Þessa dagana standa yfir Búrgundardagar á Vox restaurant á Nordica hóteli. Yfirmatreiðslumaður Vox, Hákon Örvarsson, hefur mikla reynslu af franskri matargerð en þess má geta að hann hefur náð besta árangri íslenskra matreiðslumanna í erfiðustu og mikilmetnustu keppni matreiðslumanna í heimi, Bocuse d´Or, en þar hlaut hann bronsverðlaun árið 2001. Eftir keppnina var Hákon yfirmatreiðslumaður hjá Leu Linster í Lúxemborg en sá staður státar af einni Michelin stjörnu.

Aðstoðaryfirmatreiðslumaður Vox, Sigurður Gíslason, hefur ekki síður mikla reynslu en hann hefur meðal annars starfað á Le Clarifontaine í Lyon í Frakklandi og Charlie Trotters í Chicago svo einhverjir staðir séu nefndir. Saman hafa þessir snillingar sett saman spennandi matseðil þar sem Búrgundarhéraðið í Frakklandi er í hávegum haft en matargerðin þar byggist að miklu leyti upp á matar- og bragðmiklum mat, en það hentar einmitt núna á þessum tíma árs. Til samstarfs við sig hafa þeir félagar valið tvo úrvals vínframleiðendur frá héraðinu, annars vegar Pierre André og hins vegar Chanson Pere & Fils sem er í eigu kampavínshússins Bollinger.

*Matseðillinn kostar 5.900 kr. án víns og 10.500 kr. með víni-*

**BÚRGUNDAR MATSEÐILL VOX:**

Steinseljukrydduð grísa-terrín með dijon vinaigrette
Chablis LeGrandPré 2003
Corton André

Þorskhnakki með reyktum laxi og grænum linsubaunum
Pernand Vergelesses Les Caradeux 1er Cru 1999
Chanson Pere & Fils.

Coq au vin
Hani í víni
Hautes Cotes de Beaune 2003
Corton André

Ostar frá Bourgogne
Clos de Feves Premier Cru 1998
Chanson Pere & Fils

Heit súkkulaðikaka með kryddbrauðsís
Fonseca Guimaraens Vintage 1984
Fonseca.



## VEITINGASTAÐURINN

**MÚLAKAFFI**

HALLARMÚLA, 108 REYKJAVÍK.



## Heimilislegur og huggulegur

**Hvernig er stemningin:** Það er breiður hópur fólks sem heimsækir staðinn Múlakaffi en veitingastaðurinn hefur verið starfræktur í nærri 40 ár. Þangað kemur fólk sem vill fá almennilegan og heimilislegan mat á fínu verði. Innréttingarnar eru einfaldar og snyrtilegar þótt þær séu ekki sveipaðar neinar ævintýraljóma. Það er heldur ekki vegna innréttinganna sem fólk sækir staðinn heim heldur vegna matarins.

**Matseðillinn:** Heimilislegur matur er kjörorð Múlakaffis. Boðið er upp á mikið af sjávarfangi, steiktur fiskur með lauksmjöri og kartöflum er til dæmis mjög vinsæll réttur. Saltfiskur er líka á boðstólum ásamt plokkfiski og öðrum vinsælum íslenskum fiskréttum. Úrvalið er þó misjafnt frá degi til dags. Á hverjum degi er boðið upp á sex ólíka rétti, súpu, fisk- og kjötrétti. Þótt eldamennskan sé ekki sérlega flókin eru réttirnir girnilegir, bragðgóðir og ljúffengir.

**Vinsælast:** Það er fiskur dagsins og lambalæri með öllu tilheyrandi.

**Verð:** Fiskur dagsins kostar 1210 krónur en lambalæri kostar 1590 krónur. Innifalið í verðinu er súpa, kaffi og salatbar.

allt
tilboð
Alla föstudaga



# Hannar eyrnalokka og selur

Silja Ósk Þórðardóttir hannar og selur ýmiss konar eyrnalokka í versluninni Ranimosk á Klapparstíg. „Mér finnst gaman að búa til fallegt dót úr hálfgerðu drasli og bara einhverju sem ég finn. Ég hef verið að grúska við þetta í um það bil ár og geri líka eyrnalokka úr steinum en sel þá reyndar ekki í búðinni,“ segir Silja sem vinnur aðallega úr silfri, plasti og gleri. Hún fór að hanna eyrnalokka handa sjálfri sér og byrjaði í upphafi á að gera þá úr öryggisnælum.



**EYRNALOKKAR** Silja notar steina, silfur, plast og gler í eyrnalokkana.

„Ég hef alltaf verið hrifin af eyrnalokkum og svo stakk vinkona mín upp á því að ég færi að selja þá einhvers staðar. Ég kaupi sjálf efnið í eyrnalokkana og salan á þeim hefur gengið alveg hreint ágætlega. Ég hef ekkert lært skartgripahönnun en var þó í einum áfanga í grunnskóla þar sem kennd var skartgripagerð. En núna er ég á þriðja ári í Kvennaskólanum á náttúrufræðibraut og tek myndlistaráfanga í FB með.“



**SILJA ÓSK ÞÓRÐARDÓTTIR** Hún hannar og selur skartgripi í búðinni Ranimosk.

# Katie fær róandi tónlist

Tom Cruise hefur gefið Katie Holmes iPod með róandi tónlist til þess að hjálpa henni að hljóða ekki á meðan á fæðingunni stendur. Parið hefur nú þegar hengt upp plakö́t um allt heimilið í Beverly Hills sem minna hana á að vera ekki með læti og að fara sér hægt. Samkvæmt kenningum Vísindakirkjunnar er það mjög slæmt fyrir börn að heyra móðurina öskra er hún fæðir þau. „Tom gaf Katie iPod með mörgum lögum. Hann vill að hún hlusti á róandi tónlist en að hún sé með heyrnartól svo það verði enginn hávaði,“ sagði heimildarmaður, en Katie en von er á barninu á næstu dögum.





















# Diesel verður hátískuvara

Fatamerkið Diesel sem stofnað var á Ítalíu árið 1978 af hönnuðinum Renzo Rosso og vinum hans hefur tekið miklum stakkaskiptum upp á síðkastið. Árið 1985 keypti Renzo Rosso vini sína út úr fyrirtækinu og hefur hann stýrt því með miklum sóma síðan. Undir hans stjórn hefur Diesel vaxið og dafnað og í dag er merkið orðið samkeppnishæft við önnur hátískumerki. Eini munurinn er sá að Rosso leggur áherslu á að almenningur geti gengið í fötunum en ekki bara ítalskir milljónamæringar. Þetta hefur gert það að verkum að Diesel-fötin eru vinsæl um allan heim hjá breiðum aldurshópi. Diesel skiptist í nokkrar línur. D-Diesel er aðallínan og hefur hún verið fáanleg á Íslandi síðan 1986. Hún er nú seld í verslunum Gallerís sautján, Deres og Retro en líka í verslunum víða um land. Í henni er mest lagt upp úr gallabuxum og öðrum hversdagsfatnaði eins og bolum, skyrtum og jökkum. Diesel-gallabuxurnar þekkja flestir enda hafa þær fengið mikla athygli í Evrópu og Bandaríkjunum á síðustu árum.

Gallabuxurnar þykja vel hannaðar og mikið er lagt í þær til að gera þær sem fjölbreyttastar. Þess má geta að hönnuðir Diesel voru með þeim fyrstu sem buðu upp á mismunandi þvott á gallabuxum og ekki er óalgengt að buxur sömu gerðar séu mjög ólíkar því oft á tíðum eru þær handþvegnar til að ná fram hárréttum smáatriðum. Þetta gerir buxurnar framúrskarandi og eftirsóttar. Stylelab-línan frá Diesel er örlítið dýrari en D-línan. Á bak við hverja tískulínu liggur gríðarlega hugmyndavinna og hönnuðir Diesel ferðast út um allan heim til þess að næla sér í innblástur. Fyrir hönnun á vor- og sumarlínunni í ár dvöldu þeir á japanskri eyju þar sem starfrækt er herstöð á vegum Bandaríkjahers. Á þeirri eyju mætast tveir menningarheimar, innfæddir og hermenn, sem skapar sérstaka blöndu. Í nýjustu línunni koma þessi áhrif í ljós en þar er hermannaútliti blandað saman við japönsk munstur sem gerir sumarlínuna afar skemmtilega. Á laugardagskvöldið verður Dieselhátíð á vegum fyrirtækisins N.T.C.



sem er umboðsaðili fyrir Diesel á Íslandi. Á hátíðinni verður tískusýning þar sem gestir gefst kostur á að berja vor- og sumarlínuna augum.




# NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT

BARNAHERBERGI – STAÐUR TIL
AÐ LEIKA OG LÆRA, SOFA OG DREYMA

ÁHRIF ÚR AUSTRI
STRAUMAR BERAST VÍÐA AÐ

ILMANDI HEIMILI | PÚÐAR OG PUNT

MATUR FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ÆVINTÝRAHEIMAR Á STRIGA
LÍNA RUT WILBERG MYNDLISTARMAÐUR






TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í
ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA
GJÖF Í KAUPBÆTI

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

VEGGFÓÐUR.
tímarit




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 |
| THE PRODUCERS | kl. 5.20, 8 og 10.45 |
| WALK THE LINE | kl. 5.15, 8 og 10.45 |
| RENT | kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 10 |
| TRISTAN & ISOLDE | kl. 5.45 og 10 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 8 |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**DELIZIE ITALIANE** Tríóið hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist Passione.

# Þægileg stemning

Ítalski söngvarinn Leone Tinganelli og félagar hans Jón Elvar Hafsteinsson og Jón Rafnsson úr tríóinu Delizie Italiane hafa gefið út plötuna Passione.

Lögin eru flest sungin á mállýsku frá Napólí en ekki hefðbundinni ítölsku og eru þau elstu allt frá árinu 1500. Lögin eru þægileg og ljúf og passa sérlega vel með mat og drykk. Tríóið Delizie Italiane (ítalskt góðgæti) var stofnað í september 2000 í tengslum við mikinn áhuga meðlima á víni, matargerð og suðrænni menningu. Litið var á tónlistina sem punktinn yfir i-ið.

„Við Jón Elvar fórum í ferðalag saman sem kennarar í FÍH og komumst fljótlega að því að við höfðum báðir áhuga á mat og matarkúltúr. Jón Elvar þekkti Leone og við smelltum þessu tríói saman,“ segir Jón Rafnsson.

Hann segir samstarfið við Leone hafa gengið einkar vel. „Við erum allir mjög góðir vinir og þetta hefur verið mjög skemmtilegt samstarf. Hann kemur með lög sem við kannski þekkjum ekki neitt og síðan nálgumst við þau eins og við skynjum þau. Þá verða þau kannski allt öðruvísi en upphaflega hugmyndin var,“ segir Jón.

# Nýtt lag frumflutt í dag

**Nýtt lag með þeim félögum Benedikt Hermanni Hermannssyni og Hugleiki Dagssyni verður frumflutt á Rás 2 í dag. Á morgun kemur síðan út myndasögubókin Fermið okkur eftir Hugleik þar sem Benedikt kemur meðal annars við sögu.**



**BENNI OG HUGLEIKUR** Þeir félagar Benedikt Hermann Hermannsson og Hugleikur Dagsson gefa út nýtt lag á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Myndasögubókin Fermið okkur eftir Hugleik Dagsson kemur út á morgun. Fjallar hún um strák sem er að fara að fermast og veit ekki hvort hann á að hafa það borgaralega fermingu eða kirkjulega. Reynir hann að komast að því hvort sé betri kosturinn.

Með bókinni fylgir lag eftir Hugleik og bróður hans Þorra sem tónlistarmaðurinn Benedikt Hermann Hermannsson, forsprakki hljómsveitarinnar Benni Hemm Hemm, tók upp með Hugleiki. Lagið, sem Hugleikur rappar, verður gefið út á 7 tommu plötu og geisladiski. Þar verður einnig að finna endurhljóðblandaða útgáfu af laginu eftir dansdúettinn Helmus und Dalli en hann samanstendur af þeim Helga Sv. Helgasyni og Davíð Þór Jónssyni píanóleikara.

„Við prófuðum að spila þetta lag saman fyrir síðustu jól og ákváðum að taka það upp,“ segir Benni, sem kemur einnig við sögu í bók Hugleiks. „Þetta var alveg frábært samstarf. Ég hef þekkt hann dálítið lengi og lesið allt dótið hans. Ég ber meiri virðingu fyrir honum sem listamanni eftir að hafa komist í návígi við þetta,“ segir hann.

Benni segir að texti Hugleiks við lagið sé nokkuð í ætt við sögurnar hans. „Hann er ótrúlega ruddalegur og dónalegur en eins og í sögunum er hann líka dúllulegur og með jákvæðan boðskap,“ segir Benni, sem vonar innilega að lagið fái spilun á útvarpsstöðvunum. „Við bíðum spenntir en ég held að það sé inni í myndinni að einhverjir þori ekki að spila það. Það kvartaði manneskja í hjólastól yfir „I Can Love You in a Wheelchair“ [af síðustu plötu Benna Hemm Hemm]. Hún skrifaði tölvupóst til Rásar 2 og bað þá um að hætta að spila það. Ég veit ekki til þess að það hafi verið spilað eftir það,“ segir hann. Nýja lagið verður engu að síður frumflutt á Rás 2 í dag og verður spennandi að sjá hver viðbrögðin verða.

Benni, sem fékk mikið lof fyrir síðustu plötu sína, er að vinna að nýju efni um þessar mundir og stefnir að því að vera með nýtt prógram þegar hann spilar á Listahátíð í Reykjavík 20. maí. Hann vonast til að taka upp nýja plötu í haust en ekki hefur verið ákveðið hvort hún kemur út fyrir jólin eður ei.

Næstu tónleikar Benna Hemm Hemm verða í Gyllta salnum á Hótel Borg í kvöld og fer miðasala fram í 12 Tónum. Um páskana verður hann á Akureyri og Ísafirði en þann 10. maí leggur hann land undir fót og spilar í París. Jafnframt hyggur hann á Japansferð.

freyr@frettabladid.is







ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 VIP | KL. 5:30-8-10:30 | |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:15-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 8:15-10:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 6-10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 8 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| DATE MOVIE | KL. 8-10:20 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8-10:15 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:45-8 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 10:15 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 6 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:20-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8 | B.I. 16 |
| THE NEW WORLD | KL. 10 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 8 | |
| SYRIANA | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Miðasala gengur vel

Uppselt er í tvö af fjórum svæðum á tónleikum Ians Anderson, forsprakka bresku hljómsveitarinnar Jethro Tull, í Laugardalshöll 23. maí. Miðasalan hefur því gengið vel en aðeins er selt í númeruð sæti.



IAN ANDERSON

Anderson og hljómsveit hans, ásamt félögum úr Kammersveit Reykjavíkur, munu bjóða upp á sannkallaða tónlistarveislu frá 35 ára ferli Jethro Tull.

Miðasala á tónleikana fer fram í verslunum Skífunnar, BT úti á landi og á midi.is og performer.is.

# Nýr tónleikadiskur

Hljómsveitin Gorillaz hefur gefið út DVD-tónleikadisk með lögum af síðustu plötu sveitarinnar, Demon Days.

Tónleikarnir voru teknir upp í óperuhúsinu í Manchester í nóvember og þóttu heppnast ákaflega vel. Var þetta í fyrsta sinn sem platan var spiluð í heild sinni á tónleikum.

Á meðal þeirra sem komu fram voru Damon Albarn, annar af stofnendum Gorillaz, Neneh Cherry, Bootie Brown, De La Soul, Ike Turner, Shaun Ryder, Roots Manuva og Martina Topley-Bird, auk þess sem Dennis Hopper og Ibrahim Ferrer komu fram á sjónvarpsskjá.

Strengjasveit kom einnig fram á tónleikunum ásamt barnakór og gospelkór Manchester. Jamie Hewlett, hinn stofnandi Gorillaz, sá alfarið um sjónrænu hliðina.

Diskurinn, sem er 69 mínútna langur, hefur meðal annars að geyma lögin Kids With Guns, Dirty Harry, Feel Good Inc. og titillagið Demon Days.



**GORILLAZ** Hljómsveitin Gorillaz hefur gefið út nýjan DVD-tónleikadisk.

# Hvorki gift né ólétt

Fyrirsætan og leikkonan Elizabeth Hurley hefur í viðtali við tímaritið Hello! neitað sögusögnum um að hún sé ólétt og hyggist giftast kærasta sínum Arun Nayar. „Þrátt fyrir allar sögusagnirnar í blöðunum er ég hvorki trúlofuð, gift né ólétt. Ég skal svo sannarlega láta fólk vita um leið og eitthvert af þessu ofantöldu gerist,“ sagði hún en skötuhjúin hafa verið saman í þrjú ár.





# Besta sólóið í „Stairway“

Gítarsólóið í laginu klassíska Stairway to Heaven með Led Zeppelin hefur verið kjörið besta gítarsóló allra tíma.

Í öðru sæti var gítarsóló úr lagi Van Halen, Eruption, og í þriðja varð Paradise City með Guns n‘ Roses.

Tvö þúsund lesendur tímaritsins Total Guitar tóku þátt í könnuninni. „Allir elska að spila á loftgítar þegar þeir heyra gítarleikarana fríka út á ákveðnum augnablikum í lögum,“ sagði Stephen Lawson, ritstjóri tímaritsins.

**10 BESTU GÍTARSÓLÓIN**

1. Led Zeppelin - Stairway to Heaven
2. Van Halen - Eruption
3. Guns N' Roses - Paradise City
4. The Eagles - Hotel California
5. Metallica - Enter Sandman
6. Cream - Crossroads
7. Jimi Hendrix - Voodoo Child
8. Ozzy Osbourne - Crazy Train
9. Free - All Right Now
10. Queen - Bohemian Rhapsody

# Sérstæð og stórgóð

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Ghostigital hefur að geyma tvo af kynlegustu kvistum íslenskrar tónlistarsögu, ég held að það sé hægt að henda fram þeirri staðreynd hér án þess að efast um sannleika hennar. Hvað sem því líður verður líka að viðurkennast að bæði Einar Örn og Curver eru báðir afar hæfileikaríkir tónlistarmenn. Nýjasta plata dúósins Ghostigital, In Cod We Trust, sannar báðar ofangreindar staðreyndir. Platan er bæði afar sérstæð og einnig stórgóð. Tónlist Ghostigital er ekki eitthvað sem þú heyrir á hverjum degi óma í hverfissjoppunni þinni. Hún byggir að mestu leyti upp á frekar hörðum en afar dansvænum og taktföstum hip-hop töktum í nýaldarstíl. Lög eins og The Heart og Black Sand eru vel til þess fallin að trylla dansfólkið og alla nágranna í kring.

Ásamt hip-hopinu eru greinileg áhrif frá post-punk tímanum og einhvers konar noise-rótum. Við taktana bætast síðan ýmis konar hljóð og (ó)hljóð, skreytingar sem gefa Ghostigital sína sérstöðu. Stundum finnst manni samt (ó)hljóðin einum of mikið notuð en það er einungis á einstöku stöðum og í stuttan tíma. Hljóðin koma víðs vegar að en að mestu eru þau úr smiðju hljóðgúrúsins Curvers. Gestahljóðfæraleikararnir setja líka sinn svip á plötuna og gestasöngvararnir jafnvel enn meiri. Auðvitað má heldur ekki gleyma Einari Erni sem fleygir sínum skreytingum fram hægri vinstri með ágengri rödd sinni og furðulegum en fjörlegum textum.

Platan sem slík er afar heilsteypt og í raun er ekkert lag sem er leiðinlegra en annað. Sum lögin eru þó skemmtilegri en önnur, lög sem fá mann til þess að hækka örlítið meira í græjunum. Ekkert lag nær þó algjörlega að halda manni í heljargreipum en platan sjálf vex með hverri hlustun og verður alltaf meira grípandi og grípandi. Platan sannar enn og aftur sérvisku og snilligáfu Ghostigital, eitthvað sem þeir hafa hingað til einungis sýnt á tónleikum en ná núna að festa á plasti.




**GHOSTIGITAL**

IN COD WE TRUST

**Niðurstaða** Platan sannar sérvisku og snilligáfu Ghostigital með dansvænum og taktföstum hip-hop töktum sem blandast við (ó)hljóð í skreytistíl.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**




MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

við Háskólann í Reykjavík

**KYNNINGARFUNDUR:**
Fimmtudaginn 30. mars kl. 17:15
í Háskólanum í Reykjavík,
Ofanleiti 2, 3. hæð.

Opið fyrir umsóknir í M.Sc. nám við Háskólann í Reykjavík: www.ru.is.

**Fyrri umsóknarfrestur er 18. apríl 2006.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is



## Leikið heima og heiman

Ekkert verður af því að kvennalið Vals í handknattleik kaupi útileikinn af rúmenskum andstæðingi sínum í undanúrslitum áskorendakeppni Evrópu. Fyrri leikur liðanna fer því fram í Rúmeníu en hinn síðari í Höllinni.

**sport**

sport@frettabladid.is

ARNÓR ATLASON: FRAMKVÆMDASTJÓRI MAGDEBURG BÚINN AÐ SKIPTA UM SKOÐUN

# *Verð líklega áfram hjá Magdeburg*

Mikið hefur gengið á hjá handknattleiksmanninum unga, Arnóri Atlasyni, síðustu vikur. Það byrjaði allt með því að honum var tjáð af félagi sínu, Magdeburg, að hans nærveru væri ekki óskað næsta vetur og því mætti hann byrja að leita sér að nýju félagi. Þótt hann ætti ár eftir af samningi sínum við félagið þá myndi Magdeburg ekki standa í vegi fyrir honum fyndi hann sér nýtt félag. Arnór hefur rætt við tvö þýsk úrvalsdeildarfélög á síðustu vikum en þau eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins Lübbecke, sem Þórir Ólafsson leikur, með og félag þeirra Einars Hólmgeirssonar og Alexanders Peterssons, Grosswallstadt.

„Ég er nú ekki til í að staðfesta hvaða félög þetta voru en bæði sigla frekar lygnan sjó í úrvalsdeildinni. Ég átti ágætar viðræður við bæði félög en hef ákveðið að setja öll mín mál í smá biðstöðu þar sem Hildebrand, framkvæmdastjóri Magdeburg, hefur dregið í land með að Magdeburg hafi ekki áhuga á að nota mig og segist núna aldrei hafa sagt nokkuð í þá áttina. Þetta er alveg magnað,“ sagði Arnór sem hefur átt ágætis samstarf við þjálfarann sem tók við af Alfreð Gíslasyni, Ghita Licu, en liðið hefur aðeins tapað einum leik undir hans stjórn.

Licu hefur verið að gefa ungu strákunum hjá félaginu tækifæri og Arnór sér því fram á



að eiga ágætis möguleika á næstu leiktíð fái Licu að halda áfram með liðið en það skýrist væntanlega eftir úrslitahelgina í bikarnum hver hans örlög verða.

Arnór segir að verði Licu áfram búist hann fastlega við því að verða áfram hjá Magdeburg. Ef ekki muni hann ræða við arftaka Licu áður en hann tekur ákvörðun um framhaldið og því sé biðstaða fram undan. Arnór er annars nýbyrjaður að hreyfa sig á ný eftir aðgerð á liðþófa og vonast til að vera með í undanúrslitum bikarsins sem fram fer eftir tvær vikur.

## > Ekkert mótframboð

Guðmundur Ágúst Ingvarsson verður væntanlega endurkjörinn formaður HSÍ með lófaklappi á föstudag. Guðmundur hefur lýst því yfir að hann sækist eftir endurkjöri og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er ekki von á neinu mótframboði. Um tíma var talið að Ásgeir Jónsson myndi taka slaginn við Guðmund en af því verður líklega ekki en engu að síður er búist við því að Ásgeir taki sæti í stjórn HSÍ en einhverjar breytingar verða á stjórninni og Pálmi Matthíasson mun að sögn ekki sækjast eftir áframhaldandi sæti í stjórn.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

27 28 29 **30** 31 1 2

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- ☐ 20.00 **Keflavík** og **Skallagrímur** mætast í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta í Keflavík. Þetta er þriðji leikur liðanna en staðan í einvíginu er 1-1.

### SJÓNVARP

- ☐ 18.30 **Súpersport** á Sýn.
- ☐ 18.35 **Inside the PGA** á Sýn. Golfþáttur sem bragð er að.
- ☐ 19.00 **Gillette Sportpakkinn** á Sýn. Ferskur íþróttaþáttur.
- ☐ 19.25 **Áfangastaður Þýskaland** á Sýn. Fylgst með leið Englands og Trinidad og Tobago á HM 2006 sem fram fer í Þýskalandi.
- ☐ 19.50 **Keflavík og Skallagrímur** á Sýn. Bein útsending frá þriðja leik liðanna í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla í körfubolta.
- ☐ 21.40 **Saga HM** á Sýn. HM 1958 sem fram fór í Svíþjóð.
- ☐ 23.40 **Keflavík og Skallagrímur** á Sýn. Endursýning frá þriðja leik liðanna í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla..

# Íslandsmeistararnir eru komnir með fullskipað lið fyrir sumarið

**FH-ingar tryggðu sér í gær tvo danska leikmenn og þar með er sumarkaupum lokið í Kaplakrika. Íslandsmeistararnir hafa orðið fyrir mikilli blóðtöku en hafa nú fyllt lið sitt af góðum leikmönnum.**

**FÓTBOLTI** Danski framherjinn Allan Dyring skrifaði í gær undir tveggja ára samning við FH en hann kemur frá Fredericia í heimalandi sínu. Þá hefur varnarmaðurinn Peter Matzen komið frá Vejle og skrifaði hann undir eins árs samning en FH hefur misst sterka leikmenn frá síðasta tímabili.

Fyrirliðinn frá því í fyrra, Heimir Guðjónsson, hefur lagt skóna á hilluna og verður aðstoðarmaður Ólafs Jóhannessonar þjálfara eftir að Leifur Sigfinnur Garðarsson fór til Fylkis. Nýi fyrirliðinn, Auðun Helgason, verður ekki með í sumar eftir krossbandaslit og þá fór Allan Borgvardt til Viking í Noregi. Þá fór Jón Þorgrímur Stefánsson í HK og Dennis Siim hélt aftur til Danmerkur.

Í staðinn hefur FH nú fengið þá Dyring og Matzen, auk Sigurvins Ólafssonar frá KR. Þá endurheimtir liðið Davíð Þór Viðarsson sem hélt til Lokeren í Belgíu án þess að ná að festa sig í sessi hjá liðinu, aðallega vegna meiðsla.



**KÁTIR Í KRIKANUM** Það var stemning hjá Ólafi Páli, Allan Dyrin og Tómasi Leifssyni í gær en Íslendingarnir skrifuðu undir nýjan samning við FH á sama tíma og Allan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Mér líst mjög vel á mennina. Ég sá Allan reyndar ekki spila en við höfum mjög góð orð um hann. Okkur leist vel á það sem Peter sýndi á æfingum hjá okkur og erum ánægðir með að fá hann. Dyring er með góða tölfræði og við fengum góðar upplýsingar um hann,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, við Fréttablaðið í gær.

„Hópurinn okkar er fullmótaður, mér líst mjög vel á hann. Við erum ekki að leita að leikmönnum en allir góðir leikmenn eru velkomnir í FH. Þó býst ég ekki við því að neinn komi. Dennis Siim er með samning í Danmörku og hefur lýst yfir áhuga sínum að koma en ég efast um að hann sé á lausu, ef hann væri það myndi ég þó glaður vilja fá hann í FH,“ sagði Ólafur.

„Dyring er öðruvísi leikmaður en Borgvardt. Að sjálfsögðu verður talað um að hann eigi að fylla í hans skarð en þannig er það í boltanum að það kemur enginn alveg eins leikmaður í staðinn fyrir annan. Borgvardt stóð sig mjög vel hjá okkur og ég vona að þessi geri það líka. Þeir verða eflaust bornir saman en þeir eru ekki eins leikmenn og því er það kannski óréttmætt,“ sagði Ólafur.

Matzen kom til æfinga hjá Keflavík áður en FH fékk hann til sín. „Við vissum af Matzen áður en Keflavík fékk hann til sín. Hann kemur tvímælalaust til með að styrkja okkur,“ sagði Ólafur að lokum.

**hjalti@frettabladid.is**




Körfuboltaspekúlantinn Einar Bollason spáir í viðureign Keflavíkur og Skallagríms:

# Stóri bróðir mun hafa betur

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Keflavíkur taka á móti Skallagrími í þriðja leik liðanna í undanúrslitum Íslandsmótsins í körfubolta í kvöld. Liðin hafa unnið sinn leikinn hvorn á heimavelli en þrjá leiki þarf til að komast í úrslitin. Einar Bollason var enn að ná sér niður eftir æsilegan sigur hans manna í KR gegn Njarðvík þegar Fréttablaðið fékk hann til að spá fyrir um leik kvöldsins.

„Þetta verður rosalegur leikur og ég er miður mín að komast ekki á hann, en því miður hef ég öðrum hnöppum að hneppa. Það hefur ekkert komið mér á óvart í þessu einvígi. Keflvíkingar eru þrefaldir Íslandsmeistarar og hafa alla tíð farið langt á óbilandi sjálfstrausti. Þeir hafa snúið leikjum við vegna þessa en þeir verða að passa sig þar sem stutt er í drambið. Keflavík er með frábæran þjálfara og frábæran leikmannahóp og ég sé þá varla tapa leik nema vegna síns eigin hugarfars. Þeir gætu klúðrað þessu sjálfir,“ sagði Einar, en bætti við að hann væri alls ekki að gera lítið úr Borgnesingum.

„Skallagrímur er með frábært lið og ég bað til Guðs að KR fengi þá ekki í undanúrslitunum, ég er mjög hrifinn af liðinu. Þeir eru með marga mjög snjalla leikmenn, frábæran Kana og miklar skyttur. Valur er einnig góður þjálfari og honum hefur tekist að búa til stórskemmtilegt lið. Axel Kárason er til að mynda maður sem ég hef lengi haldið upp á, hann er einn vanmetnasti maður deildarinnar og á að vera fyrir löngu kominn í landsliðið,“ sagði Einar.



**SKOTTILRAUN** Sverrir Þór Sverrisson reynir að skora gegn sterkri Skallagrímsvörn í fyrsta leik liðanna sem Keflvíkingar unnu á heimavelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

„Ég held að úrslit þessa einvígis ráðist í þessum leik. Það er oft sagt um fimm leikja einvígi að úrslitin ráðist í þriðja leik en það þarf auðvitað alls ekki að vera. En það læðist að mér sá grunur að það lið sem komist í 2-1 vinni einvígið. Hvort liðið það verður er mjög erfitt að segja til um,“ sagði Einar sem spáir Skallagrímsmönnum sigri í leiknum og jafnframt í einvíginu.

„Íslandsmeistararnir eru með hefðina með sér en að sama skapi er engin pressa á Borgnesingum. Ég held að Skallagrímur hafi áttað sig á því að Keflavík er alls ekki óvinnandi vígi og með þá vitnesku í farteskinu gegn Keflavík, þá giska ég á að stóri bróður hafi betur gegn litla bróður. Ég held að Skallagrímur muni brjóta blað í sögu körfuboltans nú í vetur,“ sagði Einar og vitnaði í þjálfara liðanna, Val og Sigurð Ingimundarsyni. Valur er eldri og þjálfar Skallagrím en Sigurður Keflavík og því er fjölskyldustoltið einnig í húfi í leiknum.

**- hþh**





**LEIKMENN KEFLAVÍKUR** Undir smásjá franskra umboðsmanna.

Keflvíkingar í skoðun:

## Tveir umbar á leiðinni

**FÓTBOLTI** Fram kemur á heimasíðu Keflavíkur í gær að tveir franskir umboðsmenn séu á leið til landsins að skoða leikmenn. Eftir því sem fram kemur á heimasíðunni munu þeir sjá leik Fram og Keflavíkur á fimmtudag og svo munu þeir reyna að sjá fleiri leiki um elgina áður en þeir fljúga til síns heima á sunnudag.



**MAGNÚS LÁRUSSON** Lék best Íslendinganna á Spáni í gær.

Íslenska landsliðið í golfi:

## Magnús bestur Íslendinganna

**GOLF** Heiðar Davíð Bragason úr golfklúbbnum Kili lék best íslensku strákanna á Sherry Cup mótinu í golfi sem fram fer á Spáni þessa dagana. Magnús lék hringinn á 72 höggum eða á pari vallarins.

Heiðar Davíð Bragason og Stefán Már Stefánsson léku á 76 höggum og Pétur Freyr Pétursson á 81 höggi. Þrjú bestu skorin telja í liðakeppninni og er íslenska liðið því samtals á 8 höggum yfir pari.

Heiðar Davíð sagði að þetta hefði gengið upp og ofan í dag, en það væri hægt að gera betur. Magnús lék vel, fékk m.a. einn örn og fjóra fugla á hringnum. Hann var búinn að vera við æfingar á Spáni í rúma viku fyrir mótið. „Það er greinilegt að það vantar aðeins upp á leikæfinguna hjá okkur, en þetta kemur allt saman. Við erum ekkert svo ósáttir við heildarskorið hjá liðinu,“ sagði Heiðar Davíð í samtali við Kylfingur.is í gær. **- hþh**



**IAIN DOWIE** Sektaði sinn eigin leikmann fyrir leikaraskap NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Iain Dowie:

## Vill sekta fyrir leikaraskap

**FÓTBOLTI** Iain Dowie knattspyrnustjóri Crystal Palace vill að leikmenn verði sektaðir fyrir leikaraskap af sínum eigin liðum. Leikaraskapur er vaxandi vandamál á Englandi og er leitað leiða til að sporna við þessum leiðindum í knattspyrnunni.

„Ef leikmaður hendir sér niður og þykist vera meiddur þegar það hefur ekki verið nein snerting þá á að sekta viðkomandi. Þegar Sandor Torghelle lét sig falla gegn Charlton sagði ég honum að svona liði ég ekki og sektaði hann. Það var rétt ákvörðun hjá mér,“ sagði Dowie. **- hþh**

Spænska ungstirnið Cesc Fabregas sér ekki eftir stóru ákvörðuninni sem hann tók aðeins 16 ára gamall:

# Það var rétt hjá mér að yfirgefa Barcelona og fara til Arsenal

**FÓTBOLTI** Einn vinsælasti knattspyrnumaðurinn í heiminum í dag er hinn 18 ára gamli Cesc Fabregas sem leikur með Arsenal. Þessi magnaði miðjumaður fór á kostum gegn Juventus í meistaradeildinni á þriðjudag þar sem hann lék lærifööður sinn, Patrick Vieira, grátt ásamt því að skora mark og leggja upp annað.

Fabregas kom aðeins 16 ára gamall til Arsenal frá Barcelona og hann segist ekki sjá eftir þeirri ákvörðun í dag.

„Ég er mjög sáttur við að hafa tekið svona erfiða ákvörðun ungur að aldri. Það eru svo margir sem hafa haft mikla trú á mér að það er frábært,“ sagði Fabregas sem er ekki vel við þá umræðu að hann sé orðinn betri en Vieira þótt hann hafi leikið betur en Frakkinn stóri á þriðjudag.

„Mér líkar alls ekki svona tal. Ég hef alltaf gert mitt besta og æfi eins og brjálæðingur. Það er ekki bara ég sem spila vel heldur allt liðið og ef liðið spilaði ekki vel gengi ekki mjög vel hjá mér heldur. Þetta er búinn að vera lærdómsríkur vetur og liðsheildin verður sterkari hjá okkur með hverjum mánuði og sjálfstraustið hefur aukist að sama skapi. Hvað varðar mig persónulega þá er ég sífellt að bæta mig og mér finnst ég verða sterkari á hverri æfingu.

Vieira og Emerson eru með allra bestu miðjumönnum heims í dag og því var sérstaklega ánægjulegt að fá að mæta þeim báðum. Ef ég ætla að verða einn af þeim bestu þá verð ég að spila gegn þeim bestu og sýna að ég geti spilað jafn vel og þeir.

Ég vil sýna öllum heiminum að ég geti spilað með Arsenal og sem betur fer tókst mér að skora og leggja upp mark í þessum leik,“ sagði Fabregas en keppst er við að setja hann á sama stall og Wayne Rooney og Ronaldinho eftir þessa mögnuðu frammistöðu gegn Juve og spurning hvort hann komist á HM. **- hbg**



**CESC FABREGAS** Hjálpar hér lærifööður sínum Vieira á fætur en unglingurinn tók Vieira í bakaríið í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

# Er kominn til Íslands í ævintýraleit

Danski miðjumaðurinn Peter Gravesen skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Fylki. Bróðir hans er öllu kunnari, Thomas Gravesen, sem spilar með Real Madrid á Spáni og kenndi Peter allt sem hann kann.




**FLOTTUR Í APPELSÍNUGULU** Peter Gravesen var mættur í Árbæinn í gær þar sem hann skrifaði undir tveggja ára samning við Fylki og stillti sér síðan upp í myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Hinn 27 ára gamli Peter vissi ekkert í hvaða ævintýrum hann myndi lenda þegar hann ákvað að fara til Íslands og reyna fyrir sér hjá Fylki.

„Ég kom hingað til að prófa eitthvað alveg nýtt. Það er mikið menningarsjokk fyrir mig að koma til Íslands. Ég hef aldrei komið hingað áður og það er ljóst að hér bíður mín mikið ævintýri. Það hjálpar mér mikið að hér er annar leikmaður frá Danmörku, Christian Christianssen, sem sýnir mér Fylkissvæðið og Reykjavík. Það er gott að geta talað dönsku og fengið svör við litlum spurningum um almenna hluti sem maður gæti annars lent í vandræðum með,“ sagði Gravesen við Fréttablaðið í gær um leið og hann skrifaði undir tveggja ára samning við Árbæjarliðið.

### Góður samningur

„Í mínum augum er þetta virkilega góður samningur. Ég fæ meira borgað hér en ég fékk í Danmörku og það skemmdi ekki fyrir að launin eru góð en þau voru alls ekki aðalatriðið,“ sagði Peter sem kemur frá Herfolge í Danmörku.

Hann fæddist í Vejle á Jótlandi og bjó þar til tíu ára aldurs í úthverfi áður en hann fluttist inn í borgina sjálfa. Það gerði fjölskyldan af því að Peter og Thomas lifðu fyrir fótboltann og æfðu hann öllum stundum.

„Ég spilaði með áhugamannaliði Vejle áður en ég fékk atvinnumannasamning þar árið 1999. Eftir fimm ára dvöl þar færði ég mig um set til Herfolge áður en ég kom til Íslands,“ sagði Peter sem fór frá danska liðinu vegna agabrots sem hann vildi lítið tjá sig um.

„Já það kom upp agavandamál. Ég vildi ekki tjá mig um það sem gerðist við danska fjölmiðla og vil helst ekki breyta út frá því. Þetta voru leiðindamistök sem gerðust í hita leiksins,“ sagði Peter en hann kýldi liðsfélaga sinn niður og var fyrir vikið gert að fara frá félaginu.

### Fær númer Helga Vals

Ljóst er að um gríðarsterkan leikmann er að ræða sem er kærkomið fyrir Fylkisliðið sem hefur misst marga sterka menn frá síðasta sumri. Gravesen mun spila í treyju númer 6 hjá Fylki, og fær gamla númerið hans Helga Vals Daníelssonar sem hélt einnig á vit ævintýranna en hann spilar nú með Öster í Svíþjóð.

„Ég spilaði sem vinstri bakvörður hjá Vejle en svo þegar ég tók upp á því að skora mikið var ég færður aðeins framar á völlinn. Ég hef spilað á vinstri kantinum og inni á miðjunni en mér líkar einna best við að spila í holunni fyrir aftan framherjana. Ég hef reynslu af því að spila í hinum ýmsu stöðum á vellinum og myndi lýsa mér sem fjölhæfum leikmanni,“ sagði Peter sem stefnir á að læra meira um íslenska boltann en hann veit nú þegar, sem er reyndar vægast sagt takmarkað.

„Ég veit ekkert um íslenskan fótbolta. Ísland er of lítið til að maður geti fylgst með þessu og það eru engin lið hér sem hafa náð langt í Evrópukeppnum. En ég hef verið að skoða mig um og læri eftir bestu getu um íslenska boltann. Vissulega þekki ég leikmennina á Englandi, Eið Smára Guðjohnsen og fleiri, en annars er maður ekkert sérstaklega að fylgjast með íslenskum leikmönnum. Ég hef ekki haft neina sérstaka ástæðu til þess.

Svo var íslenskur leikmaður hjá Vejle, Þórhallur Dan Jóhannsson sem lék að mér skilst með Fylki þannig að þetta tengist allt en bróðir minn spilaði með honum,“ sagði Peter sem kom tilboðið um Íslandsdvöl mjög á óvart.

„Það er mánuður síðan ég heyrði af áhuga liðs á Íslandi og það kom mér ansi spánskt fyrir sjónir. Ég hugsaði með mér að Ísland væri langt í burtu og ég vissi ekkert um land og þjóð. En ég er á þeim aldri að ég þarf virkilega á ævintýri að halda og því sló ég til. Ég er ekkert að yngjast þannig að ég greip gæsina þegar hún gafst og hélt í víking til Íslands í ævintýraleit,“ sagði Peter.

### Gott samband á milli bræðranna

Peter segir að bróðir sinn Thomas hafi kennt honum allt sem hann kann en Gravesen-bræðurnir eru mjög nánir. „Við tölum saman eins oft og við getum, svona fjórum sinnum í viku. Það er erfitt að vera í betra sambandi þar sem hann er víst eitthvað upptekinn við að æfa,“ sagði Peter skælbrosandi um Thomas bróður sinn sem hann reynir að heimsækja eins oft og hann getur.

„Þegar ég fæ frí þá nýti ég þau til að fara til Madríd og heimsækja hann. Það er alltaf mjög gaman en ég hef ekki enn fengið að æfa með liðinu. Umfangið í kringum klúbbinn er ótrúlega stórt og áhuginn á æfingum er gríðarlegur. En ég fékk að æfa með Everton,“ sagði Peter og brosti en hann segir bróður sinn hafa komið sér vel fyrir á Spáni.

„Hann nýtur sín ótrúlega vel sem er skiljanlegt þar sem hann er að spila með stærsta félagi í heimi. Persónulega finnst mér hann standa sig gríðarlega vel og hann er ekkert á leiðinni frá félaginu eins og einhverjir hafa verið að halda fram. Hann á góð samskipti við alla og hann hefur fengið að spila meira en flestir bjuggust við í fyrstu,“ sagði Peter.

Thomas er þekktur fyrir gríðarlega baráttu og hefur sankað að sér ófáum spjöldum um árin. Peter róar stuðningsmenn Fylkis niður með því að greina frá því að hann sé aðeins rólegri en bróðir sinn.

„Ég er ekki alveg jafn klikkaður inni á vellinum og hann. Thomas sýnir það greinilega hversu ótrúlega ákveðinn hann er, en ég er aðeins rólegri. Við erum reyndar svipaðir í skapinu en við notum það ekki alveg eins, hann sýnir það með því að ná sér í gult spjald en ég dríf mig og mína frekar áfram. Hann er mjög ákveðinn innan sem utan vallar. Hann er mjög góður bróðir en getur farið mjög mikið í taugarnar á mér,“ sagði Peter glaðbeittur en hann er þó þakklátur bróður sínum fyrir allt sem hann hefur kennt honum.

### Bræðurnir grétu saman

„Hann kenndi mér mjög mikið. Við lékum okkur mikið saman í garðinum okkar og við dýrkuðum að fara saman út að leika okkur. Við sýndum hvor öðrum ný brögð sem við höfðum lært, eða reyndar var það eiginlega alltaf hann sem sýndi mér ný brögð, en það var mjög gaman. Við æfðum aldrei saman hjá Vejle. Við spiluðum þó saman innanhúss og ef við töpuðum þá settumst við hlið við hlið á varamannabekkinn og grétum! Hann vildi alltaf vinna og varð alltaf að vinna, sömu sögu er að segja af mér enda hef ég mikið keppnisskap,“ sagði hinn geðþekki Peter sem hlakkar til að takast á við nýja áskorun hjá Fylki.

„Ég ætla að gera mitt besta fyrir Fylki. Við vonumst til að vera í toppbaráttunni og stefnum á að lenda í einu af þremur efstu sætunum,“ sagði Peter Gravesen að lokum.

hjalti@frettabladid.is



**FRÆGUR BRÓÐIR** Peter er bróðir Thomasar Gravesen sem leikur með Real Madrid. Hann mætir kannski á leik hjá Fylki í sumar.

Martin Jol, stjóri Spurs, fullvissar Defoe um að hann sé ekki á sölulista:

# Myndi ekki skipta á Jermain Defoe og Unni Birnu

**FÓTBOLTI** Mikið hefur verið rætt og ritað um að framherjinn Jermain Defoe sé á förum frá Tottenham eftir að Rafael Benitez, stjóri Liverpool, hélt því fram að Spurs væri í örvæntingu að reyna að losna við hann.

„Það er eflaust skrítið fyrir leikmenn að heyra slíka hluti í sjónvarpinu. Það er samt ekkert vandamál á milli mín og Defoes,“ sagði Martin Jol, stjóri Spurs, en hann gaf Defoe fáséð tækifæri í byrjunarliðinu á mánudag. „Þegar ég heyrði þessa sögu sagði ég einfaldlega við Defoe að ég myndi ekki vilja skipta á honum og ungfrú heimi. Hann myndi eflaust skipta á mér og ungfrú heimi,“ sagði Jol léttur á því.

- hbg



**UNNUR BIRNA** Ekki jafn dýrmæt og Defoe að mati Martin Jol, stjóra Spurs.



**JERMAIN DEFOE** Þarf ekki að hafa áhyggjur af framtíð sinni hjá Tottenham.

Hin endalausa peningaleit Liverpool á enda?

# Hart barist um völdin í Liverpool

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnufélagið Liverpool hefur verið í leit að nýju fjármagni svo mánuðum skiptir en án árangurs enda eru hluthafar í félaginu ekki til í að selja hverjum sem er hlut sinn eins og sannaðist þegar forsætisráðherra Taílands, Thaksin Shinawatra, reyndi að sölsa undir sig félagið með skattfé landa sinna.

Fram kom í gær að félagið ætti í viðræðum við næstum tíu aðila um sölu á hluta í félaginu eða jafnvel meirihluta. Forráðamenn Liverpool höfnuðu því í gær að yfirtökutilboð væri væntanlegt þó að viðræður væru vissulega í fullum gangi.

Sá sem er talinn líklegasti kaupandinn í dag er Spánverjinn Juan Villaonga sem eitt sinn var forseti spænska símarisans Telefonica og er mjög auðugur maður.

Þó að Villalonga þyki líklegur kaupandi í augnablikinu er klárlega langt í land enda munu menn eins og bandaríski auðkýfingurinn Robert Kraft ekki hafa sagt sitt síðasta orð en hann hefur einnig verið í viðræðum við enska félagið.




# SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI






Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

## HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?

– Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
– Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
– NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN



**JUAN PABLO MONTOYA** Á fullri ferð á æfingu NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Formúla 1:

## Montoya er í viðbragðsstöðu

**FORMÚLA-1** Kólumbíumaðurinn Juan Pablo Montoya segir að hann þurfi að bíða eftir ákvörðun hjá félaga sínum hjá McLaren, Kimi Raikkonen, fyrir árið 2007 áður en hann tekur ákvörðun um eigin framtíð. Annar hvor þeirra þarf að víkja fyrir heimsmeistaranum sjálfum, Fernando Alonso, eftir yfirstandandi keppnistímabil þegar hann kemur til liðsins frá Renault.

„Ég er að horfa í kringum mig eins og allir aðrir. Ég hef heyrt það eins og allir aðrir að Raikkonen sé að fara til Ferrari. Ég heyri í það minnsta stöðugan orðróm um það,“ sagði Montoya sem óttast þó ekkert um liðsval þegar að því kemur.

„Það gæti verið laust sæti hjá Toyota. BMW munu leitast við að bæta sig, og það sama má segja um Renault. Ef maður horfir í kringum sig er nóg af lausum sætum í Formúlunni,“ sagði ökuþórinn að lokum en næsta Formúlukeppni fer fram um helgina þegar ekið verður í Ástralíu.

- hþh

Forráðamenn Chelsea:

## Færa út kvíarnar

**FÓTBOLTI** Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, greindi frá því í gær að félagið væri komið í ítarlegt samstarf við AEG sem á eða rekur fjögur félög í bandarísku atvinnumannadeildinni.

Aðalsamstarfið verður við LA Galaxy en einnig verður samstarf við Chicago Fire, DC United og Houston Dynamo.

- hbg



**HETJA INTER** Obafemi Martins tryggði Inter mikilvægan sigur gegn Villarreal í gær. Inter leiðir með einu marki fyrir seinni viðureign liðanna sem fram fer á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Mílanó-liðin í góðum málum í meistaradeildinni

**Tveir leikir fóru fram í átta liða úrslitum meistaradeildar Evrópu í gær. Lyon og AC Milan gerðu markalaust jafntefli í Frakklandi en Inter lagði Villarreal á Ítalíu, 2-1. Mílanóliðin standa því vel að vígi fyrir seinni leikina.**

**FÓTBOLTI** Mikil eftirvænting ríkti fyrir leik Lyon og AC Milan í Frakklandi en lærisveinar Gerards Houllier í Lyon hafa komið skemmtilega á óvart í keppninni og leikið einna skemmtilegasta boltann enda sóknarleikur í hávegum hafður hjá liðinu. Sérfræðingar töldu það góðan prófstein á liðið hversu vel því gengi gegn skipulagðri ítalskri vörn sem þó saknaði lykilmanna.



**DÝRMÆTT MARK** Diego Forlan fagnar hér gríðarmikilvægu marki sem hann skoraði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fyrri hálfleikur var frekar bragðdaufur en heimamenn stýrðu þó umferðinni en þegar nær dró marki Milan fjöruðu sóknir liðsins nær undantekningalaust út. Gestirnir frá Ítalíu undu glaðir við sitt enda eflaust takmarkið að verja markið af mætti og allt annað væri síðan bónus þar sem liðið á síðari leikinn á heimavelli.

Það var markalaust í leikhléi en meira líf færðist í leikinn í síðari hálfleik þegar heimamenn freistuðu þess að opna vörn gestanna og koma sér um leið í þægilega stöðu fyrir síðari leikinn.

Nokkurt líf færðist í leikinn um miðbik síðari hálfleiksins en þó án þess að liðunum tækist að skora og bæði lið virtust nokkuð sátt þegar blásið var til leiksloka og niðurstaðan markalaust jafntefli.

Mikið fjör var í hinum leik gærkvöldsins þar sem hitt Mílanóliðið, Inter, tók á móti spænska spútnikliðinu Villarreal á San Siro. Leikurinn byrjaði með miklum látum þegar Diego Forlan kom gestunum yfir á fyrstu mínútu með marki sem gæti reynst mjög dýrmætt þegar upp er staðið.

Heimamenn í Inter voru fljótir að svara fyrir sig þegar Brasilíu-



**STÁL Í STÁL** Það var ekkert gefið og fátt um færi hjá Lyon og AC Milan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

maðurinn Adriano kom boltanum yfir línuna af stuttu færi á sjöundu mínútu. Þannig stóðu leikar í leikhléi en Nígeríumaðurinn Obafemi Martins kom Inter yfir eftir aðeins níu mínútur í síðari hálfleik.

Mikið gekk á það sem eftir lifði leiks og gáfu heimamenn allt sem þeir áttu til að jafna leikinn en Spánverjarnir vörðust fimlega og eygja ágætis möguleika á sæti í undanúrslitum með dýrmætt mark á útivelli í farteskinu.

henry@frettabladid.is



**MIDO** Gæti farið aftur til Roma en hefur lýst yfir áhuga á að vera áfram hjá Tottenham. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Tottenham að missa af Mido?

**FÓTBOLTI** Umboðsmaður egypska framherjans Midos hefur greint frá því að nokkur félög séu komin framar í goggunarröðina heldur en Tottenham í kapphlaupinu um leikmanninn. Mido er í láni hjá Lundúnaliðinu frá Roma á Ítalíu en Tottenham hefur lýst yfir áhuga sínum á því að kaupa hann án þess að hafa gert tilboð.

Mino Raiola segir að Roma vilji gjarnan fá Mido aftur þar sem þeir eru að leita sér að framherja en framherjinn hefur sjálfur sagt að hann vilji vera áfram á White Hart Lane. Luciano Spalletti hefur tekið við Roma síðan Mido var lánaður en hann lenti upp á kant við félagið og var í kjölfarið sendur frá Ítalíu með hraði.

„Við höfum ekki útilokað Tottenham en önnur félög leiða nú kapphlaupið,“ sagði Raiola og bætti við að hann væri mjög vonsvikinn með Tottenham að hafa ekki klárað málið nú þegar.

- hþh

Enn sigur hjá Silkeborg:

## Bjarni og Hörður í liðinu

**FÓTBOLTI** Danska úrvalsdeildarfélagið Silkeborg vann góðan sigur á AGF í gær, 1-0. Silkeborg hefur leikið mjög vel síðustu vikur og er í áttunda sæti deildarinnar.

Íslendingarnir Bjarni Ólafur Eiríksson og Hörður Sveinsson voru báðir í byrjunarliði Silkeborg eins og venjulega.

Bjarni Ólafur lék allan leikinn en Herði var skipt af velli á 70. mínútu en hann skoraði ekki mark Silkeborg að þessu sinni en Hörður skoraði fjögur mörk í tveimur fyrstu leikjum sínum með danska félaginu.

- hbg

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

**Hlíðasmári Kópavogur.**



Frum



Vorum að fá í sölu verslunarhúsnæði á jarðhæð 193 fm á þessum eftirsótta stað. 2 inngangar stórir gluggar með miklu auglýsingagildi. Húsnæðið skiptist í;Lager,salerni,kaffistofu og stóran sal.

**V. 46 millj.** (4041)

*Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.*

Valsmenn missa lykilmenn fyrir lokaátökin í DHL-deildinni:

# Sigurður og Baldvin væntanlega úr leik út tímabilið

**HANDBOLTI** Þeir Sigurður Eggertsson og Baldvin Þorsteinsson verða að öllum líkindum ekkert meira með Val það sem eftir er af leiktíðinni. Sigurður á enn í vandræðum með hnémeiðsli sem hafa verið að plaga hann í allan vetur og Baldvin hefur ekki losnað við einkirningssóttina sem hann fékk um hátíðirnar og hefur fyrir vikið neyðst til að draga sig úr íslenska landsliðshópnum öðru sinni.

„Hnéð hefur ekkert verið í lagi í allan vetur og nú ætla ég að fara í myndatöku og skoða málið því ég er nokkuð kvalinn og get lítið sem ekkert æft,“ sagði Sigurður við Fréttablaðið í gær en hann var nýbúinn að jafna sig eftir uppskurð þegar hann fór að æfa með landsliðinu fyrir EM og Sigurður telur líklegt að hann hafi einfaldlega farið of snemma af stað og því sé hnéð enn í ólagi.

„Það er lítið eftir af tímabilinu og við eigum ekki möguleika á titlinum þannig að meiðslin koma félaginu sem betur fer ekki í mikinn bobba,“ sagði Sigurður.

- hbg



**FÚLT AÐ VERA MEIDDUR** Baldvin Þorsteinsson og Sigurður Eggertsson spila væntanlega ekki meir á þessu tímabili. Sigurður er meiddur á hné og Baldvin er aftur lagstur í rúmið með einkirningssótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HELENA STERK** Helena Sverrisdóttir hristi af sér slenið í gær og átti stórleik þegar mest á reyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það verða Haukar mæta sem Keflavík í úrslitum Íslandsmóts kvenna í körfu:

# Haukar of stór biti fyrir ÍS

**KÖRFUBOLTI** Haukastúlkur komu gríðarlega ákveðnar til leiks og tóku strax góða forystu. Ekkert gekk upp hjá ÍS og eftir fimm mínútna leik höfðu Haukar þegar náð tíu stiga forystu sem varð að sextán stigum eftir fyrsta leikhlutann þar sem ÍS náði aðeins að skora átta stig. Það kann ekki góðri lukku að st

Stúdínur bættu leik sinn lítillega í öðrum leikhluta þar sem munaði mestu um baráttu og dugnað hjá Mariu Conlon sem skoraði þrettán stig í fyrri hálfleik og sýndi öðrum leikmönnum gott fordæmi með áræðni sinni. Haukastúlkur bættu hins vegar enn í og afgreiddu nánast leikinn. Þær höfðu 53-30 yfir í hálfleik og ekkert benti til þess að ÍS kæmist inn í leikinn.

Stúdínur léku betur í þriðja leikhluta þegar þær spiluðu stífa vörn og skotin tóku að rata rétta leið. Þær voru þó aldrei nálægt því að gera atlögu að góðu forskoti Hauka sem var tuttugu stig fyrir síðasta leikhlutann, 66-46. Þrátt fyrir að slaka á undir lokin var sigur Hauka aldrei í hættu en þær fóru að lokum með 91-77 sigur af hólmi.

Málið var einfalt á Ásvöllum í gær, Haukar voru einfaldlega betri aðilinn og áttu sigurinn fyllilega verðskuldaðan. Megan Mahoney og Helena Sverrisdóttir voru sterkustu leikmenn Hauka og stúdínur áttu fá svör við stórleik þeirra. Það var ekki um auðugan garð að gresja í sóknarleik stúdína en Maria Conlon tók af skarið þegar á þurfti líkt og Signý Hermannsdóttir.

„Við vorum ekki sáttar við síðustu tvo leiki og ákváðum að taka okkur á og sýna hvað í okkur bjó í þessum leik. Við vorum staðráðnar í að bæta leik okkar og það tókst ágætlega. Við spiluðum skelfilega í öðrum leiknum þar sem við töpuðum en aðalmálið var vissulega að klára einvígið. Ég hef fulla trú á því að við getum farið alla leið,“ sagði hin unga en gífurlega efnilega Helena Sverrisdóttir, leikmaður Hauka, sem hafði átt erfitt uppdráttar í fyrstu leikjunum en blómstraði í gær. **- hþh**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild kvk:*

HAUKAR-ÍS 91-77

**Stig Hauka:** Megan Mahoney 28, Helena Sverrisdóttir 25, Pálína Gunnlaugsdóttir 10, Kristrún Sigurjónsdóttir 10, Ösp Jóhannsdóttir 8, Hanna Hálfdánardóttir 7, Sigrún Ámundadóttir 3.

**Stig ÍS:** Maria Conlon 23, Signý Hermannsdóttir 22, Helga Þorvaldsdóttir 9, Stella Kristjánsdóttir 6, Þórunn Bjarnadóttir 6, Hanna Kjartansdóttir 6, Hafdís Helgadóttir 4, Helga Jónasdóttir 1.

*Haukar unnu einvígið, 2-1.*

### *Meistaradeildin:*

LYON-AC MILAN 0-0

INTER-VILLARREAL 2-1

0-1 Diego Forlan (1.), 1-1 Adriano (7.), 2-1 Obafemi Martins (54.).

### *Enska úrvalsdeildin:*

MAN. UTD-WEST HAM 1-0

1-0 Ruud Van Nistelrooy (45.).

### *Enska 1. deildin:*

QPR-STOKE 1-2

**Hannes Sigurðsson** skoraði sigurmarkið fyrir Stoke á 79. mínútu en þetta var fyrsta mark hans fyrir félagið.



**KOMINN AFTUR** Ruud Van Nistelrooy var vel fagnað þegar hann skoraði sigurmark United í gær eftir langa fjarveru á bekk United. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Man. Utd lagði West Ham:

## Nistelrooy sá um Hamrana

**FÓTBOLTI** Hollenski markahrókurinn Ruud Van Nistelrooy var í byrjunarliði Man. Utd í fyrsta skipti í langan tíma í gær þegar United tók á móti West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

Sir Alex Ferguson, stjóra Man. Utd, er vandi á höndum eftir leikinn því Nistelrooy skoraði í endurkomu sinni eina mark leiksins og Fergie þarf því að velja á milli tveggja framherja sem skora í hverjum leik því Louis Saha hefur verið sjóðheitur síðustu vikur.

United tryggði stöðu sína enn frekar í öðru sæti deildarinnar með sigrinum og bíður nú eftir því að Chelsea misstígi sig. **- hbg**

Markús Máni Michaelsson:

## Hættur hjá Dusseldorf

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Markús Máni Michaelsson hefur sagt upp samningi sínum við þýska úrvalsdeildarfélagið Dusseldorf en samningurinn átti ekki að renna út fyrr en sumarið 2007. Hann mun þó klára tímabilið með liðinu.

Markús Máni hefur verið í herbúðum félagsins í tvö ár er hann yfirgaf herbúðir Vals og fór til Þýskalands. **- hbg**




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'll think about it" means nothing in L.A."**

**Svar:** Karen úr Get Shorty frá 1995.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR VILL SJÁ FLEIRI UNGLINGA Í FJÖLMIÐLUM

## *Ómenguð sjónarmið og fersk umræða*

Ég hlusta stundum á Ungmennafélagið á Rás 2 á kvöldin, en það er þáttur í umsjá unglinga og Heiðu Eiríksdóttur. Þegar maður hlustar á þessa frábæru þætti skynjar maður vel hvað unglingar eru mannbætandi fólk en misskilið. Einlægnin, sakleysið og fegurðin í skoðunum þeirra er smitandi og hrein, en þó með bragði af vaxandi lífsreynslu og sjálfstæðum lífsskoðunum sem einmitt eru svo áhugaverðar þegar unglingar hætta að apa eftir skoðanir foreldra sinna og sérstæðir persónuleikar þeirra verða fyrirferðarmeiri til framtíðar.



UNGLINGSSTÚLKUR Í UNGLINGAVINNU FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Það mætti vera skylda að hlusta á þessa ljúfu krakka skemmta landsmönnum eftir fréttapakka hversdagskvöldanna því þau hafa ýmsan boðskap að færa, bæði léttvægan sem og alvarlegan, og ekki alltaf með unglinga eina í huga, þótt flestum sé hollt að heyra hvað unglingar eru í raun og veru að fást við og pæla hverju sinni.

Allt frá því ég var unglingur sjálf hefur verið talað um unglingaveiki sem neikvætt fyrirbæri, en þvílíkur endemis misskilningur. Í raun er fátt eins uppörvandi og heillandi en þetta undur sem manneskjan er á meðan hún er enn barn en þó orðin smávegis fullorðin. Íslenskir unglingar eru klárlega bráðgáfaðir, vel gerðir, umhyggjusamir, skemmtilegir, fyndnir, áhugaverðir, opnari en fyrri kynslóðir, vingjarnlegir og vitaskuld haldnir þeirri sjálfsögðu þrá að vera viðurkenndir sem fullgildir einstaklingar í þjóðfélagi sem ýtir þeim gjarnan út í horn og afgreiðir sem annars flokks þjóðfélagsþegna og vandræðagemsa.

Ég vil sjá unglinga mun oftar í íslenskri dagskrárgerð og ekki bara í kjánalegum „unglingaþáttum" á sértilgerðum „unga-fólks-stöðvum" heldur jafn sjálfsagt áberandi og gamla fólkið ætti einnig að vera, enda stór hluti Íslendinga, og þeir eiga skilið að þeirra réttmæta, gangrýna og ferska rödd og sýn á stöðu heims- og þjóðmála heyrist. Við fullorðna fólkið á „rétta aldrinum" erum hvort eð er flest klisjublesar í þjóðfélagsumræðunni og hefðum gott af ómenguðum sjónarmiðum unga fólksins í bland við reynsluraddir gamla fólksins í landinu. Ég bið því um meiri breidd í íslenska fjölmiðla; ekki bara spari, heldur alltaf, enda sjálfsagt í lýðveldinu Ísland.



▶ 21.15 *Spenna*

WITHOUT A TRACE



▶ 22.05 *Drama*

LIFE ON MARS



▶ 22.30 *Drama*

EXTRA TIME – FOOTBALLERS WIVE



▶ 22.00 *Keppni*

UNGFRÚ REYKJAVÍK



▶ 19.50 *Körfubolti*

ICELAND EXPRESSDEILDIN

### SJÓNVARPIÐ

**16.15** Handboltakvöld **16.30** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Latibær**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Gettu betur** Spurningakeppni framhaldsskólanna, seinni undanúrslitaþáttur.
▶ **21.15 Sporlaust (7:23)** (With-out a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur (32:47)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**23.10** Lífsháski (34:49) **23.55** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** My Wife and Kids **11.10** 3rd Rock From the Sun **11.35** Whose Line is it Anyway

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Two and a Half Men **13.55** The Sketch Show **14.25** The Block 2 **15.10** Wife Swap **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Meistarinn (14:21)** Í kvöld mætast tveir sigurvegarar úr fyrstu umferð: Inga Þóra Ingvarsdóttir sagnfræðingur og Friðbjörn Eiríkur Garðarsson lögmaður.
**20.55 How I Met Your Mother (11:22)**
**21.20 Nip/Tuck (12:15)** (Klippt og skorið 3) Stranglega bönnuð börnum.
▶ **22.05 Life on Mars (2:8)** (Líf á Mars) Sam er ekki lengi að fá hinn óheflaða lögreglustjóra upp á móti sér enda notar hann æði framandi aðferðir við rannsóknarvinnu sína.
**22.55 American Idol 5 (22:41)**

**0.15** American Idol 5 (23:41) **0.40** Styx (Stranglega bönnuð börnum) **2.15** Huff (7:13) **3.05** Catch Me If You Can **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 American Dad (5:16)** (Finances with Wolves) Stan fær dágóðan bónus frá vinnunni og eyðir honum í ný tæki.
**20.00 Friends (2:24)**
**20.30 Splash TV 2006** Fyrrverandi Herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir hans, eru stjórnendur afþreyingarþáttarins Splash TV.
**21.00 Smallville** (Lucy)
**21.45 X-Files** (Ráðgátur)
▶ **22.30 Extra Time – Footballers' Wive** Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku, systur Tanyu Turner. Ef ykkur fannst Tanya vera slæm, bíðið þá þar til þið sjáið Aniku.

**23.00** Invasion (12:22) (e) **23.45** Friends (2:24) (e) **0.10** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**16.10** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers – 11. þáttaröð**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Game tíví**
**20.00 Family Guy** Peter og Lois langar í annað barn en Stevie litli gerir það sem í hans valdi stendur til þess að stoppa það af.
**20.30 The Office**
**21.00 Sigtið** Í hverri viku fjallar Sigtið, um mikilvæg málefni: lífið, listir, vínmenningu, dauðann, fordóma, glæpi og hvernig það er að vera sonur landsfrægs trúðs.
**21.30 Everybody loves Raymond**
▶ **22.00 Ungfrú Reykjavik** Ungfrú Reykjavík 2006 verður krýnd við hátíðlega athöfn á Broadway í kvöld.

**23.35** Jay Leno **0.20** Law & Order: SVU (e) **1.10** Cheers – 11. þáttaröð (e) **1.35** Top Gear (e) **2.25** Fasteignasjónvarpið (e) **2.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Súpersport 2006** Supersport er ferskur þáttur sem sýnir jaðarsportið frá öðrum sjónarhorni en vant er.
**18.35 US PGA 2005 – Inside the PGA T** (US PGA í nærmynd)
**19.00 Gillette World Cup 2006** (Gillette HM sportpakkinn)
**19.25 Destination Germany** (England + Togo)(Leiðin á HM 2006) Í Destination Germany er fjallað um liðin sem taka þátt í HM og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina.
▶ **19.50 Iceland Expressdeildin** (Iceland Express deildin í körfu 2006) Bein útsending frá Iceland Expressdeildinni í körfubolta.
**21.40 Saga HM** (1958 Svíþjóð)

**23.10** Fifth Gear **23.40** Iceland Expressdeildin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Spider-Man 2 (Bönnuð börnum) **8.05** Greenfingers **10.00** Try Seventeen **12.00** Beethoven's 5th **14.00** Greenfingers **16.00** Try Seventeen **18.00** Beethoven's 5th **20.00** **Spider-Man 2** Bönnuð börnum. **22.05** **Road House** Dalton er besti útkastarinn í bransanum. Kvöldin hjá honum einkennast af hasar, brjálaðri tónlist og fallegum konum. (Str. b. börnum) **0.00** The Anniversary Party (B. börnum) **2.00** Super Troopers (Str. b. börnum) **4.00** Road House (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Soup **13.00** Hollywood Baby Boom 2 **14.00** Reese Witherspoon: Hollywood's Golden Girl **15.00** What Hollywood Taught Us About Sex **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** Jennifer Aniston: America's Sweetheart **20.00** 101 Craziest TV Moments **21.00** The Soup **21.30** Divas Gone Bad **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** Divas Gone Bad **23.30** Party @ the Palms **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Jennifer Aniston: America's Sweetheart **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **8.00** Stuðningsmannaþátturinn ÑLiðið mittî (e) **14.00** Charlton – Newcastle frá 26.03 **16.00** Aston Villa – Fulham frá 25.03 **18.00** Man. Utd. – West Ham

**20.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"**
**21.00 Wigan – West Ham frá 25.03**

**23.00** Chelsea – Man. City frá 25.03 **1.00** Dagskrárlok



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Meistarinn **Stöð 2** kl. 20.05

*Lögðu smið og dómara að velli*



Síðasta viðureignin í 16 manna úrslitum fer fram í kvöld en þar munu Inga Þóra Ingvarsdóttir og Friðbjörn Eiríkur Garðarsson mætast. Inga Þóra, sem er sagnfræðingur að mennt, var sú fyrsta til að tryggja sér sæti í 16 manna úrslitum er hún lagði Þorvald Þorvaldsson smið að velli. Friðbjörn Eiríkur lögmaður vakti ekki minni athygli þegar hann gerði sér lítið fyrir og sigraði sjálfan Stefán Pálsson, fyrrum Gettu betur-keppanda og -dómara, í fyrstu umferð. Inga Þóra er eina konan sem eftir er í Meistaranum og verður spennandi að sjá hvort hún heldur þeirri stöðu áfram.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 5 | 8 | | 3 |
| | 4 | | | 7 | | | 1 | |
| | | 9 | | | 4 | | 5 | |
| | | | | | | | 7 | 1 |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 6 | 3 | | | | | | | |
| | 1 | | 2 | | | 6 | | |
| | 5 | | | 4 | | | 9 | |
| 3 | | 6 | 1 | | | | 2 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 7 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 6 | 5 | 3 | 2 | 8 |
| 7 | 4 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 3 | 1 |
| 6 | 3 | 2 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 3 | 6 | 9 | 7 |
| 4 | 9 | 1 | 8 | 3 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 |



**09.00** *Fréttir*

FRÉTTAVAKTIN FYRIR HÁDEGI

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjón fréttastofu NFS.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.03** Laufskálinn **9.45** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Útvarpsleikhúsið: Ifigenía í Orem

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.10** Gettu betur **21.10** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær sjónvarpsstöðin Sýn en í ágúst hefst þar nýr raunveruleikaþáttur þar sem íslenskum „nördum“ gefst tækifæri til að bæta við sig kunnáttu í knattspyrnu.*

# Helgin okkar...

**Morgunmatur:** Ef þú hefur ekki smakkað lífræna jógúrt með mangóbragði þá verður þú að prófa þessa dásemd.

**Hreyfingin:** Farðu í sund og syntu að minnsta kosti kílómetra. Vertu í flottum sundbol og gættu þess að gleyma ekki blöðkunum, þær hjálpa þér að komast hraðar og svo auka þær líka brennsluna.

**Sýningin:** Skokkaðu upp á Gyllinhæð á Laugaveginum þar sem nemendur á 2. ári í Listaháskóla Íslands sýna verk sín.



**Leikritið:** Upplifðu alvöru nostalgíu við að sjá klassíkerinn Litlu hryllingsbúðina sem Leikfélag Akureyrar sýnir þessa dagana.



**Hádegisverðurinn:** Farðu á Mokka og upplifðu gömlu stemninguna á meðan þú kjamsar á samloku með skinku, osti og aspas. Dásamlegt alveg hreint.

**Bíómyndin:** Kíktu á nýjustu mynd Natalie Portman, V for Vendetta. Hún er víst góð skemmtun og svo rakar Natalie líka kollinn á sér í myndinni.

**Tónleikarnir:** Benni Hemm Hemm, Borko og Seabear í Gyllta salnum, Hótel Borg á föstudaginn. Ávísun á gott kvöld.

**Veitingahúsið:** Farðu á Caruso og pantaðu þér sjávarfang dagsins. Þú verður ekki fyrir vonbrigðum.

**CD:** Það er ekki úr vegi að hita upp fyrir komu Ray Davies og skella góðum Kinks-diski í tækið. Prófaðu diskinn The Village Green Preservation Society. Hann er himneskur.

**Heimasíðan:** Farðu á www.overheardinnewyork.com og lestu óborganlegar tilvitnanir frá alvöru New York búum.






LÁRÉTT
**2** læra **6** tveir eins **8** málmur **9** röð **11** tónlistarmaður **12** átölur **14** yfirstéttar **16** tölvuverslun **17** hlaup **18** for **20** tveir eins **21** krakki.

LÓÐRÉTT
**1** dreifa **3** tveir eins **4** land **5** struns **7** matjurt **10** óvild **13** tækifæri **15** óhapp **16** hryggur **19** kyrrð.

LAUSN

**LÁRÉTT: 2** lesa, **6** tt, **8** eir, **9** röð, **11** kk, **12** ámæli, **14** aðals, **16** bt, **17** gel, **18** aur, **20** yy, **21** krói.
**LÓÐRÉTT: 1** strá, **3** ee, **4** sikiley, **5** ark, **7** tómatur, **10** fæð, **13** lag, **15** slys, **16** bak, **19** ró.

Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**BENEDIKT KRISTJÁNSSON** Íslenskir bóksalar og bókaútgefendur fara ótroðnar slóðir þegar þeir kynna íslenskar bækur.

VIKA BÓKARINNAR: LANDSMENN FÁ ÓVÆNTA GJÖF

# Þúsund króna ávísun inn á hvert heimili

Félag íslenskra bókaútgefanda í samstarfi við íslenska bóksala ætlar að gefa hverju heimili í landinu ávísun upp á þúsund krónur í tilefni af viku bókarinnar sem er frá 19. apríl til 23. apríl. Ef miðað er við að hundrað þúsund heimili séu á Íslandi er ljóst að upphæðin mun nema rúmum hundrað milljónum íslenskra króna. Félag íslenskra bókaútgefanda leggur til 50 milljónir og bóksalar hinar 50 en nokkur fyrirtæki munu enn fremur leggja sitt á vogarskálarnar til að verkefnið nái fram að ganga. Ávísunin mun gilda á allar íslenskar bækur og mun þetta sögulega tilboð standa til þriðja maí.

Benedikt Kristjánsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda, var í óða önn að gera upp eftir bókamarkaðinn en sagði að svo yrði farið í þetta verkefni af fullum krafti en ekki væri byrjað að blása í neina herlúðra enn sem komið væri. „Þann 23. apríl er alþjóðlegur dagur bókarinnar en við höfum haft þann háttinn á að vera með viku bókarinnar,“ útskýrir Benedikt en þá hafa allir þeir sem koma nálægt bókaútgáfu slíðrað sverðin og tekið saman höndum við að kynna íslenskar bókmenntir. Fjöldi listamanna hefur yfirleitt verið fenginn til að kynna þessa viku en nú fá landsmenn auglýsinguna senda beint heim til sín. „Undanfarin ár höfum við viljað einbeita okkur að börnum og unglingum enda viljum við hvetja þau til að lesa meira eða að lesið sé meira fyrir þau,“ bætir hann við. „Þá höfum við enn fremur verið með sérvaldar bækur sem ekki hafa alltaf höfðað til allra og með þessu getur fólk hreinlega valið sjálft,“ segir Benedikt.

Verðið er að leggja drög að dagskránni og má reikna með að skáld verði fengið til að semja ávarp í tilefni af vikunni. „Við ætlum að sjá til hvernig þetta gengur og ef vel tekst til er ekki útilokað að þetta verði gert að ári aftur,“ segir Benedikt sem vonast auðvitað til þess að þjóðin taki vel í gjöfina.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Linda Pétursdóttir**, alheimsfegurðardrottning og auglýsandi og markaðsstjóri Iceland Spa, mun á hverjum föstudegi sjá um stutt innslag í þættinum Á milli sex og sjö sem Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson stjórna. Þar mun hún, ásamt Kristínu Stefánsdóttur stofnanda No Name, fjalla um allt milli himins og jarðar en þær stöllur munu bregða upp nýrri sýn á daglega og hversdagslega hluti. Samkvæmt því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta frumraun hjá Lindu Pé og Kristínu í sjónvarpi. Reyndar er þetta ekki í fyrsta skipti sem við Íslendingar höfum alheimsfegurðardrottningu sem þáttastjórnanda því Unnur Birna stjórnaði sem kunnugt er Sjáðu á Sirkus en sá þáttur var fljótlega tekinn af dagskrá.



Síðasta sextán liða rimman í Meistaranum, þætti Loga Bergmanns, verður háð í kvöld en þá keppa Inga Dóra Ingvarsdóttir og Friðbjörn Eiríkur Garðarsson. Þau kepptu bæði í undankeppninni og ættu því að vera orðin þaulvön leiknum. Áður munu þó sexmenningarnir í Strákunum keppa í spurningakeppni en þeir eru þekktir fyrir allt annað en gáfuleg uppátæki. Gömlu strákarnir, Auddi, Sveppi og Pétur, keppa á móti þeim Huga, Atla og Gunnari en væntanlega verður hart barist enda má búast við því að þeir sem tapa þurfi að framkvæma enn eina vitleysuna. -fgg



35% Afsláttur
Af öllum Humri
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Útilokar ekki endurkomu

Bak við böndin er nýr tónlistarþáttur sem fer í loftið þriðja apríl á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Í honum fylgjast plötusnúðarnir Ellen og Erna með hljómsveitum landsins á ferð og flugi hérlendis. Hugmyndin er upphaflega komin frá þeim stelpum en þær brugðu á það ráð að fá reynsluboltann Dóru Takefusa til liðs við sig.

Dórastarfar hjáalmannatengslafyrirtækinu Forever Entertainment og hefur skipulagt viðburði auk þess sem fyrirtækið sinnir alhliða framleiðslu í afþreyingariðnaðinum. „Í upphafi var þetta stofnað sem sjónvarpsframleiðslufyrirtæki en það hefur eitthvað misskilist,“ segir Dóra sem var nýbúin að jafna sig eftir smá veikindi og var að keyra með dóttur sinni þegar Fréttablaðið náði tali af henni. „Ég framleiddi allt sjálf á mínum síðustu árum og þekki þetta því mjög vel,“ bætir hún við, en Dóra mun nú vinna með gömlum starfsbróður frá árunum á Skjá einum, en Árni Þór Vigfússon er sem kunnugt er sjónvarpsstjóri Sirkus. „Það hefur reyndar ekkert með mína aðkomu að gera enda vildu þær Ellen og Erna fara með þáttinn yfir á stöðina,“ segir hún.

Dóra hefur verið fyrir framan myndavélarnar frá fimmtán ára aldri og voru margir sem söknuðu hennar þegar hún ákvað að gefa þeim smáfrí. „Annars var tíminn fyrir framan myndavélina aukaatriði, meirihlutinn fór í að fá viðmælendur, klippa og þar fram eftir götunum,“ útskýrir hún en Dóra útilokar þó ekki að hún muni snúa aftur á skjáinn. - fgg



**DÓRA TAKEFUSA** Framleiðir nýjan tónlistarþátt fyrir sjónvarpsstöðina Sirkus sem plötusnúðarnir Ellen og Erna stjórna.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Málum
fyrir Páska
Hjá Múrbúðinni færðu gæðamálningu á verði sem slær öll met.
100% AKRÝL
Allir litir
10 lítrar
DEKACRYL7 Innimálning
Kr. 2.679,-
100% AKRÝL
10 lítrar
DEKAPRO 10 Innimálning
Kr. 3.194,-
100% AKRÝL
10 lítrar
DEKAPRO 02 Loftamálning
Kr. 2.394,-
10 lítrar
DEKATAK Multigrunnur
Kr. 2.250,-
100% AKRÝL
4 lítrar
DEKAPRO 20 Innimálning
Kr. 1.942,-
Scala
Mästarlack 40 V
1 líter
Masterlack Lakkmálning
Kr. 799,-
DEKA Rock
KNAUF
28 kg
DEKAROCK Samskeytaspartl
Kr. 1.390,-
SPECTER bakki og rúlla
Kr. 499,-
Dalapro
medium
3 lítrar
Dalapro spartl Kr. 795,-
Kítti Kr. 175,-
Málningarlímband Kr. 224,-
Múrbúðin hefur ekkert að fela og auglýsir allar vörur með verði en ekki aðeins afsláttarprósentum.
Gerið samanburð á verði og gæðum
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**







**BAKÞANKAR**
JÓNS GNARR

## ÞJÓNUSTA

Þjónusta nýtur vaxandi virðingar á Íslandi. Fyrirtæki og stofnanir leggja mikið á sig til að efla þjónustu sína og kenna starfsfólki að þjónusta. Íslendingar eru að vakna til meðvitundar um það að þjónusta er ekki aukaatriði í viðskiptum heldur aðalatriðið.

**MARGIR** hafa fordóma fyrir þjónustu og finnst þeir taka niður fyrir sig að þjónusta. Þjónusta er hæfni í mannlegum samskiptum. Hún er æðsta stig mannlegra samskipta. Það skiptir ekki höfuðmáli *hvað* þú gerir heldur *hvernig* þú gerir það. Þjónusta gengur út á að umgangast fólk af næmni, virðingu og kærleika.

**ÁÐUR** en Jesús borðaði síðustu kvöldmáltíðina með lærisveinum sínum ákvað hann að sýna þeim í verki hvað það væri sem virkilega skipti mestu máli í lífinu. Hann gerði það með því að þvo fætur þeirra allra. Við erum að tala um tólf kalla með mjög skítuga fætur sem voru búnir að labba mikið á opnum sandölum síðan síðasta fótabað átti sér stað. Þeim fannst fyrir neðan allar hellur að Jesús færi að skrúbba á þeim bífurnar. (Og við erum ekki að tala um fótanudd, heldur alvöru þvott með sápu og vatni). En Jesús sagði við þá: „Sá sem vill vera mestur allra, sé minnstur allra og þjónn allra,“ og það var von hans að með því að þvo fætur þeirra myndu þeir vilja þvo fætur hvers annars.

**ÞJÓNUSTA** er ekki eitthvað sem við gerum bara í vinnunni. Hún snýst um afstöðu okkar til lífsins. Þjónusta er að finnast vænt um fólk og langa til að gera eitthvað fyrir það. Sá sem tileinkar sér þjónustu mun alltaf hafa eitthvað fyrir stafni. Það verður *aldrei* skortur á ringluðu og áttaviltu fólki sem vantar aðstoð.

**ÞAÐ** besta við þjónustuna er að sá sem veitir hana ber meira úr býtum en sá sem þiggur hana. Það er sælla að gefa en þiggja, þótt það líti ekki alltaf út fyrir það. Sá sem gefur pakka fær meira en sá sem fær pakka. Þiggjandinn fær aðeins tímabundna gleði eftir innihaldi pakkans. Sú gleði varir stutt og breytist fljótlega í gremju ef innihaldið bilar, týnist eða skemmist. En gefandinn uppsker góða tilfinningu og bætta sjálfsmynd sem bara vex ef hann heldur áfram að gefa. Þjónusta er lykillinn að hamingjunni. Þvoum fætur hvers annars.





